



Ráðhús Reykjavíkur
Borgarráð

Efni: Tillaga um breytingar á skóla- og frístundastarfi í norðanverðum Grafarvogi

Á fundi skóla- og frístundaráðs þann 12. nóvember 2019 var lögð fram svohljóðandi tillaga skóla- og frístundaráðsfulltrúa Samfylkingarinnar, Viðreisnar og Pírata ásamt minnisblaði sviðsstjóra skóla- og frístundasviðs, dags. 8. nóvember 2019, umsögn skólaráðs Vættaskóla, dags. 6. nóvember 2019, umsögn skólaráðs Kelduskóla, dags. 5. nóvember 2019, umsögn foreldrafélags Vættaskóla, dags. 7. nóvember 2019, umsögn foreldrafélags Kelduskóla, dags. 6. nóvember 2019, fyrri tillögu skóla- og frístundaráðsfulltrúa Samfylkingarinnar, Viðreisnar og Pírata um skóla- og frístundastarf í norðanverðum Grafarvogi, álit borgarlögmans um ráðgerðar breytingar á skóla- og frístundastarfi í norðanverðum Grafarvogi, dags. 8. nóvember 2019, skýrslu starfshóps um framtíðarskipulag skóla- og frístundastarfs í norðanverðum Grafarvogi, dags. 1. júní 2019 og umsögn umhverfis- og skipulagssviðs um tillögu starfshópsins, dags. 16. október 2019:

Lagt er til að skólahald í norðanverðum Grafarvogi verði með þeim hætti frá og með upphafi skólaárs 2020-2021 að tveir grunnskólar verði fyrir nemendur í 1.-7. bekk, annar í Borgum og hinn í Engi. Einn unglingaskóli verði í Vík fyrir 8. – 10. bekk. Skólastjóri verði í hverjum skóla. Skólarnir taki upp sín fyrri nöfn, þ.e. Borgaskóli, Engjaskóli og Víkurskóli.

Skólahald verði aflagt í starfsstöðinni Korpu þar til fjöldi barna í Staðahverfi á aldrinum 6 – 12 ára (1. – 7. bekk) hefur náð 150 nemendum. Ákvörðun um áframhald skólahalds fyrir börn í Staðahverfi verði þá endurskoðuð í nánú samstarfi við foreldra og íbúa Staðahverfis. Fram að þeim tíma tilheyri Staðahverfi skólahverfi Engjaskóla á yngra og miðstigi og Víkurskóla á unglingastigi. Nemendur á yngra og miðstigi í Víkurskóla tilheyri skólahverfi Borgaskóla. Foreldrar/forsjáraðilar geti óskað eftir því að börn þeirra gangi í annan skóla sem þau kjósa og verði það hlutverk skólastjóra að koma til móts við slíkar óskir, svo fremi sem húsrúm leyfir. Umhverfisvænn skólaakstur verði fyrir börn í 1. – 4. bekk í Staðahverfi í Engjaskóla frá Korpuskóla. Nemendur á mið- og unglingastigi í Staðahverfi hafi val um það að fá skólaakstur eða ókeypis strætókort til afnota að eigin vali.

Frístundaheimili verði starfrækt í Borgaskóla og Engjaskóla og þar fari einnig fram félagsmiðstöðvastarf fyrir 10-12 ára nemendur. Félagsmiðstöð unglunga verði starfrækt í Víkurskóla.

Tryggðar verði samgöngubætur til þess að auka umferðaröryggi gangandi og hjólandi vegfarenda og til að tengja betur öll hverfi í norðanverðum Grafarvogi.

- Göngu- og hjólaleiðir verði bættar til að gera skóla-, frístunda- og íþróttastarf aðgengilegra fyrir íbúa í öllum norðanverðum Grafarvogi.
- Undirgöng eða ámóta örugg göngu- og hjólaleið verði sett við Strandveg/Víkurveg á milli Garðsstaða og Breiðavíkur.
- Sett verði upp gönguljós og þrenging götu við Mosaveg.
- Unnið verði að úrbótum á almenningsgöngum í samstarfi við Strætó b.s., með áherslu á fjölgun bíðstöðva og tíðari ferðir.

Gerðar verði breytingar á hverfamörkum skólanna til að tryggja gott jafnvægi nemendafjölda í skólunum.

Lögð er áhersla á að leitað verði leiða til að húsnæði Korpu nýtist áfram í skóla- og frístundastarf, með það að markmiði að foreldrar hafi val um skóla- og frístundaúrræði fyrir börn sín. Í því sambandi verði m.a. leitað eftir áhuga sjálfstætt starfandi skóla og byggingin kynnt fyrir þeim aðilum sem vilja hefja þar starfsemi.

Lagt er til að innleiðingarhópar verði skipaðir til að vinna að markvissri og farsælli innleiðingu breytinganna, einn hópur fyrir hvern skóla/frístundaheimili/félagsmiðstöð og einn yfirhópur sem tryggi að samfella skapist í skipulagi skólahalds, frístundastarfs og samgöngumála. Innleiðingarhóparnir starfi að minnsta kosti til ársloka 2022. Innleiðingarhópur hvers skóla/frístundaheimilis/félagsmiðstöðva verði skipaður fulltrúum skólastjórnenda, kennara, nemenda og foreldra, frístundaheimila/félagsmiðstöðvar, og fulltrúum skóla- og frístundasviðs. Í yfirhópi verði fulltrúar skólastjórnenda, foreldra, kennara, stjórnendateymis Gufunesbæjar og fulltrúar skóla- og frístundasviðs. Lögð verði fram tillaga um skipan einstaklinga í innleiðingarhópana eigi síðar en á fundi skóla- og frístundaráðs 10. desember 2019. Í vinnunni verði sérstaklega hugað að breytingum í starfsmannahaldi og stefnt að því að eðlileg starfsmannavelta leysi sem mest af breytingunum og tryggt sé að öllum starfsmönnum bjóðist áfram starf hjá skóla- og frístundasviði. Sviðsstjóra er jafnframt falið að vinna að ráðningum stjórnenda skólanna þriggja og frístundaheimila og félagsmiðstöðvar og kynna fyrir skóla- og frístundaráði í janúar 2020.

Greinargerð fylgdi.

Tillagan var samþykkt með fjórum atkvæðum skóla- og frístundaráðsfulltrúa Samfylkingarinnar, Viðreisnar og Pírata gegn þremur atkvæðum skóla- og frístundaráðsfulltrúa Sjálfstæðisflokksins og vísað til borgarráðs.

Skóla- og frístundaráðsfulltrúar Samfylkingarinnar, Viðreisnar og Pírata lögðu fram svohljóðandi bókun:

Tillagan um breytingar á skólahaldi í norðanverðum Grafarvogi byggir á faglegum, félagslegum og fjárhagslegum rökum sem fram komu í skýrslu starfshóps fagfólks sem hafði skýrt markmið - að bæta menntun og félagslegan aðbúnað nemenda. Á fundinum í dag var lagt fram álit borgarlögmanns sem undirstrikar að gagnrýni sem hefur verið áberandi í opinberri umræðu er reist á mjög veikum grunni, s.s. um að áformin kalli á breytingar á deiliskipulagi eða séu líkleg til að skapa borginni skaðabótaskyldu. Borgarlögmaður telur hvorugt vera fyrir hendi. Þá kemur vel fram í minnisblaði sviðsins að mikil fækkun nemenda á undanförunum árum í Korpu stafar

ekki af ákvörðunum borgaryfirvalda heldur vali foreldra og forráðamanna. Meirihlutinn þakkar skólaráðum Kelduskóla og Vættaskóla fyrir margar góðar ábendingar í umsögnum þeirra sem munu fá faglega og góða umfjöllun í þeirri vinnu innleiðingarhópanna sem framundan er. Mikil áhersla verður lögð á að tryggja fjármagn til þeirra brýnu samgöngubóta sem eru mikilvæg forsenda breytinganna því þær miða að því að tryggja öryggi þeirra nemenda sem velja að fara fótgangandi eða hjólandi í skólann. Skólaakstur verður tryggður fyrir þau börn úr Staðarhverfi sem velja þann kost.

Skóla- og frístundaráðsfulltrúar Sjálfstæðisflokksins lögðu fram svohljóðandi bókun:

Fulltrúar Sjálfstæðisflokks leggja á mótum fyrirhuguðum tillögum um breytingar á skólastarfi í norðanverðum Grafarvogi. Ekkert raunverulegt samráð hefur átt sér stað við foreldra, nemendur og starfsfólk skólanna en það vitna umsagnir, greinaskrif og tölvupóstur frá skólasamfélaginu um. Þá hafa nemendur bent á að lýðræðisleg aðkoma þeirra sé ekki virt og einn nemandi sá ástæðu til að stíga fram í fjölmíðlum til að tjá skoðun sína og biðla til skólayfirvalda í borginni um að loka ekki skólanum. Ekkert er hlustað á vilja allra þessara aðila og keyra á þessa ákvörðun í gegn þvert á vilja íbúa. Að auki hafa fulltrúar minnihlutans í borgarstjórn komið með ýmsar tillögur til að tryggja áframhaldandi skólastarf s.s. samrekstur leik- og grunnskóla, fjölgun árganga í skólanum og að byggð verði þétt í Staðahverfi. Ekkert hefur heldur verið hlustað á þessar hugmyndir. Það ætti að vera sjálfsagður hlutur að til staðar sé skóli í hverju hverfi enda um lögboðna þjónustu að ræða. Það skýtur svolítið skökku við að á sama tíma og verið er að leggja niður skóla í einu hverfi er verið að fara í hönnunarsamkeppni með skóla í hverfi sem enn er ekki til s.s. nýtt hverfi í Skerjafirði.

Skóla- og frístundaráðsfulltrúar Samfylkingarinnar, Viðreisnar og Pírata lögðu fram svohljóðandi bókun:

Mikið hefur verið lagt upp úr því að leita álits og tillagna frá íbúum, nemendum, starfsfólki og stjórnendum og var það hluti af starfi starfshóps sem skipaður var til að fara yfir málið og koma með tillögum. Eins og fram hefur komið hefðu tillögur á borð við fjölgun árganga eða samrekstur við leikskóla, ekki leyst þau undirliggjandi vandamál sem tengjast stærð bekkjardeilda og viðkvæmrar félagslegrar stöðu. Eins er ljóst að þegar byggja á ný hverfi þarf að hanna þær byggingar sem í þeim eiga að rísa áður en ráðist er í þær framkvæmdir.

Skóla- og frístundaráðsfulltrúar Sjálfstæðisflokksins lögðu fram svohljóðandi bókun:

Fulltrúar Sjálfstæðisflokksins í skóla- og frístundaráði minna á álit frá umboðsmanni Alþingis sem segir „Af framangreindu svari umhverfis- og auðlindaráðuneytisins tel ég mega ráða að það sé afstaða þess að það hafi kallað á breytingu á deiliskipulagi að fella niður skólalagd í grunnskóla Staðahverfis í 8. – 10. bekk og flytja það í grunnskóla Víkurhverfis.“ Enn fremur kemur fram í minnisblaði borgarlögmanns R08100274: „Deiliskipulag er þannig ígildi lagasetningar“. Þannig er ljóst að fara þarf í breytingar á deiliskipulagi í fjórum hverfum í norðanverðum Grafarvogi áður en farið er í þessar breytingar. Að öðrum kosti væri verið að brjóta á íbúum vegna þess að í skipulagsmarkmiðum deiliskipulags Staðahverfis segir að búa eigi íbúum meðal annars aðlaðandi umhverfi, umferðaröryggi og „aðgang að grunnskóla“.

Áheyrnarfulltrúar kennara og skólastjóra í grunnskólum í skóla- og frístundaráði lögðu fram

svohljóðandi bókun:

Áheyrnarfulltrúar kennara og skólastjórnenda í skóla- og frístundaráði áréttu að þeir telja að undirbúningsvinna að ákvarðanatöku um framtíðarskipan skólamála í norðanverðum Grafarvogi hafi verið fagleg með nauðsynlegri þátttöku kennara og stjórnenda. Ákvarðanatökan um þær tillögur sem lagðar voru samhljóða fram er svo ráðsins. Öll áform velta á innleiðingu og fjármögnun hennar. Þar mun ráðast hvernig tekst til í þessu verkefni eða ekki. Til að tryggja það verða fyrirhuguð innleiðingarteymi að vera skipuð fagfólki skólanna enda teljum við það lykilinn að góðum árangri. Þróunarvinna nýrra skóla er unnin í skapandi teymisvinnu væntanlegra kennara og stjórnenda en ekki með miðstýringu. Það er jafnframt undirtónn nýrrar menntastefnu sem innleidd verður í þessum skólum samhliða þróun þeirra. Tryggja þarf fjármögnun þeirra skóla sem stofnaðir verða og að stoðkennsla, stuðningur og valver, kennsla nemenda barna með erlendan uppruna sé í samræmi við þarfagreiningu sem byggir á mati umsjónarkennara námshópa og skólastjórnenda. Tryggja þarf að skólarnir séu mannaðir fagfólki og að vandað sé við val á stjórnendum með þekkingu og færni í mannauðsmálum nýrra skóla. Fjármögnun vegna tækjakosts, húsbúnaðar og húsnæðisbreytinga verður að vera tryggð. Þá þarf að tryggja að öll sú nauðsynlega undirbúningsvinna væntanlegra kennara og stjórnenda á þessu skólaári sé fjármögnuð. Látum hina afgerandi niðurstöðu skýrslu Innri endurskoðunar um vanfjármögnun grunnstoða skólanna verða leiðarljós hér við upphaf þriggja skóla. Þá aðeins má vænta farsællrar niðurstöðu við sköpun nýrra framúrskarandi skóla í Grafarvogi.

Tillögunni er hér með vísað til borgarráðs.

Virðingarfyllt



Helgi Grimsson

sviðsstjóri skóla- og frístundasviðs

Hjálagt:

Tillaga ásamt greinargerð

Minnisblað sviðsstjóra, dags. 8. nóvember 2019

Umsögn skólaráðs Vættaskóla, dags. 6. nóvember 2019

Umsögn skólaráðs Kelduskóla, dags. 5. nóvember 2019

Umsögn foreldrafélags Vættaskóla, dags. 7. nóvember 2019

Umsögn foreldrafélags Kelduskóla, dags. 6. nóvember 2019

Fyrri tillaga skóla- og frístundaráðsfulltrúa Samfylkingar, Viðreisnar og Pírata um skóla- og frístundastarf í norðanverðum Grafarvogi frá 22. okt. 2019

Álit borgarlögmans, dags. 8. nóvember 2019

Skýrsla starfshóps, júní 2019

Umsögn umhverfis- og skipulagssviðs, dags. 16. október 2019

Tillaga skóla- og frístundaráðsfulltrúa Samfylkingarinnar, Viðreisnar og Pírata um skóla- og frístundastarf í norðanverðum Grafarvogi

Lagt er til að skólahald í norðanverðum Grafarvogi verði með þeim hætti frá og með upphafi skólaárs 2020-2021 að tveir grunnskólar verði fyrir nemendur í 1.-7. bekk, annar í Borgum og hinn í Engi. Einn unglingaskóli verði í Vík fyrir 8. – 10. bekk. Skólastjóri verði í hverjum skóla. Skólarnir taki upp sín fyrri nöfn, þ.e. Borgaskóli, Engjaskóli og Víkurskóli.

Skólahald verði aflagt í starfsstöðinni Korpu þar til fjöldi barna í Staðahverfi á aldrinum 6 – 12 ára (1. – 7. bekk) hefur náð 150 nemendum. Ákvörðun um áframhald skólahalds fyrir börn í Staðahverfi verði þá endurskoðað í nánú samstarfi við foreldra og íbúa Staðahverfis. Fram að þeim tíma tilheyrir Staðahverfi skólahverfi Engjaskóla á yngra og miðstigi og Víkurskóla á unglingastigi. Nemendur á yngra og miðstigi í Víkurskóla tilheyrir skólahverfi Borgaskóla. Foreldrar/forsjáraðilar geti óskað eftir því að börn þeirra gangi í annan skóla sem þau kjósa og verði það hlutverk skólastjóra að koma til móts við slíkar óskir, svo fremi sem húsrúm leyfir. Umhverfissvænn skólaakstur verði fyrir börn í 1. – 4. bekk í Staðahverfi í Engjaskóla frá Korpuskóla. Nemendur á mið- og unglingastigi í Staðahverfi hafi val um það að fá skólaakstur eða ókeypis strætókort til afnota að eigin vali.

Frístundaheimili verði starfrækt í Borgaskóla og Engjaskóla og þar fari einnig fram félagsmiðstöðvastarf fyrir 10-12 ára nemendur. Félagsmiðstöð unglunga verði starfrækt í Víkurskóla.

Tryggðar verði samgöngubætur til þess að auka umferðaröryggi gangandi og hjólandi vegfarenda og til að tengja betur öll hverfi í norðanverðum Grafarvogi.

- Göngu- og hjólaleiðir verði bættar til að gera skóla-, frístunda- og íþróttastarf aðgengilegra fyrir íbúa í öllum norðanverðum Grafarvogi.
- Undirgöng eða ámóta örugg göngu- og hjólaleið verði sett við Strandveg/Víkurveg á milli Garðsstaða og Breiðavíkur.
- Sett verði upp gönguljós og þrenging götu við Mosaveg.
- Unnið verði að úrbótum á almenningssamgöngum í samstarfi við Strætó b.s., með áherslu á fjölgun biðstöðva og tíðari ferðir.

Gerðar verði breytingar á hverfamörkum skólanna til að tryggja gott jafnvægi nemendafjölda í skólunum.

Lögð er áhersla á að leitað verði leiða til að húsnaði Korpu nýtist áfram í skóla- og frístundastarf, með það að markmiði að foreldrar hafi val um skóla- og frístundaúræði fyrir börn sín. Í því sambandi verði m.a. leitað eftir áhuga sjálfstætt starfandi skóla og byggingin kynnt fyrir þeim aðilum sem vilja hefja þar starfsemi.

Lagt er til að innleiðingarhópar verði skipaðir til að vinna að markvissri og farsælli innleiðingu breytinganna, einn hópur fyrir hvern skóla/frístundaheimili/félagsmiðstöð og einn yfirhópur sem tryggi að samfella skapist í skipulagi skólahalds, frístundastarfs og samgöngumála. Innleiðingarhóparnir starfi að minnsta kosti til ársloka 2022. Innleiðingarhópur hvers skóla/frístundaheimilis/félagsmiðstöðva verði skipaður fulltrúum skólastjórnenda, kennara, nemenda og foreldra, frístundaheimila/félagsmiðstöðvar, og fulltrúum skóla- og frístundasviðs. Í yfirhópi verði fulltrúar skólastjórnenda, foreldra, kennara, stjórnendateymis Gufunesbæjar og fulltrúar skóla- og frístundasviðs. Lögð verði fram tillaga um skipan einstaklinga í

innleiðingarhópana eigi síðar en á fundi skóla- og frístundaráðs 10. desember 2019. Í vinnunni verði sérstaklega hugað að breytingum í starfsmannahaldi og stefnt að því að eðlileg starfsmannavelta leysi sem mest af breytingunum og tryggt sé að öllum starfsmönnum bjóðist áfram starf hjá skóla- og frístundasviði. Sviðsstjóra er jafnframt falið að vinna að ráðningum stjórnenda skólanna þriggja og frístundaheimila og félagsmiðstöðvar og kynna fyrir skóla- og frístundaráði í janúar 2020.

Greinargerð

Tillaga sú sem hér er lögð fram er í öllum meginatriðum samhljóða þeirri tillögu sem skóla- og frístundaráðsfulltrúar Samfylkingarinnar, Viðreisnar og Pírata lögðu fram á fundi ráðsins 18. október 2019.

Tillagan er hér lögð fram með eftirfarandi breytingum:

Bætt er við setningu um að nemendur á yngsta stigi og miðstigi í Kelduskóla-Vík verði hluti af skólahverfi Borgaskóla. Þó er áréttað að foreldrar geti óskað eftir því að börn þeirra fari í annan skóla en tilheyra þeirra skólahverfi og á það við um alla skólana þrjá sem tillagan tekur til. Það verður hlutverk viðkomandi skólastjóra að koma til móts við slíkar óskir svo fremi sem húsrúm leyfir í skólanum.

Í málsgrein um samgöngubætur er bætt við að unnið verði að úrbótum á almenningssamgöngum í samstarfi við Strætó b.s, sem fer með forræði þeirra mála.

Loks er lagt til í málsgrein um innleiðingarhópa að skipan þeirra liggi fyrir eigi síðar en á fundi skóla- og frístundaráðs 10. desember 2019 og að ráðningar stjórnenda liggi fyrir í janúar 2020.

Að öðru leyti er vísað í greinargerð með tillögu skóla- og frístundaráðsfulltrúa Samfylkingar, Viðreisnar og Pírata um skóla- og frístundastarfs í norðanverðum Grafarvogi, sem lögð var fram á fundi skóla- og frístundaráðs þann 22. október 2019 og minnisblað sviðsstjóra dags. 8. nóvember 2019.



MINNISBLAÐ

Viðtakandi: Skóla- og frístundaráð

Sendandi: Helgi Grímsson, sviðsstjóri skóla- og frístundasviðs

Efni: Framtíðarskipulag skóla- og frístundastarfs í norðanverðum Grafarvogi

I Forsaga málsins

Á 155. fundi skóla- og frístundaráðs þann 12. mars 2019 var samþykkt að fela sviðsstjóra skóla- og frístundasviðs að setja af stað starfshóp til að meta og útfæra tillögur um framkvæmd grunnskóla- og frístundastarfs í norðanverðum Grafarvogi, skólahverfum Kelduskóla og Vættaskóla með hagsmunum barna og unglinga í hverfinu að leiðarljósi.

Nemendum í norðanverðum Grafarvogi hafði fækkað verulega síðastliðinn áratug eða um 180 frá 2012. Þar af hafði nemendum í Kelduskóla – Korpu fækkað um meira en helming eða úr 140 árið 2012 í 59 nemendur í dag. Samkvæmt nemendaspá er ekki að sjá fjölgun á nemendum næstu árin og því brýnt að fyrirkomulag skóla- og frístundastarfs í norðanverðum Grafarvogi yrði rýnt og endurskoðað til að tryggja farsælt nám og starf og góða nýtingu mannauðs og húsnæðis.

Starfshópurinn skilaði skýrslu, *Framtíðarskipulag skóla- og frístundastarfs í norðanverðum Grafarvogi*, dags. í júní 2019, sem lögð var fram í skóla- og frístundaráði þann 25. júní 2019. Tillögur starfshópsins voru tvær, annarsvegar að tveir skólar verði fyrir nemendum á yngsta og miðstigi í Borgum og Engi og hinsvegar einn sameinaður unglingskóli í Vík- nýsköpunarskóli. Þar með yrði skólalald aflagt í Kelduskóla-Korpu þar til nemendafjöldi myndi ná 150 nemendum. Síðari tillagan byggði á þeirri forsendu að ráðist yrði í verulega uppbyggingu í Staðahverfi.

Skóla- og frístundaráð samþykkti þann 25. júní 2019 tillögu þess efnis að tillögum sem fram koma í skýrslu starfshópsins yrði vísað til umsagnar umhverfis- og skipulagssviðs Reykjavíkurborgar, þar sem lagt yrði mat á “raunhæfni og fýsileika þess að ráðast í uppbyggingu á þróunarsvæðum í Staðahverfi” og mögulegri tímasetningu uppbyggingar, miðað við bindandi markmið gildandi aðalskipulags.

Í svari umhverfis- og skipulagssviðs Reykjavíkurborgar, dags. 16. október 2019, segir m.a.:

„Það er ljóst að fyrir liggja miklir möguleikar á að þetta íbúðarbyggð víða innan borgarinnar og þróunarreitir sem nú þegar hafa verið skilgreindir gætu jafnvel mætt íbúðarþörf fram til ársins



2050. Vegna þessa er mikilvægt að uppbyggingarsvæðum verði forgangsraðað mjög markvisst í fyrirhugaðri aðalskipulagsbreytingu, í samræmi við ofangreind megin markmið. Í takti við þetta yrði uppbygging á umræddum reitum við Víkurveg og Korpúlfsstaðaveg tæplega sett í forgang á næstu árum. Samkvæmt nýlegu samkomulagi um uppbyggingu samgönguinnviða á höfuðborgarsvæðinu, er gert ráð fyrir því að sá framkvæmdaáfangi Borgarlínu sem nær að Spönginni, verði í fyrsta lagi á dagskrá árið 2029. Á grundvelli þessa er ekki líklegt að ráðist yrði í verulega þéttingu í norðanverðum Grafarvogi fyrir en í kringum 2030.“

Á 173. fundi skóla- og frístundaráðs þann 22. október 2019 lögðu skóla- og frístundaráðsfulltrúar Samfylkingar, Viðreisnar og Pírata um skóla- og frístundastarf í norðanverðum Grafarvogi fram tillögu um fyrirkomulag skólahalds í norðanverðum Grafarvogi sem byggir á tillögu 1 í skýrslu starfshóps um Framtíðarskipulag skóla- og frístundastarfs í norðanverðum Grafarvogi, dags. í júní 2019.

Á fundi skóla- og frístundaráðs þann 22. október 2019 var samþykkt að tillaga um framtíðarskipan skóla- og frístundastarfs í norðanverðum Grafarvogi yrði send til umsagnar skólaráða og foreldrafélaga Vættaskóla og Kelduskóla.

Stjórnendur frá skrifstofu skóla- og frístundasviðs auk fulltrúa úr skóla- og frístundaráði kynntu tillöguna fyrir skólaráðum Vættaskóla og Kelduskóla þann 23. október s.l. og fyrir starfsmönnum Kelduskóla þann 29. október s.l. Starfsmenn frístundaheimila og félagsmiðstöðva í norðanverðum Grafarvogi fengu sambærilega kynningu þann 4. nóvember s.l. og loks starfsmenn Vættaskóla þann 6. nóvember s.l. Verkefnisstjóri Reykjavíkurráðs ungmenna og ungmennaráðanna hélt fund með nemendaráðum Vættaskóla og Kelduskóla til þess að skapa samráðsvettvang fyrir fulltrúa nemenda í skólaráðum skólanna.

II Flutningar nemenda frá Korpu í Kelduskóla-Vík

Mikil umræða hefur skapast um flutninga nemenda á milli Korpuskóla og Víkurskóla og þá sérstaklega hvort þeir flutningar hafi átt upptök sín í ákvörðunum borgaryfirvalda þ.m.t. skóla – og frístundaráðs. Af því tilefni er rétt að áréttta eftirfarandi:

Unglingadeild þáverandi Kelduskóla var flutt, samkvæmt ákvörðun borgaryfirvalda, yfir í Víkurskóla árið 2008 vegna myglu sem kom upp í skólahúsnæðinu. Sú ákvörðun var á sínum tíma kynnt sem tímabundin ráðstöfun en í kjölfar hrunsins kom ekki til þess að unglíngastigið yrði flutt til baka. Ákvörðun um flutning unglíngadeildarinnar í Víkurskóla var ekki tekin á fundi menntaráðs en hins vegar var lögð fram eftirfarandi tillaga fulltrúa meirihluta Sjálfstæðisflokks og Framsóknarflokks í menntaráði 25. september 2008. Tillagan var samþykkt.

„Menntaráð samþykkir að beina því til borgarráðs að byggð verði allt að 300 fermetra fjölnota viðbygging við Korpuskóla, sem verði tilbúin við upphaf skólaárs 2010 -2011.“

Tillaga um viðbyggingu við Korpuskóla var ekki samþykkt í borgarráði og kom ekki til framkvæmda.

Nemendur fæddir 2005 í Kelduskóla-Korpu voru fjórtán í 1. bekk en vegna brottflutnings nemenda úr hverfinu þá fækkaði í hópnum. Í 5. bekk var vitað að nemendur yrðu einungis sjö



í 6. bekk. Til að auka félagslega fjölbreytni hópsins ákvað skólinn í samráði við foreldra að færa þennan nemendahóp yfir í Kelduskóla-Vík þegar þau væru komin upp í 7. bekk.

Nemendur sem fæddir eru 2008 í Kelduskóla-Korpu voru sjö talsins í 1. bekk. Fyrsta ósk foreldra um flutning yfir í Vík kom í 3. bekk og í 5. bekk um áramót var óskað eftir flutningi fyrir seinasta nemendann sem eftir var. Þessir nemendur eru nú í 6. bekk Kelduskóla-Vík. Allir flutningar voru að ósk foreldra. Skóla- og frístundaráð hefur ekki komið að neinum ákvörðunum um flutning nemenda úr Kelduskóla-Korpu í Kelduskóla-Vík frá því ráðið var sett á fót árið 2011.

III Umsagnir skólaráða og foreldrafélaga Vættaskóla og Kelduskóla

Skólaráð Vættaskóla

Í umsögn skólaráðs Vættaskóla, dags. 6. nóvember 2019, kemur fram að skólaráð Vættaskóla samþykki tillöguna en leggi jafnfram fram eftirfarandi ábendingar:

- Skólaráð Vættaskóla vill að tryggt sé að innleiðingarhópar starfi í a.m.k. þrjú ár, til ársins 2023 og það fari fram markvisst mat tvisvar á ári og að því sé fylgt eftir með umbótaáætlunum.
- Skólaráð Vættaskóla leggur áherslu á að samgöngubætur sem fram koma í tillögunni séu framkvæmdar og komnar í gagnið áður skólastarfið hefst, hausið 2020.
- Skólaráð Vættaskóla vill að fjármagn sé tryggt til þess að byggja upp öfluga skóla með þeim tölvubúnaði og tækjum sem fjórða iðnbyltingin kallar á.
- Skólaráð Vættaskóla vill að fjármagn sé tryggt svo öflug stoðþjónusta sé í öllum skólunum og að Valver líkt og starfrækt er í Vættaskóla verði í nýju unglingskóla.
- Skólaráð Vættaskóla vill að búnaður og húsgögn hæfi aldri nemenda í öllum skólunum.
- Skólaráð Vættaskóla óskar eftir því að starfsöryggi starfsfólks sé tryggt innan Grafarvogs.
- Skólaráð Vættaskóla telur mikilvægt að frístundastarfið fái rými í skólanum.

Að öðru leyti er vísað til meðfylgjandi umsagnar skólaráðs Vættaskóla.

Foreldrafélag Vættaskóla

Í umsögn foreldrafélags Vættaskóla, dags. 7. nóvember 2019, kemur fram að mikilvægt sé að gera hagsmunagreiningu þegar fara eigi í breytingar á skóla- og frístundastarfi og kemur fram að í bréfinu sé lögð fram gróf hagsmunagreining út frá þeim sjónarmiðum sem hafi komið fram, sjá nánar í meðfylgjandi bréfi.

Að öðru leyti er vísað til meðfylgjandi umsagnar foreldrafélags Vættaskóla.

Skólaráð Kelduskóla

Í umsögn skólaráðs Kelduskóla, dags. 5. nóvember 2019, kemur fram að skólustjóri, fulltrúar kennara og annar fulltrúi foreldra í skólaráði Kelduskóla séu samþykkir tillögu skóla- og frístundaráðs frá 22. október 2019 um framtíðarskipulag skóla- og frístundastarfs í norðanverðum Grafarvogi. Fram kemur að annar fulltrúi foreldra og fulltrúi grenndarsamfélags hafi skilað séráliti. Í kjölfar fundar fulltrúa nemenda í skólaráði með nemendaráði Kelduskóla



og Vættaskóla unnu fulltrúarnir samantekt og lögðu hana fram á fundi skólaráðsins, sjá meðfylgjandi gögn.

Fram kemur að fulltrúar í skólaráði Kelduskóla vilji meðal annars koma eftirfarandi á framfæri:

Staðið verði við þær úrbætur í samgöngumálum sem fram koma í tillögunni áður en skólastarf hefst í ágúst 2020.

Tryggt verði að nemendur í frístund eigi kost á skólaakstri.

Gæta þurfi þess að það faglega starf sem unnið er daglega í Kelduskóla verði hluti af starfi Borgaskóla, Engjaskóla og Víkurskóla. Er þar sérstaklega horft til leiðsagnarnáms og faglegu samstarfi við leikskólann um kennslu 5 ára nemenda.

Bent er á mikilvægi þess að bæta tölvukost og húsbúnað sem hæfir kennslu sem er verkefna- og hópamiðuð í Nýsköpunarskóla. Mikilvægt er að hver nemandi í 5-10. bekk hafi chromebook til afnota í skólunum. Einnig að nemendur í 1.- 3. bekk hafi aðgengi að viðeigandi tölvukosti.

Komið verði upp tæknistofum þar sem m.a. er aðstaða til myndbanda og hljóðvinnslu. Huga þarf að forritunarkennslu á öllum aldurstigum, bæði í aðskólum og nýsköpunarskólanum. Bæta þarf tölvukost fyrir alla aldurhópa þannig að nemendur verði undirbúnir undir leik og starf á tímum fjórðu iðnbyltingarinnar.

Bæta þurfi starfsaðstöðu kennara og starfsfólks. Huga þarf að aðstöðu félagsmiðstöðva sem samnýtt er með skólunum.

Í séráliti fulltrúa foreldra og fulltrúi grenndarsamfélags sem sitja í skólaráði Kelduskóla, dags. 6. nóvember 2019, vegna umsagnar skólaráðs Kelduskóla kemur meðal annars fram að viðkomandi skili séráliti þar sem ekki ríki samstaða innan skólaráðs um umsögn varðandi tillöguna.

Í sérálitinu kemur meðal annars fram að það sé mat fulltrúanna að fyrrgreindar breytingar séu ekki til þess fallnar að bæta skólastarfið og vinni raunar þvert gegn hagsmunum barna, forelda og allra íbúa í norðanverðum Grafarvogi. Gerð er athugasemd við þann tímaramma sem Reykjavíkurborg hefur til að ráðast í þær samgöngubætur sem nefndar eru í tillögunni og efumst um að þær náist fyrir skólabyrjun haustið 2020.. Þá er einnig bent á að ekki hefur verið hugað framhaldi að því góða samstarfi sem nú er á milli Kelduskóla og leikskólanna Bakka og Hamra og hvernig því verður háttað, en óneitanlega fylgir því líka meiri akstur þegar annar leikskólinn verður við hlið unglingskólans. Fram kemur meðal annars að gerð sé athugasemd við það að mjög óljóst er í tillögunni hvert börn í Víkurhverfi eigi að sækja skóla..

Að öðru leyti er vísað til meðfylgjandi umsagnar skólaráðs Kelduskóla.



Foreldrafélag Kelduskóla

Í umsögn foreldrafélags Kelduskóla, dags. 6. nóvember 2019, kemur fram að það sé mat þeirra að fyrrgreindar breytingar séu ekki til þess fallnar að bæta skólastarfið og vinni raunar þvert gegn hagsmunum þeirra barna sem breytingarnar taka til. Í því sambandi beri að nefna að gríðarlega öflugt og faglegt starf fari fram í Kelduskóla Korpu sem foreldrum og börnum sem sækja skólann sé umhugað um að standa vörð um og efla með öllum tiltækum ráðum. Skólinn sé einn af örfáum þekkingarskólum á landinu og var þess utan verðlaunaður af skóla- og frístundasviði Reykjavíkurborgar fyrir framúrskarandi starf auk þess sem hann var tilnefndur sem einn af fjórum þekkingarskólum í Reykjavíkurborg.

Að öðru leyti er vísað til meðfylgjandi umsagnar foreldrafélags Kelduskóla.

IV. Álit borgarlögmans varðandi deiliskipulag

Skóla- og frístundasvið óskaði eftir álit borgarlögmans á því hvort gera þurfi breytingar á deiliskipulagi í tengslum við ráðgerða aflagningu starfsstöðvarinnar í Korpu. Með bréfi borgarlögmans, dags. 8. nóvember 2019, upplýsir borgarlögmaður um að hann telji að ekki þurfi að breyta deiliskipulagi þegar lögð er af tiltekin starfsemi eða þjónusta sem tilgreind er í deiliskipulagi fyrir viðkomandi svæði. Þannig þurfi ekki að breyta deiliskipulagi áður eða samhliða því að skólahaldi verði hætt í Korpuskóla.

Jafnframt kemur fram í framangreindu bréfi borgarlögmans að með hliðsjón af þeim gögnum sem sviðsstjóri skóla- og frístundasviðs sendi borgarlögmanni með beiðni um álit komi fram að börnum í Staðahverfi muni standa til boða skólaakstur frá Korpuskóla til Engjaskóla. Þá standi til að gera úrbætur á samgöngum milli hverfanna til að auka umferðaröryggi. Með hliðsjón af framangreindu sé það mat borgarlögmans að skaðabótaábyrgð vegna þeirrar ákvörðunar að leggja af skólahald í Korpu sé ekki fyrir hendi.

Að öðru leyti er vísað til meðfylgjandi bréfs borgarlögmans.

V. Fjárhagsleg áhrif

Markmiðið með tillögunni er að auka námslega og félagslega fjölbreytni fyrir börn og unglinga í öflugum starfseiningum sem eru faglega og fjárhagslega sjálfbærar. Breytingarnar fela í sér bættu nýtingu fjármuna og leiða til meira jafnræðis þegar kemur að kostnaði á hvert barn í borginni.

Hagræðing við rekstur skóla- og frístundastarfsemi í norðanverðum Grafarvogi skólaárið 2020-2021 er áætlað rúmar 194 milljónir, sjá sundurliðun hér fyrir neðan.




Hagræðing við rekstur skóla- og frístundastarfsemi í norðanverðum Grafravogi skólaárið 2020-2021 - áætlað	
Launakostnaður	72.969
Innri leiga Korpa	90.565
Rekstur félagsmiðstöðva	11.342
Rekstur frístundaheimila	5.761
Annar rekstrarkostnaður	13.759
Samtals hagræðing	194.396

Kostnaður á hvert barn er mun hærri t.d. í Korpu en gengur og gerist annars staðar í borginni. Engin dæmi eru um svo fámennan grunnskóla á öllu höfuðborgarsvæðinu.

Hér fyrir neðan má sjá sundurliðun á kostnaði vegna starfseininganna Kelduskóli - Korpu og Kelduskóli - Vík. Þar má sjá að kostnaður á hvern nemanda í Korpu er rúmlega 3,4 milljónir á ársgrundvelli á móti tæpri 1,9 milljón á nemanda í Vík. Meðalkostnaður á nemanda í Reykjavík eru rúmar 1,5 milljón á ársgrundvelli.

Kelduskóli – sundurliðun á kostnaði vegna starfseininganna Korpu og Víkur					
	Korpa	Vík	Korpa á hvern nemanda	Vík á hvern nemanda	Reykjavík meðaltal
Laun	105.103	331.142	1.668	1.119	
Innri leiga	90.565	220.892	1.438	746	
Annar rekstrarkostnaður	31.049	27.120	493	92	
Tekjur	-11.419	-20.033	-181	-68	
Nemendafjöldi	63	296			
Meðalkostnaður á hvern nemanda	2.157		3.417	1.889	1.565





Reykjavík 6. nóvember 2019

**Skóla- og frístundasvið Reykjavíkurborgar
bt. Helgi Grímsson**

Í bréfi dagsettu 22. október 2019 var óskað eftir umsögn skólaráðs Vættaskóla um tillögu um framtíðarskipan skóla- og frístundastarfs í norðanverðum Grafarvogi.

Aukaskólaráðsfundur haldinn í Vættaskóla 6. nóvember 2019

Mættir: Þuríður skólastjóri, Gunnar Bessi og María Védís fulltrúar kennara, Sandra Ýr fulltrúi starfsmanna, Kristbjörg og Halla fulltrúar foreldra, Svanhildur María fulltrúi grenndarsamfélags, Embla María fulltrúi nemenda 9. bekkjar og Hinrik og Emilía fulltrúar nemenda í 7. bekk. Vala Nönn ritaði fundargerð


Skólaráð Vættaskóla samþykkir tillöguna og kemur með eftirfarandi ábendingar:

- Skólaráð Vættaskóla vill að tryggt sé að innleiðingarhópar starfi í a.m.k. þrjú ár, til ársins 2023 og það fari fram markvisst mat tvisvar á ári og að því sé fylgt eftir með umbótaáætlunum.
- Skólaráð Vættaskóla leggur áherslu á að samgöngubætur sem fram koma í tillögunni séu framkvæmdar og komnar í gagnið áður en skólastarfið hefst, haustið 2020.
- Skólaráð Vættaskóla vill að fjármagn sé tryggt til þess að byggja upp öflugan skóla með þeim tölubúnaði og tækjum sem fjórða iðnbyltingin kallar á.
- Skólaráð Vættaskóla vill að fjármagn sé tryggt svo öflug stoðþjónusta sé í öllum skólunum og að Valver líkt og starfrækt er í Vættaskóla verði í nýjum unglingaskóla.
- Skólaráð Vættaskóla vill að búnaður og húsgögn hæfi aldri nemenda í öllum skólunum.
- Skólaráð Vættaskóla óskar eftir því að starfsöryggi starfsfólks sé tryggt innan Grafarvogs
- Skólaráð Vættaskóla telur mikilvægt að frístundastarfið fái rými í skólunum.

Annað sem kom fram á fundinum

Fulltrúar nemenda telja að Engjaskóli henti betur sem unglingaskóli heldur enn Vík. Annar fulltrúi foreldra telur að fjórir skólar með 1. – 10. bekk sé betri kostur heldur en það sem kemur fram í tillögunni.

Fyrir hönd skólaráðs Vættaskóla



Þuríður Óttarsdóttir
skólastjóri Vættaskóla

Á fundi skólaráðs 5. nóvember 2019 var tekin til umfjöllunar og umræðu tillaga skóla-og frístundaráðs frá 22. október 2019 um framtíðarskipulag skóla-og frístundastarfs í norðanverðum Grafarvogi.

Niðurstaðan var að eftirtaldir fulltrúar í skólaráði Kelduskóla: skólastjóri, báðir fulltrúar kennara, fulltrúi starfsmanna, annar fulltrúi foreldra eru samþykktir tillögu skóla-og frístundaráðs frá 22. október 2019 um framtíðarskipulag skóla-og frístundastarfs í norðanverðum Grafarvogi. Annar fulltrúi foreldra og fulltrúi grenndarsamfélags skiluðu séráliti, sjá meðfylgjandi gögn. Fulltrúar nemenda í skólaráði skiluðu inn samantekt af fundi sínum með nemendaráði Kelduskóla, sjá meðfylgjandi gögn.

Allir fulltrúar í skólaráði Kelduskóla vilja koma á framfæri eftirfarandi:

Staðið verði við þær úrbætur í samgöngumálum sem fram koma í tillögunni áður en skólastarf hefst í ágúst 2020.

Tryggt verði að nemendur í frístund sem lengst þurfa að fara eigi kost á skólaakstri og akstri í skóla.

Gæta þarf þess að það faglega starf sem unnið er í Kelduskóla verði hluti af starfi Borgaskóla, Engjaskóla og Víkurskóla. Er þar sérstaklega horft til leiðsagnarnáms og faglegu samstarfi við leiksskólann um kennslu 5 ára nemenda.

Bendum á mikilvægi þess að bæta tölvukost og húsbúnað sem hæfir kennslu sem er verkefna- og hópamiðuð í Nýsköpunarskóla. Mikilvægt er að hver nemandi í 5-10. bekk hafi chromebook til afnota í skólunum. Einnig að nemendur í 1.-3. bekk hafi aðgengi að viðeigandi tölvukosti.

Komið verði upp tæknistofum þar sem m.a. er aðstaða til myndbanda og hljóðvinnslu. Huga þarf að forritunarkennslu á öllum aldurstigum, bæði í aðskólum og nýsköpunarskólanum.

Bæta þarf tölvukost fyrir alla aldurhópa þannig að nemendur verði undirbúnir undir leik og starf á tímum fjórðu iðnbyltingarinnar.

Bæta þarf starfsaðstöðu kennara og starfsfólks. Huga þarf að aðstöðu félagsmiðstöðva sem samnýtt er með skólunum.

Reykjavíkurborg
b.t. Helga Grímssonar, sviðsstjóra
Skóla- og frístundasvið

Reykjavík, 6. nóvember 2019

Efni: Sérálit fulltrúa foreldra og fulltrúa grenndarsamfélags sem sitja í skólaráði vegna umsagnar skólaráðs Kelduskóla um samþykktu tillögu á fundi skóla- og frístundaráðs hinn 22. október sl. um framtíðarskipulag skóla- og frístundastarfs í norðanverðum Grafarvogi

Vísað er til erindis þíns til skólaráðs Kelduskóla, dags. 22. október sl., þar sem óskað er umsagnar skólaráðs við tillögu skóla- og frístundaráðsfulltrúa Samfylkingarinnar, Viðreisnar og Pírata, sem samþykkt var á fundi skóla- og frístundaráðs hinn 22. október sl., um framtíðarskipulag skóla- og frístundastarfs í norðanverðum Grafarvogi.

Undirrituð skila séráliti þar sem ekki ríkti samstaða innan skólaráðs um umsögn varðandi tillögu þessa. Það er mat okkar að fyrrgreindar breytingar séu ekki til þess fallnar að bæta skólastarfið og vinni raunar þvert gegn hagsmunum barna, forelda og allra íbúa í norðanverðum Grafarvogi. Í Aðalskipulagi Reykjavíkur 2010-2030 er skilgreindur gátlisti fyrir visthæfi byggðar. Gátlistanum er ætlað að gefa borgaryfirvöldum vísbendingar um visthæfi mismunandi hverfa með það að markmiði að móta tillögur og aðgerðir til úrbóta. Af sjö lykiláherslum er samfélag fyrsta lykiláherslan og er það skilgreint á eftirfarandi hátt:

Í vistvænu hverfi blómstrar lifandi og kraftmikið samfélag. Þar býr fólk á öllum aldri – barnafjölskyldur, pör, einstaklingar og ellilífeyrisþegar – enda fjölbreytt framboð á húsnæði og búsetuúrræðum. Í hverfinu er verslun og þjónusta í göngufæri, iðandi mannlíf, afþreying og íþróttastarfsemi. Í vistvænu hverfi hafa íbúarnir tekið virkan þátt í að móta sitt nánasta umhverfi.

Við íbúar upplifum ekki að þessar breytingar munu stuðla að lifandi og kraftmiklu Staðahverfi og þaðan af síður að við höfum fengið að taka virkan þátt í að móta nánasta umhverfi okkar. Við viljum hafa hverfið okkar fjölbreytt og að það sé ákjósanlegur valkostur fyrir fólk á öllum aldri. Í gildandi deiliskipulagi fyrir Staðahverfi er gert ráð fyrir grunnskóla fyrir 170 börn í 1.-10. bekk. Því er mjög sérstakt að sjá í þessari tillögu að til að hefja skólalald að nýju þurfi að nást 150 börn í 1.-7. bekk. Í tillögunni kemur fram að leitað verði leiða til að tryggja áframhaldandi skólustarf í húsnæði Korpu en gangi það ekki eftir hlýtur að þurfa að breyta gildandi deiliskipulagi.

Við gerum einnig athugasemdir við þann tímaramma sem Reykjavíkurborg hefur til að ráðast í þær samgöngubætur sem nefndar eru í tillögunni og efumst um að þær náist fyrir skólabyrjun haustið 2020. Þá sérstaklega undirgöng (eða ámáta örugg gönguleið) við Víkurveg. Einnig langar okkur að benda á að ekki hefur verið hugað framhaldi að því góða samstarfi sem nú er á milli Kelduskóla og leikskólanna Bakka og Hamra og hvernig því verður háttað, en óneitanlega fylgir því líka meiri akstur þegar annar leikskólinn verður við hlið unglingskólans.

Í tillögu þessari kemur fram að umhverfisvænn skólaakstur (óskilgreindur) skuli vera fyrir börn í Staðarhverfi en ekki virðist hafa verið hugað fyrir því að þau börn sem sækja frístundaheimili þurfi akstur aftur í sitt hverfi. Nú í haust 2019 stóð svo til að leggja niður skólaakstur alfarið og því teljum við ekki hægt að treysta því að skólaakstur verði í boði fyrir okkar börn í framtíðinni.

Við gerum einnig athugasemd við það að mjög óljóst er í tillögunni hvert börn í Víkurhverfi eigi að sækja skóla. Gera má ráð fyrir að þessar breytingar stórauki umferð innan og á milli þessara hverfa og við þessa þrjá skóla sérstaklega um hávetur í mesta myrkrinu. Eins eykst akstur þegar yngstu börnin þurfa að fara á milli hverfa til að hitta skólafélaga, hvort sem það er að skóla loknum eða til að mæta á viðburði sem tengjast skólastarfsemi. Við setjum því stórt spurningamerki um hvort þessar breytingar séu í samræmi við stefnu borgarinnar í umhverfismálum og höfum miklar áhyggjur af því að öryggi barna verði tryggt á ferð í og úr skóla og bendum á 3.gr. Barnasáttmálans.

1. **Það sem barni er fyrir bestu** skal ávallt hafa forgang þegar félagsmálastofnanir á vegum hins opinbera eða einkaaðila, dómstólar, stjórnvöld eða löggjafarstofnanir gera ráðstafanir sem varða börn.
2. Með hliðsjón af réttindum og skyldum foreldra eða lögráðamanna, eða annarra sem bera ábyrgð að lögum á börnum, skuldbinda aðildarríki sig til að tryggja börnum þá vernd og umönnun sem velferð þeirra krefst, og skulu þau í því skyni gera **allar nauðsynlegar ráðstafanir á sviði löggjafar og stjórnsýslu.**
3. Aðildarríki skulu sjá til þess að stofnanir þar sem börnum skal veitt umönnun og vernd starfi í samræmi við reglur sem þar til bær stjórnvöld hafa sett, einkum um **öryggi**, heilsuvernd og fjölda og hæfni starfsmanna, svo og um tilhlýðilega yfirumsjón.

Rekstur grunnskóla er lögbundin grunnþjónusta og eiga öll börn á grunnskólaaldri rétt á því að sækja skóla í sínu nærumhverfi. Þegar kemur að því að móta og fræða kynslóðir framtíðarinnar viljum við ekki hafa sparnað í fyrsta forgangi. Sá kostnaður sem hlýst af því að breyta húsnæði Víkurskóla í takt við þarfir nýsköpunarskóla hefur ekki verið útlistaður.

Við teljum þær tillögur og ástæður sem lagðar hafa verið fram af hálfu skóla- og frístundaráðs Reykjavíkurborgar vegna fyrirhugaðra breytinga órökstuddar og beinlínis vinna gegn hagsmunum barnanna. Öflugt og faglegt starf með teymiskennslu fer nú þegar fram í Kelduskóla og er foreldrum, nemendum og kennurum sem starfa skólann mjög umhugað um að standa vörð um það góða starf og efla með öllum tiltækum ráðum. Í skýrslu starfshóps er ekki vitnað í annað en munnlegar heimildir um að teymiskennsla blómstri frekar í fjölmönnum skólum. Við foreldrar metum svo að hún blómstri einnig í Kelduskóla Korpu (munnleg heimild, Sigurbjörg Ásta Hreinsdóttir). Einnig má gera athugasemd við aðra munnlega heimild í skýrslu starfshóps þar sem reynt er að koma áleiðis að fagleg sjónarmið skólasérfræðinga eigi að veða þyngra í ákvarðanatöku varðandi breytingar en óánægja foreldra. Tekið er eitt dæmi um breytingar á skólum í Finnlandi eftir heimsókn í stað þess að rýna frekar í nærtækari áreiðanleg gögn. Benda má á að ekki var skoðað hvort munur væri á líðan nemenda eftir stærð skóla eða hvernig unglíngaskólar eru að koma út í samanburði við heildstæða skóla hvað varðar einelti, neyslu fíkniefna eða almenna líðan nemenda. Mögulega hefði verið hægt að nýta niðurstöður úr Skólapúlssi eða frá Rannsóknnum og greiningu til þeirrar vinnu. Fram kom í niðurstöðum úr rýnihópum nemenda (skýrsla starfshóps) varðandi kosti og galla við tillöguna að þeir vilja ekki breytingar, þeim líður vel og þau telja að skólinn þurfi að vera nálægt heimili.

Við viljum því öll halda skólanum í okkar hverfi og við viljum að það sé hlustað á okkur. Við skorum á Reykjavíkurborg að vinna í samræmi við eigin umhverfisstefnu, lykiláherslur varðandi hverfisskipulag og að virt sé gildandi deiliskipulag og falla því alfarið frá umræddum áformum um lokun Kelduskóla.

Fulltrúi foreldra, Sigurbjörg Ásta Hreinsdóttir

Fulltrúi grenndarsamfélags, Sævar Reykjalin

Kostir við að gera ekki breytingar:

- Þá mun ungt fólk halda áfram að flytja í hverfið
- Þá er stutt í skólann fyrir alla (þá sérstaklega litlu krakkarnir)
- Lang flestir, foreldrar á móti þessu, sumir nemendur líka. Þá verða foreldrarnir ánægðir og ánægðir með borgarstjórnina. Lítið hlustað á foreldra í þessu, haldnir margir fundir en ekkert hlustað á það sem þeir segja.
- Fínt eins og þetta er, viljum bara halda þessu eins og þetta er. Ef að við myndum vilja fara í annan skóla þá myndum við bara gera það.
- Flott kennsla upp í Korpu núna.
- Meiri áhersla lögð á hvern nemenda fyrir sig þegar það er minni skóli.
- Það vilja ekki allir vera í svona stórum skóla. Það höndla það ekki allir.
- Minni mengun.
- Meiri hjálp fyrir þá nemendur sem eiga erfitt þegar þeir eru í minni námsveri.
- Valver muni halda sínu formi, erfitt fyrir nemendur sem nýta sér það að þurfa vera í svona stórum hópi.
- Lítið hugsað um íbúana ef það á að breyta einhverju.
- Þá þurfa krakkarnir ekki að upplifa aðra breytingar á sinni skólagöngu.

-Hátt hlutfall nemenda að mæta í félagsmiðstöðina núna.

-Stutt að labba heim úr félagsmiðstöðinni á kvöldin. Langt að labba heim úr félagsmiðstöðinni á kvöldin ef breytingin verður.

-Korpuhverfið nær að þróast meira.(það er enginn að fara að flytja í hverfið ef það er ekki skóli í nærumhverfi)

- Vera með systkinum sínum í skóla.

- Mörgum finnst stressandi að byrja í nýjum skóla.

Kostir við að gera breytingar:

- Fleiri vinir fyrir þá sem eiga erfitt með að eignast vini.
- Gæti verið gott til að undirbúa mann fyrir menntaskóla að vera í nýjum nemendahópi og kynna fleirum.
- Skiljum ekki af hverju við erum hér ef það mun ekki hafa nein áhrif á þessa breytingar. Þessi stjórnámálameðlimar koma aldrei í Grafarvoginn.
- Halda endalæsa fundi en svo skipta þessir fundir engu máli.
- Það er ekki hlustað á okkur núna, af hverju ætti að vera hlustað á okkar skoðanir.
 - Spara pening
 - Fjölgar í árgöngum, sem getur verið gott og slæmt.
- Nokkrir fundu alls enga kosti við að breyta Möguleiki á fleiri valgreinum.
- Mögulega hægt að nýta hagræðingu til tækjakaupa.
- Fleiri í hverjum árgangi og jafnara kynjahlutfall.
- Fleiri koma í félagsmiðstöðina.

Hvað gerist fyrir félagsmiðstöðina?

- Hvað mun hún heita?

- Hvað gerist fyrir starfsmennina?
- Hvernig verða frístundaheimilin?
- Stutt að labba heim úr frístundaheimilinu í eftirmiðdaginn. Verður rúta úr frístundaheimilinu, einhver ríkistími á því?
- Varðandi samgöngurnar þá hef ég áhyggjur af því að það gerist mjög seint. Það þarf þá að fara í það alveg strax [að bæta samgöngurnar].?
- Við vorum aldrei spurð hvað vildum - fullorðnir tóku bara ákvörðunina. ██████████ er að fara í annan skóla vegna þess að foreldrar mínir eru mjög ósáttir. Foreldrar mínir eru í Staðahverfi og þau segja að það sé ekki hlustað á þau og það er ekki hlustað á neinn í Staðarhverfi.

Síðan áttum við að skrifa amk. 2-5 punkta um hvernig við vildum hafa draumaskólann og drauma félagsmiðstöðina/frístund.

Draumaskólinn:

- Skemmtilegir kennarar
- Ekkert einelti
- Góður matur
- Góð staðsetning
- Svipað kynjahlutfall
- Engin heimavinna
- Að vera með vinkonum mínum í bekk
- Að hafa fleiri pásur
- Ekki að sameina
- Góða vini
- Allir mega nota fartölvur
- Lítil bekkur
- Skemmtilegri námsaðferðir
- Kennarar sem eru hæfir í starfið og kunna að kenna
- Tímarnir eru skemmtilegir
- Valið verði betra
- Kennarar eru nánari nemendum ef þeir eru færri
- Ekki stór skóli! (Það vilja ekki allir vera í stórum skóla)
- Stutt vegalengd er góð, löng er slæm og það mengar meira
- Ekkert ves með skiptingar og sameiningar, það getur aukið stress og vanlíðan hjá nemendum
- Það er gott að nemendur geta labbað í og úr skóla
- Ekki of margir nemendur
- Góður námsráðgjafi
- Kennarar þurfa ekki að skamma einhvern á 5 mín. fresti
- Fleiri verkleg verkefni
- Ekki farið of hratt í efnið
- Skápar í unglíngastiginu
- Stelpur og strákar sér í íþróttum og sundi!!!

- Fær að velja fag
- Sér tölvur/ipad
- Skápar fyrir unglínga
- Skólahreystibraut ASAP!!!
- Góður matur og hægt að kaupa nesti
- Gott félagslíf og hægt að leita til starfsmanna í féló
- Gott aðgengi fyrir alla nemendur skólans
- Vel stjórnaður og passað upp á bæði nemendur og starfsmenn
- Fara oft í ferðir

útskriftarferð til útlanda

Draumafélagsmiðstöðin eða frístundaheimilið:

- Gæða vörur eins og sjónvörp, iPadar og fleira
- Skemmtilegir starfsmenn
- Pizza á hverjum degi
- Skemmtilegt að gera
- Skemmtilegt fólk sem vinnur þar
- Hafa góða mætingu.
- Alltaf eitthvað skemmtilegt
- Geta talað við einhvern ef manni líður illa
- Allir geta tengst hvert öðru
- Skemmtileg böll
- Stærri rými
- Gott nemendaráð
- Fjölbreytt dagskrá
- Starfsmenn sem hægt er að treysta
- Skemmtilegir krakkar.

Alltaf fjör

- Ef þér langar ekki að taka þátt í viðburðinum getur þú næstum alltaf gert fult annað.

7. nóvember 2019

Umsögn frá Vættaskóla um framtíðarskipulag í skóla- og frístundastarfi í norðanverðum Grafarvogi

Mikilvægt er að gera hagsmunagreiningu þegar fara á í breytingar á skóla- og frístundastarfi. Hér kemur gróf hagsmunagreining út frá þeim sjónarmiðum sem hafa komið fram:

SFS: Leggur upp að tillagan byggist á faglegum, félagslegum og fjárhagslegum rökum.

Hagsmunir: Hagkvæmari skólarekstur.

Nemendur 1.-7. bekkur Borgum, Engjum, Vík og Korpu: Mikilvægt er að börnin geti gengið í skólann, örugg og áhyggjulaus.

Hagsmunir: Skóli í göngufæri og öryggi á leið í skólann.

Nemendur 8.-10. bekkur: Með tillögunni eiga þau að fá fjölbreyttara nám og aukið félagaval. Mikilvægt er að börnin geti gengið í skólann, örugg og áhyggjulaus.

Hagsmunir: Skóli í göngufæri, öryggi á leið í skólann, meira félagaval og fjölbreyttara nám.

Íbúar hverfanna: Hagsmunir þeirra felast í notkunarmöguleikum eignanna í hverfinu. Ef skólarnir eru teknir úr hverfinu minnkar notkunargildi. Eignin verður óhentug barnafjölskyldum og erfiðar reynist að selja eignirnar og þá einkum stærri eignir sem henta barnafjölskyldum sem gerir það að verkum að eignirnar lækka í verði.

Hagsmunir: að grunnskólar séu enn í hverfinu og íbúðarverð haldist óbreytt.

Að ná fram hagsmunum allra aðila er erfitt. Hins vegar er mikilvægt að aðilar sem koma að breytingunum reyni eftir fremsta megni að huga að hagsmunum heildarinnar.

Ef hagsmunir heildarinnar eru skoðaðir má ætla að þetta sé besta lausnin:

- Safnskóli 8.-10. bekkur allra skóla í Víkurskóla ásamt félagsmiðstöð
- 1.-7. bekkur í Engjum, Borgum og Korpu ásamt frístundarheimli á öllum stöðum

- Byggja þyrfti við Borgir til að öll börn í 1.-7. bekk Víkur og Borgar megin geti sótt skólann í Borgum. En með því þurfa börnin ekki að fara yfir Mosveg
- Bæta tölvubúnað í Víkurskóla
- Byggja göngubrú eða undirgöng yfir Mosveg svo börn í Borgum og Vík geti gengið örugg á æfingar í Egilshöll ásamt því að unglingar úr Engjum og Korpu geti gengið örugg í skólann
- Skólaakstur fyrir 8.-10. bekk úr Staðahverfi og/eða strætóleið breytt þannig að hún gangi beint úr og í Staðahverfi í Víkurhverfi með viðkomu í Egilshöll
- Í Korpu væri hægt að hafa útibú úr Brúarskóla ásamt Tónlistarskóla til að nýta húsnæðið betur ásamt því að leiksskólinn sé færður inn í skólann. Einnig væri hægt að fara í samrekstur á skólanum með Mosfellsbæ. Mosfellsbær er að hefja uppbyggingu á svæðinu fyrir aftan Staðahverfi. Mosfellsbær getur þá sleppt því að byggja skóla í hverfinu og fengið afnot af Korpuskóla fyrir börn sveitarfélagsins í nýja hverfinu og greiða hlutfall af rekstarkostnaði miðað við fjölda barna sem koma úr því sveitarfélagi.

Hagsmunir flestra eru hafðir að leiðarljósi í ofangreindri tillögu. Hins vegar verður til kostnaður við þessar breytingar en benda má á að miðað við hagræðingartölurnar sem settar hafa verið fram nú þegar vantar allan kostnað. Þessi tillaga eða tillagan sem þegar hefur verið lögð fram munu bera með sér kostnað. En til lengri tíma litið eru þetta bætur til hins betra fyrir alla aðila.

Kostnaðarliðir við tillöguna eru meðal annars:

- Kostnaður við göngubrú eða undirgöng yfir mosveg frá Engjum og yfir í Vík og Strandveg frá Staðahverfi í Vík
- Kostnaður við endurnýjun á tölvubúnaði í Víkurskóla
- Kostnaður við 2 auka skólastjóra í Borgum og Korpu
- Kostnaður við viðbótarbyggingu á Borgaskóla.

Safnskóli

Sett var fram tillaga þess efnis að 8.-10. bekkur sameinist í húsnæði Víkurskóla frá öllum skólum Borg, Vík, Engjum og Korpu. Talið er að með þessu sé verið að auka fjölbreytni í námi ásamt auknu félagavali. Tillagan snýr að því að safnskólinn sé nýsköpunarskóli svipaður Nú skólanum í Hafnarfirði er jákvæð. Þar er lögð aukin áhersla á frumkvöðlafræði, gagnrýna hugsun, nýsköpun, stutta lotukennslu, hreyfingu og nemendalýðræði. Teljum við að safnskólinn muni verða nemendum á unglingsstigi til bóta. Hins vegar eins og tillagan er lögð fram núna er fórnarkostnaður of mikill ef horft er til öryggis nemenda á öllum stigum sem þurfa að ganga langar vegalengdir yfir umferðamiklar götur. Því er lagt til að tillagan verði betrubætt og aðlöguð að hagsmunum allra aðila.

Á skjön við Deiliskipulag

Ef málið er skoðað nánar þá er verið að brjóta deiliskipulag allra 4 hverfanna í tillögunni eins og hún er sett fram núna. Því til rökstuðnings er vísað í mál sem sent var á umboðsmann Alþingis árið 2013 þar sem kemur fram að ráðuneytið áréttar til Skipulagsráðs afstöðu sína að ef ætlunin hefði verið að hafa grunnskóla eingöngu fyrir afmarkaðan aldurhóp hefði Reykjavíkurborg orðið að taka það fram í greinargerð deiliskipulags. Í málinu kemur fram að ef húsnæði er eyrnamerkt grunnskóla í deiliskipulagi merkir það grunnskólakennslu frá 1.-10. bekk nema annað sé sérstaklega tilgreint. Því þarf að breyta deiliskipulagi með grenndarkynningu og fleiru samkvæmt skipulagslögum nr. 123/2010 ef þessa breytingu á að gera á skólastarfinu. Nánar er hægt að lesa um málið í [skýrslu umboðsmanns Alþingis](#)

Hagræðingaráætlun

Ekki hafa verið kynntar opinberlega hagræðingartölur sem talið er að breytingin muni skila. Aðeins hefur verið gefin upp heildar tala um 200 milljónir á ársgrundvelli. Inn í þeirri tölu var talað um að 72 milljónir væru laun og launatengd gjöld. Hins vegar hefur komið fram í fjölmiðlum og í svari frá borgarfulltrúa að ekki eigi að segja upp starfsfólki. Því er sett athugasemd við þær tölu og hvernig þær eru fengnar. Þegar á að breyta skólastarfi sem hefur áhrif á um 850 börn í Grafarvogi er mikilvægt að upplýsingaflæðið sé gott til að breytingarnar

gangi vel fyrir sig. Ef fólk skilur hvaðan tölurnar koma er líklegra að það taki breytingunum betur. Úr svari frá borgarfulltrúa virðist kostnaðarmat ekki liggja fyrir en mikilvægt er að greina alla kostnaðarliði. Ekki er nóg að horfa á kostnað við rekstur Korpuskóla og yfirfæra hann á sparnaðinn sem hlýst við að loka skólanum því gera þarf ráð fyrir þeim kostnaði sem færast yfir á aðrar starfsstöðvar ásamt þeim úrbótum sem nauðsynlegt er að gera eins og t.d. varðandi umferðaröryggi nemenda.

Staðahverfi

Í tillögunni er talað um að loka Korpuskóla og opna aftur þegar barnafjöldi í hverfinu hefur náð 150. Ef horft er á tillöguna með gagnrýnum augum má áætla að með því að loka skólanum í hverfinu sé hverfið ekki vænlegt fyrir barnafjölskyldur. Líkur eru á að barnafjölskyldur flytji úr hverfinu frekar en í hverfið og því mun að öllum líkindum hverfið aldrei ná barnafjöldanum í 150. Efla ætti frekar skólann með því að byggja í Staðahverfi og/eða fara í samrekstur á skólanum með Mosfellsbæ sem áætla að byggja íbúðarhúsnæði í lóðum bak við Staðahverfið. Mikið er af stórum einbýlishúsum í hverfinu sem henta stórum barnafjölskyldum en ef skólinn er tekinn úr hverfinu mun reynast erfitt að selja húsnæðin og því gæti Reykjavíkurborg orðið bótaskyld íbúðareigendum í hverfinu þar sem ekki er farið eftir deiliskipulagi hverfisins. Því þarf að leita allra leiða til að halda skólanum í hverfinu. Í svari frá borgarfulltrúum er stefnan að setja einkarekinn skóla í hverfið en að öllum líkindum munu börn í Staðahverfi frekar sækja þann skóla heldur en fara alla leið í Engi. Því mun barnafjöldinn sem áætlað er að ná fram með breytingunni ekki endilega heppnast eða þ.e.a.s. aukning í Engjum mun ekki endilega ná fram að ganga. Mikið er horft á barnafjöldann við rökstuðning varðandi það að loka Korpu en hafa þarf í huga að í hverfinu búa um 140 börn á grunnskólaaldri. Það eru um 80 börn í 1-7.bekk. Þegar skólinn var byggður var áætlað að þegar að hverfið kæmist í jafnvægi yrðu börnin um 120 í skólanum og því er athugavert að áætlað sé að 150 börn þurfi að búa í hverfinu til þess að skólinn verði opnaður aftur. En hér má lesa nánar um framtíðarspár varðandi fjölda nemenda frá 2002 áður en skólinn var byggður en þar var áætlað að um 104 börn yrðu í skólanum 2020. Fleiri börn eru því í hverfinu á grunnskólaaldri en reiknað var með fyrir byggingu skólans. Sjá nánar á bls. 107-109 í [skýrslu Fasteignastofu Reykjavíkurborgar og Fræðslumiðstöð Reykjavíkur](#)

[um rýmisathugun Grunnskóla Reykjavíkur í október 2002.](#) Með tillögunni sem nú liggur fyrir er erfiðara að tryggja öryggi barnanna þar sem þau þyrftu að ganga langar vegalengdir í skólann.

Umhverfissjónarmið og öryggi

Með núverandi tillögu þurfa mörg börn að ganga langar vegalengdir í skólann það mun að öllum líkindum hafa í för með sér að foreldrar skutli og sæki börnin sín sem eykur umferð í hverfunum. Það skýtur því skökku við í ljósi aukinnar umræðu um umhverfið og kolefnisspor að auka umferð í hverfunum. Þetta er einnig á skjön við Aðalskipulag borgarinnar þar sem talað er um græna borg og markmið um að öll hverfi borgarinnar þróist og byggist upp á sjálfbæran hátt þar sem skipulag grundvallast á samfélagslegum forsendum, gæðum hins manngerða umhverfis, verndun náttúrulegra vistkerfa, vistvænum samgöngum, orkusparnaði og aðgengi að þjónustu og verslun í heimabyggð. Með aukinni umferð er öryggi barnanna stofnað í hættu á leið í skólann og við skólana. Þessar tillögur samræmast ekki 3. grein barnasáttmálans. Þar segir:

„1. Það sem barni er fyrir bestu skal ávallt hafa forgang þegar félagsmálastofnanir á vegum hins opinbera eða einkaaðila, dómstólar, stjórnvöld eða löggjafarstofnanir gera ráðstafanir sem varða börn.

2. Með hliðsjón af réttindum og skyldum foreldra eða lögráðamanna, eða annarra sem bera ábyrgð að lögum á börnum, skuldbinda aðildarríki sig til að tryggja börnum þá vernd og umönnun sem velferð þeirra krefst, og skulu þau í því skyni gera allar nauðsynlegar ráðstafanir á sviði löggjafar og stjórnsýslu.

3. Aðildarríki skulu sjá til þess að stofnanir þar sem börnum skal veitt umönnun og vernd starfi í samræmi við reglur sem þar til bær stjórnvöld hafa sett, einkum um öryggi, heilsuvernd og fjölda og hæfni starfsmanna, svo og um tilhlýðilega yfirumsjón.“

Sum börnin munu þurfa að fara yfir Mosaveg eða Strandveg. Mosavegur liggur að menntaskólanum Borgarholtsskóla þar keyra ungir ökumenn í skólann sem sumir gleyma sér við stýrið eða eru í símanum.

Ítrekað er að forsenda er fyrir því að gerðar verði breytingar á skólahaldi þurfi að vera búið að byggja undirgöng eða göngubrú yfir þessar götur til að tryggja öryggi barnanna. Ekki viljum við stofna börnunum í hættu.

Foreldrafélagið vísar einnig á fyrri umsögn sem fylgdi með í viðhengi.

Fyrir hönd foreldrafélags Vættaskóla,

Netfang: ffvaettaskoli@gmail.com

<http://www.vaettaskoli.is>

Dagsetning: 19.03.2019

1. Tillaga SFS ekki með hag yngri barna í fyrirrúmi

Tillaga Skóla- og frístundasviðs Reykjavíkurborgar (SFS) felst í því að sameina Vætta- og Kelduskóla með það í huga að bjóða upp á betri valfög og félagaval fyrir eldri bekinga grunnskóla. Tillagan var kynnt fyrir foreldrum barna í þessum skólum þar sem lítið var um svör, upplýsingum haldið frá foreldrum og mikil mótstaða var í foreldrum við tillögunni.

Ef farið er yfir staðreyndir:

- Víkurskóli og Korpuskóli voru sameinaðir undir nafninu Kelduskóli árið 2012.
 - 1.-7. Bekkur staðsettur bæði í Víkur og Staðahverfi.
 - 8.-10. bekkur staðsettur í Vík.
- Engja- og Borgaskóli voru sameinaðir undir nafninu Vættaskóli árið 2012 í óþökk foreldra.
 - Í dag er 1.-4. Bekkur og 8.-10. Bekkur staðsettir í Engi.
 - 1.-7. Bekkur staðsettur í Borgum.

<https://www.mbl.is/greinasafn/grein/1411126/>

<http://www.visir.is/g/2012702089963>

- Sameining Hamra-, Húsa- og Foldaskóla kom ekki vel út samkvæmt skýrslu frá Intellecta sem ber merki um að svona sameiningar eru ekki til hins betra:
https://reykjavik.is/sites/default/files/ymis_skjol/skjol_utgefid_efni/uttekt_-_addragandi_stofnunar_skola-_og_fristundasviðs_og_sameiningarferli_skola_-_januar_-_2015.pdf
- Niðurstöður rannsóknar Sigríðar Ó. Halldórsdóttir á Sameiningum skóla, leikskóla, frístunda- og félagsmiðstöðva árið 2017 sýndi að ávinningur af sameiningunni hafi ekki verið sýnilegur og margir upplifa það að fórnirnar hafi ekki verið þess virði þar sem mikil þekking hafi tapast og fagfólki hafi fækkað:
<https://skemman.is/bitstream/1946/29047/2/Sk%C3%B3la-%20og%20fr%C3%ADstundasvi%C3%B0%20Reykjav%C3%ADkurborgar%2C%20lokaskil.pdf?fbclid=IwAR3jtnKt7kAWtgXfPUpbQr6yI9gQiQmzAREyf7dCGfReGKLAt8uhX6xvIWE>

Tekið úr „Starfsáætlun Vættaskóla 2018-2019“:

*„Vættaskóli hefur tvær starfstöðvar, Borgir og Engi. Í Borgum eru nemendur í 1.-7. bekk auk þess sem eldri nemendur sækja þangað valgreinar. Í Borgum hefur miðstigið loks allt sameinast og eru nemendur í 5. bekk nú komnir í Borgir líka. Í Engi eru nemendur í 1.- 4. og 8.-10. bekk auk Valvers. **Nemendur í 8.–10. Bekk Vættaskóla hafa tækifæri á að velja á milli mjög ólíkra og fjölbreyttra valgreina.**“*

Tekið úr „Starfsáætlun Kelduskóla 2018-2019“:

*„**Nemendur í 8.-10. bekk geta valið milli fjölbreyttra námsgreina á hverri önn.** Valgreinarnar í 9. - 10. bekk eru skipulagðar í samstarfi við Vættaskóla til þess að auka fjölbreytni þeirra. Einnig geta nemendur nýtt sér fjarnám við framhaldsskóla. Nemendur geta auk þess fengið formlegt nám í tónlistarskóla, leiklist eða íþróttum metið sem valgrein.“*

Dagsetning: 19.03.2019

Ef kemur fram í starfsáætlum beggja skólanna að fjölbreytt valfög séu í boði fyrir 8.-10.bekk hvers vegna er tillagan þá byggð á því að það vanti fleiri valfög fyrir eldri bekinga skólanna?

Þær upplýsingar sem haldið var frá foreldrum á kynningarfundum í Vættaskóla:

- Víkurhlutinn er nú þegar að berjast við plássleysi. Eina leiðin til að koma korpuhlutanum fyrir er að 8-10 bekkur fari úr húsinu.
- Frístundin er nú þegar með alltof lítið rými í Vík. Hjartarýmið er 50% of lítið miðað við það sem lög og reglugerðir segja til um og heilbrigðiseftirlitið hefur gert athugasemdir við það. Ef Korpa færi yfir þyrfti að flytja frístundina út úr skólanum í annað húsnæði með tilheyrandi raski og kostnaði.
- Samgöngur eru vægast sagt lélegar. Skólaaksturinn frá Staðahverfi í Vík er ekki með það algengar ferðir að það henti öllum og hann hefur reglulega klikkað. Strætó gengur ekki á milli hverfa þannig að erfitt er að sækja félagstarf milli hverfana utan þjónustutíma skólabílsins. Það er enginn gangbraut á milli hverfana eða upplýst sérmerkt svæði þar sem börn geta gengið yfir. Vinsælasta gönguleiðin er yfir braut á golfvellingum.
- Í áætlun eru byggingar 100 íbúða á Korpusvæðinu sem gæti þýtt 30% aukning íbúa í hverfinu, í hvaða skóla eiga þeir krakkar að fara?
- Starfsmenn, faglærðir og ófaglærðir hvað verður um þá?

Upplýsingar fengust hjá foreldri úr foreldrafélagi Kelduskóla.

2. Töluleg gögn

Mjög áhugavert að skoða fjölda barna í hverfunum í samhengi við tillögu SFS. Sýnir það vel hvað tillagan er ekki hugsuð til enda. Hér má sjá fjölda barna eftir hverfi samkvæmt Hagstofu Íslands en má áætla að aukning verði með nýbyggingum við Spöngina og í Staðahverfi.

2018	Engjahverfi	Borgarhverfi	Víkurhverfi	Staðahverfi
6 ára	27	21	23	9
7 ára	33	26	22	14
8 ára	42	21	20	11
9 ára	28	24	20	5
10 ára	25	19	17	16
11 ára	36	15	30	14
12 ára	25	20	15	9
13 ára	30	26	11	22
14 ára	23	22	22	23
15 ára	23	25	15	19
Samtals	292	219	195	142

Fjöldi barna eftir aldri í hverfum jan 2018. Tekið af:

https://px.hagstofa.is/pxis/pxweb/is/lbuar/lbuar_mannfjoldi_2_byggdir_Byggdajarnarhverfi/MAN03301.px/table/tableViewLayout_1/?rxid=0d3819e3-1ea6-40aa-a086-172d6781b17c

Dagsetning: 19.03.2019

Nemendapróun/nýjar íbúðir

Grafarvogur norður	Nemendafjöldi - rauntölur							Nemendafjöldi - spá með uppbyggingarsvæðum					
	Fjöldi nemenda og spá	2012	2013	2014	2015	2016	2017	2018	2019	2020	2021	2022	2023
Kelduskóli - Korpa		141	125	107	103	96	67	61	67	66	72	69	65
Kelduskóli - Vík		335	331	320	306	293	300	300	277	275	274	254	255
Vættaskóli - Borgir		168	169	204	201	212	196	219	242	253	251	233	220
Vættaskóli - Engi		357	357	305	289	274	285	244	245	241	246	252	261
Samtals		1001	982	936	899	875	848	824	831	835	843	808	801

Tafla sem SFS sýndi á fundi þar sem tillagan var kynnt foreldrum Vættaskóla. Byrjað var fundinn á að afsaka að tölurnar væru kannski ekki alveg réttar.

Ár	Fjöldi nemenda á grunnskólaaldri samkv. Hagstofu Íslands tölur frá jan 2018 (ekki gert ráð fyrir aukningu vegna nýbygginga við Spöng)
2018	848
2019	849
2020	842
2021	836
2022	837
2023	808
2024	799

Tafla sem sýnir þróun fjölda nemenda samkv. tölum frá Hagstofu Íslands jan 2018. Ekki er gert ráð fyrir aukningu barna vegna nýbyggingar við Spöng eða áætlaða um byggingar í Staðahverfi.

Samantekt á stærð skólahúsnæðis í norðanverðum Grafarvogi

Tafla

Skóli	Stærð húsnæðis í fermetrum	Rúmar u.þ.b.
Kelduskóli Korpa	2100 m ²	170 nem.
Kelduskóli Vík	3950 m ²	300-350 nem.
Vættaskóli Borgir	3930 m ²	300-350 nem.
Vættaskóli Engjum	4483 m ²	400 nem.

Engi:

-292 fjöldi barna í hverfinu 6-15 ára Hagstofa Íslands janúar 2018.

-400 fjöldi nemenda sem rúmast í skólanum

-244 nemendafjöldi í skólanum í dag (ath. 5.-7. Bekkur er staðsettur í Borgum í dag) SFS.

Borgir:

-219 fjöldi barna í hverfinu 6-15 ára Hagstofa Íslands janúar 2018.

Dagsetning: 19.03.2019

- 300-350 fjöldi nemenda sem rúmast í skólanum
- 219 nemendafjöldi í skólanum í dag (ath. 8-10.Bekkur er staðsettur í Engjum í dag) SFS.

Vík:

- 195 fjöldi barna í hverfinu 6-15 ára Hagstofa Íslands janúar 2018.
- 300-350 fjöldi nemenda sem rúmast í skólanum
- 300 nemendafjöldi í skólanum í dag SFS.

Staðar:

- 142 fjöldi barna í hverfinu 6-15 ára Hagstofa Íslands janúar 2018.
- 170 fjöldi nemenda sem rúmast í skólanum
- 61 nemendafjöldi í skólanum í dag (ath. 8-10.bekkur er staðsettur í Vík) SFS.

Ef þessar tölur eru skoðaða er augljóst að besta í stöðunni sé að draga fyrri sameiningar til baka og hafa skólana eins og upphaflega, 1.-10.bekkur í öllum fjórum skólunum? Hægt væri að halda áfram samvinnu milli skólanna með valfög eldri bekkinga.

Fjöldi alls:

Samtals Engi og borgir 6-15 ára börn	511
Samtals Vík og Staðar 6-15 ára börn	337
Samtals alls Hagstofa Íslands	848
Samtals alls í skólum samkv. SFS	824

Benda má á að árið 2012 var sameining þessara skóla í óþökk foreldra og má augljóslega sjá að mikið brottfall var á nemendum milli árána 2013-2014-2015 eða samtals 80 samkvæmt töflu um fjölda nemenda samkv. SFS. Hvers vegna ætli það sé? Var það vegna þess að fólk var ósátt með sameiningarnar og flutti úr hverfinu vegna þeirra? Er ekki ástæða til að greina það nánar? Færðu nemendur sig í aðra skóla útaf þessari ákvörðun? Þetta er eitthvað sem SFS hefði átt að greina á sínum tíma. Eru þessar fyrirætlanir um að sameiningar að gera það að verkum að barnafólk forðar sér úr hverfunum þar sem ekki er verið að skipuleggja skólustarfið með hag barnanna í huga?

Þótt fækkað hafi í einhverjum árgöngum er það tímabundin staða þar sem verið er að byggja fleiri íbúðir við Spöngina ásamt því eru fyrirætlanir um að byggja fleiri íbúðir í Staðahverfi. Börnum mun örugglega fjölga meðan boðið er upp á gott skólustarf í hverfinu. Það er hins vegar nokkuð ljóst að þau munu hverfa innan skamms ef enginn skóli er í boði og íbúðaverð í Staðahverfi mun snarlækka ef ekki verður boðið upp á skólustarf innan hverfisins.

Er það stefna SFS að hrekja barnafjölskyldur úr þessum hverfum?

Dagsetning: 19.03.2019

Áætlun fyrir næsta skólaár 2019-2020 samkv. tölum frá Hagstofu Íslands jan 2018

	2018	Engjahverfi	Borgarhverfi	Víkurbverfi	Staðarhverfi	Samtals
5	5 ára	29	19	24	11	83
6	6 ára	27	21	23	9	80
7	7 ára	33	26	22	14	95
8	8 ára	42	21	20	11	94
9	9 ára	28	24	20	5	77
10	10 ára	25	19	17	16	77
11	11 ára	36	15	30	14	95
12	12 ára	25	20	15	9	69
13	13 ára	30	26	11	22	89
14	14 ára	23	22	22	23	90
	Samtals	298	213	204	134	849
	Ef gert er ráð fyrir aukningu vegna nýbyggingar í Spöng	0	50	0	0	0
	Samtals vegna nýbyggingar	298	263	204	134	899
	Fjöldi sem rúmast í skólunum	400	300	300	170	1170

3. Tillagana setur öryggi barna í hættu

Þessi tillaga um sameiningu Vætta- og Kelduskóla samræmist ekki Barnasáttmála Sameinuðu þjóðanna. Í 3. grein Barnasáttmálans segir:

- „ 1. Það sem barni er fyrir bestu skal ávallt hafa forgang þegar félagsmálastofnanir á vegum hins opinbera eða einkaaðila, dómstólar, stjórnvöld eða löggjafarstofnanir gera ráðstafanir sem varða börn.
2. Með hliðsjón af réttindum og skyldum foreldra eða lögráðamanna, eða annarra sem bera ábyrgð að lögum á börnum, skuldbinda aðildarríki sig til að **tryggja börnum þá vernd og umönnun sem velferð þeirra krefst, og skulu þau í því skyni gera allar nauðsynlegar ráðstafanir á sviði löggjafar og stjórnsýslu.**
3. Aðildarríki skulu sjá til þess að stofnanir þar sem börnum skal veitt umönnun og vernd starfi í samræmi við reglur sem þar til bær stjórnvöld hafa sett, **einkum um öryggi, heilsuvernd og fjölda og hæfni starfsmanna, svo og um tilhlýðilega yfirumsjón.**“

En með sameiningu Vætta- og Kelduskóla er ætlast til þess að börn ferðist í önnur hverfi yfir hættulegar götur til að sinna sinni skólaskyldu. Börnin þurfa að fara yfir Mosaveg eða Strandveg.

Mosavegur liggur að menntaskólanum Borgarholtsskóla þar keyra ungir ökumenn í skólann sem sumir gleyma sér við stýrið eða eru í símanum. Það vekur mikinn óhug foreldra að SFS ætlast til þess að börnin gangi yfir þessar götu þar sem hvorki eru göngubrýr eða undirgöng. Vill Reykjavíkurborg virkilega hafa líf barns á samviskunni vegna hagræðingaráætlunar sem

Dagsetning: 19.03.2019

virðist illa unnin og ekki taka með í reikninginn kostnað sem hlýst við að sameina skólana og bæta samgöngur fyrir börnin?

Eftir símtal við Skipulagsstofnun fengu foreldrar þær upplýsingar að langan tíma tæki að koma í gegn tillögu um að bæta við göngubrúum eða undirgöngum. Þeir töldu að einfaldast væri að setja gönguljós við þessar götur. Telja foreldrar það ekki góða lausn þar sem hræðsla er um að bílstjórar muni ekki virða götuljósin eins og gerðist við gatnamót Hringbrautar og Meistaravalla (<http://www.visir.is/g/2019190119768>). Það er augljóst að ekki er vilji til að auka samgönguleiðir fyrir þessi börn.

Fyrir sum börn tekur það að minnsta kosti 30 mín að ganga í skólann ef af þessu verður sem gerir það að verkum að foreldrar munu skutla börnunum í skólann og sækja. Þannig myndast aukin umferð í kringum skólanna sem stofnar öryggi barnanna í hættu. Myndast einnig umferðarteppa í kringum skólana sem mun líklega valda því að nemendur og kennarar munu mæta seint af þeim sökum og mun skólahald því ítrekað hefjast of seint. Foreldrar verða seinir í vinnu og mun það ýta undir hraðakstur í kringum skólanna.

4. Tillagan samræmist ekki stefnu Reykjavíkurborgar

Tillagan um frekari sameiningar skólanna er á skjön við aðalskipulag borgarinnar um sjálfbæra þróun (https://reykjavik.is/sites/default/files/adalskipulag/ar2010-2030_a-hluti_20140224.pdf). Þar sem segir að stefna aðalskipulagsins rími „*einnig vel við markmið Samgönguáætlunar um sjálfbærar samgöngur með breyttum ferðavenjum, eflingu hjólreiða og almenningsamgangna, styttingu vegalengda og ferðatíma og samdrætti í losun Gróðurhúsalofttegunda.*“

5. Hvað á að gera við Kelduskóla Korpu ef honum verður lokað?

Á fundinum fengust engin svör hvað ætti að gera við húsnæðið í Staðahverfi en heyrst hefur að hugmyndir séu um að flytja starfsemi Brúarskóla í bygginguna. En það er skóli fyrir börn:

- Með alvarlegan geðrænan og tilfinningalegan vanda.
- Sem eiga í félags- og hegðunarerfiðleikum.
- Sem eru komnir í vanda vegna fíkniefnaneyslu og/eða afbrota.

Þeir nemendur yrðu væntanlega undir eftirliti á skólatíma en síðan fara þau frjáls ferða sinna um hverfið og hver veit hvað þeim dettur í hug að gera eftirlitslaus?

6. Mótsvör við þeim rökum sem tillaga SFS byggir á

Hér að neðan eru rök SFS sem þeir byggja tillöguna á ásamt athugasemdum við þeim rökum. Rök SFS eru feitiletruð og athugasemdir foreldra við þeim:

1) Áskoranir vegna Staðahverfis

- **Rök SFS: Lítil félagslegafjölbreytni fyrir nemendur og félagaval.**
Athugasemd: *Á hvaða gögnum eru þessi rök byggð? Þyrfti ekki að gera greiningu á því með því að senda könnun á eldri bekkina þessara skóla hvort þetta sé vandamál? Það ætti að vera val*

Dagsetning: 19.03.2019

viðkomandi einstaklings ef hann telur félagaval ekki nægilega mikið í sínu hverfi að sækja skóla í öðru hverfi. Ekki ætti að þvinga viðkomandi til að fara í fjölmennari skóla í öðru hverfi, það gæti hentað sumum betur að vera í minni skóla í sínu hverfi.

- **Rök SFS: 1. Fámennur nemendahópur hamlar fjölbreyttu vali, sérhæfðum stuðningi ofl. 2. Erfitt að fá sérhæfða kennara í heil stöðugildi t.d. í list- og verkgreinum, íþróttum. 3. Nýting mannauðs og fjármuna í skóla- og frístundastarfi ekki nægjanlega markviss. 4. Lítið frístundaheimili, minna félagaval, einhæfara hópastarf o.s.frv.**

Athugasemd: Samkvæmt starfsáætlun skólanna beggja er fullyrt að boðið sé upp á fjölbreytt valfög fyrir eldri bekkina, hvers vegna er það talið vandamál? Ef fjölbreytt val er jafn mikilvægt á grunnskólastigi og SFS vill meina ætti frekar að búa til samvinnu milli skólanna þar sem kennarar í list- og verkgreinum ásamt íþróttum sameina bekki innan skólans eða nemendahópa úr þessum skólum og skólabíll sem færi með börnin á milli í þessa tíma. Reynt yrði að hafa sameinuðu tímana á sömu dögum svo keyrslan væri minni á milli skólanna. Hægt að hafa samvinnu milli skólanna varðandi sérhæfða stuðninginn og frístundaheimilin. Hins vegar þegar talað er við foreldra víðs vegar um borgina hefur oftast en ekki verið erfitt að koma börnum að í frístundarheimilum og því efumst við mjög um að of fá börn séu í frístundarheimilum þessara skóla. Hafa þó í huga og fyrirbyggja að þetta komi fyrir: https://www.mbl.is/frettir/innlent/2019/02/26/toku_straeto_thegar_enginn_kom/?ref=fpm_estlesid

- **Rök SFS: Möguleikar til teymisvinnu kennara minnka og starfsmenn skóla þurfa að ferðast talsvert milli bygginga – tími fer í ferðir.**

Athugasemd: Með tækni er hægt að hafa símafundi, videofundi og önnur netsamskipti. Ef stór fyrirtæki út í heimi geta haft viðskipti sín á milli í gegnum netið ættu kennarar að geta haft teymisvinnu innan sama hverfis og hægt er að nýta tæknina í það. Einnig setjum við athugasemd við þann punkt að kennarar þurfi að ferðast talsvert á milli bygginga þar sem með sameiningu er ætlast til að börn og unglingar geri það frekar en kennarar sem geta keyrt sjálfir þarna á milli.

Áskoranir vegna Vættaskóla

- **Rök SFS: Flökt á árgöngum hefur skapað áskoranir í uppbyggingu heilstæðrar námskrá og stefnu í skólanum.**
Því væri best að slíta fyrri sameiningu og hafa Borgir og Engi í sitthvoru lagi 1.-10. Bekk.
- **Rök SFS: Starfsmenn skóla þurfa að ferðast talsvert milli bygginga – tími fer í ferðir (SFS).**
Athugasemd: Sama svar og að ofan.
- **Rök SFS: Fyrirsjáanleg fjölgun barna í Borgum kallar á viðbótarhúsnæði við skólann svo hægt sé að hýsa allt skólastarfið og mæta þörfum frístundar fyrir húsnæði.**
Því væri best að börn úr Engjum færu aftur í Vættaskóla/Engi til að búa til pláss fyrir þau börn sem fjölga í Borgarhverfi í sínum hverfisskóla. Má áætla að um 80 börn komi úr Engi sem eru í 5.-7.bekk í Borgum í dag.

Helsti ávinningur við tillöguna samkvæmt SFS ásamt athugasemdum

- **Rök SFS: Fjölbreyttara félagaval og grunnskólastarf.**
Athugasemd: Hægt að ná því fram með samvinnu milli hverfisskólanna, frístundaheimila og sameiginlegu félagsheimli eldri bekkina. Hægt væri að hafa bekkjarheimsóknir 1. Í mánuði þar sem bekkir úr hverfisskólunum heimsækja hvorn annan og læra tengslamyndun. Einnig myndast oft félagsskapur út frá áhugamálum og frístund sem gerist eftir skóla á milli barna úr sitt hvoru hverfinu.
- **Rök SFS: Sérhæfður stuðningur.**
Athugasemd: Þegar spurt var um námsráðgjöf var svarið að aðeins yrði boðið upp á námsráðgjafa fyrir eldra stig grunnskóla svo við sjáum ekki að sérhæfður stuðningur muni aukast við þessa sameiningu.

Dagsetning: 19.03.2019

- **Rök SFS: Stærri hópar bjóða upp á öflugri teymisvinnu kennara.**
Athugasemd: Hægt að gera í gegnum videofundi eða símafundi. Auðvelt fyrir kennara að keyra á milli og funda saman t.d. 1. í mánuði þar sem kennarar úr hverfisskólum hittast deila reynslu, ráðum og sniðugum hugmyndum fyrir kennsluna.
- **Rök SFS: Auðveldara verður að fá sérhæfða kennara í heil stöðugildi t.d. í list- og verkgreinum, íþróttum.**
Athugasemd: hægt að ráða sérhæfða kennara sem fara á milli skólanann 4 og skipt eftir dögum hjá honum á hvaða vinnustað hann fer hverju sinni. Minna mál heldur en að mörg börn þurfi að ferðast í annað hverfi til að sækja skólaskyldu sína.
- **Rök SFS: Betri listgreinaaðstaða verður fyrir nemendur úr Korpu.**
Athugasemd: Gætu verið í samvinnu með öðrum skólum þar sem skólabíll keyrir börnin á milli í þessi fög ef aðstaðan er svona hrikaleg í Korpu sem við efumst um.
- **Rök SFS: Skólamenning verður barnvænni í aðskólum, meiri áhersla á nám í gegnum leik. Skapar möguleika til nýsköpunar í kennsluháttum í 7./8. – 10. Bekk. Möguleikar á öflugum samstarfi við Borgarholtsskóla í skólastarfi á unglíngastigi.**
Athugasemd: hægt að gera þó svo að skólarnir séu ekki sameinaðir.
- **Rök SFS: Nemendur aðskóla virðast jákvæðir gagnvart safnskólum og líta á skólaskiptin sem spennandi tímamót.**
Athugasemd: á hvaða gögnum eru þessi rök byggð? Á fundinum var talað um að einn nemandi hafi sagt þetta en leyfum okkur að efast um að meirihluti nemenda sé sammála þessari fullyrðingu þar sem meira umstang væri fyrir suma að koma sér í skólann. Eftir samtöl við nokkra nemendur á eldri stigum virðist þessi fullyrðing SFS ekki eiga rétt á sér.
- **Rök SFS: Öflugri frístundaheimili og félagsmiðstöð, meira félagaval tengt starfi frístundaheimila og félagsmiðstöðvar.**
Athugasemd: hægt að hafa meiri samvinnu á milli frístundaheimila og félagsmiðstöðva hverfisskólanna. Í dag er einstaklega gott starf í Vættaskóla/Engi og erum við hrædd um að með fjölgun barna verði erfiðara að halda utan um starfið og það ekki eins persónulegt. Einnig væri fróðlegt að vita hvernig börnin og unglíngarnir upplifi félagavalið þar sem oft er vísað í þau rök varðandi tillöguna en enginn gögn sem hafa verið sýnd sem segja að félagavalið sé vandamál í hverfunum. Einnig teljum við líkur á að eldri bekkingar sækji minna í starf félagsmiðstöðvanna ef þau þurfa að fara langar vegalengdir til að sækja það starf.
- **Rök SFS: Rekstrarform aðskóla getur verið einfaldara og skilvirkara en heildstæðra skóla.**
Athugasemd: Fer eftir rekstri og væri hægt að sameina rekstur þó svo að börnin séu áfram í sínum skólum t.d. varðandi innkaup og nýtingu á sérhæfðum kennurum ásamt yfirstjórn skólanna.
- **Rök SFS: Ekki þarf að auka við húsnæði.**
Athugasemd: Ef reiknidæmið er sett upp þá færu um 130 börn úr Engjum yfir í Borgir og um 60 börn úr Korpu yfir í Vík. Sem gerir samtals 190 börn. Þau börn sem færu úr Vík væru um 110. Á fundinum var talað um að húsnæðin í Borgum og Vík væru sprungin. Ætla má að umtalsverð fjölgun verði á börnum í Borgum vegna nýbyggingar þar. Því má áætla að húsnæðin í Borgum og Vík myndu ekki geta rúmað þann fjölda sem lagt er upp með samkvæmt tillögunni. Áætlunin byggir á því að verið sé að minnka húsnæði og setja fleiri yngri börn í minna rými. Þar af leiðandi eru færri fermetrar á nemanda og falleg bygging Korpuskóla vanýtt eign þar sem ekki var komin niðurstaða hvað yrði gert við bygginguna og að öllum líkindum stæði hún auð í lengri tíma. Ef horft er á tillöguna var talað um að setja aðskóla í Vík og Borgir sem eru þau húsnæði sem eru orðin of lítil nú þegar. Fleiri börn þyrfti að færa yfir í þessa skóla heldur en færu úr skólanum 8.-10. Bekkur Vík. Húsnæðin myndu ekki geta rúmað það starf sem tillagan byggir á.

Dagsetning: 19.03.2019

7. Tillagan SFS

Vegna fækkunar nemenda í Kelduskóla – Korpu og fyrirséðar fjölgunar barna í nemendahópi Borga verði grunnskólalald í norðanverðum Grafarvogi með þeim hætti að: 1. Tveir skólar verði fyrir nemendur í 1.-6./7. bekk (aðskóli) og einn skóli verði safnskóli fyrir unglíngadeild fyrir 7./8. – 10. bekk. 2. Skólalald verði aflagt í Korpu. Frístundaheimili verði í báðum aðskólanna. 2. Félagsmiðstöð unglíngadeilda verði starfrækt í safnskólanum (SFS).

8. Umbreytt tillaga okkar

Fyrri sameining dregin til baka og upphaflegu hverfisskólarnir sem gert var ráð fyrir endurvaktir.

- Engjaskóli 1.-10 bekkur og frístundarheimili
- Borgaskóli 1.-10 bekkur og frístundarheimili
- Víkurskóli 1.-10 bekkur og frístundarheimili
- Korpuskóli 1.-10 bekkur og frístundarheimili

Ein stórar félagsmiðstöðvar fyrir alla 4 skólana fyrir 8.-10.bekki eða tvær minni 1. Engi og Korpu 2. Vík og Borgir.

Ein yfirstjórn yfir öllum 4 skólunum.

Þessa tillögu byggjum við á þeim gögnum sem haldið var frá okkur á fundinum varðandi plássleysi í Víkurskóla ásamt þeim upplýsingum að Borgarskóli væri of lítil fyrir núverandi starfsemi og þá einkum ef það bætast við fleiri börn í Borgarhverfið. Einnig er hún sett fram með öryggi barnanna að leiðarljósi þar sem stutt yrði í skóla og engar hættulegar götur sem börnin þyrftu að ganga yfir á leið í skólann.

Upplýsingar sem haldið var frá okkur á fundinum sem útskýrði hvers vegna væri verið að blanda Vættaskóla í frekari sameiningar við Korpuskóla þó svo að spurt hafi verið sérstaklega út í það á fundinum:

- Víkurhlutinn er nú þegar að berjast við plássleysi. Eina leiðin til að koma Korpuhlutanum fyrir er að 8-10 bekkur fari úr húsinu.
- Frístundin er nú þegar með alltof lítið rými í Vík. Hjartarýmið er 50% of lítið miðað við það sem lög og reglugerðir segja til um og heilbrigðiseftirlitið hefur gert athugasemdir við það. Ef Korpa færi yfir þyrfti að flytja frístundina út úr skólanum í annað húsnæði með tilheyrandi raski og kostnaði.
- Samgöngur eru vægast sagt lélegar. Skólaaksturinn er ekki með það algengar ferðir að það henti öllum og hann hefur reglulega klikkað. Strætór gengur ekki á milli hverfa þannig að erfitt er að sækja félagstarf milli hverfana utan þjónustutíma skólabílsins. Það er enginn gangbraut á milli hverfana eða upplýst sérmerkt svæði þar sem börn geta gengið yfir. Vinsælasta gönguleiðin er yfir braut á golfvelliinum.
- Í áætlun eru byggingar 100 íbúða á Korpusvæðinu sem gæti þýtt 30% aukning íbúa í hverfinu.

9. Spurningum sem enn er ósvarað af SFS sem talið er að skipti máli áður en farið er í þessar aðgerðir:

- Samgöngur:
 - Hvernig verður samgöngum háttað fyrir börnin í skólann þannig að þau séu örugg?
 - Á að byggja göngubrýr, undirgöng, hafa reglulegan akstur og var þetta tekið með í útreikninga á hagræðingarátlaninni?
 - Finnst ykkur boðlegt að börnin gangi í 15-30 mín í skólann? Ekki hafa þau bílpróf og ekki geta allir foreldrar skotist úr vinnu til að skutla börnunum sínum.
 - Hvers vegna er ekki búið að byggja göngubrú eða undirgöng eftir sameiningu Engja og Borgaskóla? Er verið að bíða eftir alvarlegu slysi svo eitthvað verði aðhafst þar sem börn eru að ganga yfir þessa hættulegu götu hjá menntaskólanum?
- Skaðabætur:
 - Var gert ráð fyrir bensínstyrk til fjölskyldna sem þurfa að keyra börnin langar vegalengdir í skólann?
 - Hvað með bætur til fólksins sem á eignir í hverfunum þar sem húsnæðisverð gæti lækkað við þessar aðgerðir og erfitt er að selja eignir í hverfum sem bjóða ekki upp á grunnskóla innan hverfisins og börn þurfa að ferðast langar vegalengdir til að sinna sinni skólaskyldu? Fyrir barnafjölskyldur er það ekki vænlegur kostur fyrir framtíðarhúsnæði.
- Skólahúsnæðið:
 - Hvað á að gera við skólahúsnæðið í Staðarhverfi ef það er ekki nýtt til skólastarfsins?
 - Á að færa starfsemi Brúarskóla í húsnæðið?
 - Er búið að tilkynna íbúðareigendum í hverfinu um þau áform og hvaða afleiðingar það getur haft á íbúðarverð og hverfið í heild sinni?
 - Þarf ekki að gera breytingar á deiliskipulagi þessara hverfa þar sem gert er ráð fyrir skólum?
- Fjöldi nemenda:
 - Var tekið inn í myndina uppbyggingareitina við golfvöllinn? Í áætlun eru byggingar 100 íbúða á Korpusvæðinu sem gæti þýtt 30% aukning íbúa í hverfinu, í hvaða skóla eiga þeir krakkar að fara?
- Starfsfólk:
 - Starfsmenn, faglærðir og ófaglærðir hvað verður um þá?
- Greiningar:
 - Var búið að gera könnun á því hvort félagaval væri raunverulegt vandamál í hverfunum?
 - Var búið að gera könnun á viðhorfi foreldra og nemenda skólanna með þessi áform og hvaða afleiðingar það hefur á fjölskyldurnar?
 - Var búið að rýna í skýrslu frá sameiningu Folda-, Húsa- og Hamraskóla og meta hver ávinningurinn var? Skýrslan kom ekki vel út og því furðulegt að halda þessari þróun áfram.

<https://www.mbl.is/greinasafn/grein/1539719/>

Dagsetning: 19.03.2019

https://reykjavik.is/sites/default/files/ymis_skjol/skjol_utgefid_efni/uttekt_-_addragandi_stofnunar_skola-_og_fristundasvids_og_sameiningarferli_skola_-_januar_-_2015.pdf

- Var búið að greina hvers vegna brottfall nemenda var áberandi meira eftir sameininguna 2012 eða árin 2013-2015?
- Hagræðing:
 - Afhverju var hagræðing í krónum ekki varpað fram á fundinum? Afhverju var ekki gert ráð fyrir bættum samgöngum við þá áætlun?
 - Er gert ráð fyrir ráðgjafakostnaði við að sameina skólana?
 - Er gert ráð fyrir kostnaði vegna aukins fundarhalds til að samræma skólana?
 - Var búið að greina hversu marga starfsmenn væri hægt fækka um ef af þessu verður? Afhverju var það ekki sýnt á fundinum?
 - Afhverju hefur hagræðing á fyrri sameiningum ekki verið birt opinberlega? Var raunverlegur sparnaður í þeim aðgerðum?
- Samráðshópur:
 - Afhverju var gefinn svona stuttur tími til að safna saman gögnum?
 - Afhverju eru aðeins tveir foreldrar í hópnum? eru þeir ekki helstu hagsmunaaðilar?
 - eru skólastjórar vanhæfir í þessa vinnu þar sem þeir munu væntanlega fá herra kaup við að stýra fjölmennari skóla?
 - Verður raunverulega hlustað á þau rök sem koma fram?

Í von um að hlustað verði á foreldra og íbúðareigendur hverfanna

Höfundur: Katrín Pétursdóttir móðir stúlku í 1.bekk Vættaskóla Engi.

Reykjavíkurborg
b.t. Helga Grímssonar, sviðsstjóra
Skóla- og frístundasvið

Reykjavík, 6. nóvember 2019
Tilv. SFS2019020105

Efni: Umsögn stjórnar foreldrafélags Kelduskóla, f.h. foreldra barna í skólanum, við samþykktu tillögu á fundi skóla- og frístundaráðs hinn 22. október sl. um framtíðarskipulag skóla- og frístundastarfs í norðanverðum Grafarvogi

Vísað er til erindis þíns til stjórnar foreldrafélags Kelduskóla, dags. 22. október sl., þar sem óskað er umsagnar foreldrafélagsins við tillögu skóla- og frístundaráðsfulltrúa Samfylkingarinnar, Viðreisnar og Pírata, sem samþykkt var á fundi skóla- og frístundaráðs hinn 22. október sl., um framtíðarskipulag skóla- og frístundastarfs í norðanverðum Grafarvogi. Ljóst er að áætlanir þessar, sem meirihlutinn í Reykjavík stendur fyrir, miða að því að loka Kelduskóla Korpu sem staðsettur er í Staðahverfi og stefna þar með hverfabýggð í hættu, ásamt því að umturna um leið núverandi skólahaldi í norðanverðum Grafarvogi með keðjuverkandi neikvæðum afleiðingum fyrir um 820 börn.

Foreldrafélag Kelduskóla, f.h. foreldra barna í skólanum, vinnur ötullega að því að standa vörð um hagsmuni og stuðla að bættum réttindum barna í skólanum. Það er mat okkar að fyrrgreindar breytingar séu ekki til þess fallnar að bæta skólastarfið og vinni raunar þvert gegn hagsmunum þeirra barna sem breytingarnar taka til. Í því sambandi ber fyrst að nefna að gríðarlega öflugt og faglegt starf fer fram í Kelduskóla Korpu sem foreldrum og börnum sem sækja skólann er umhugað um að standa vörð um og efla með öllum tiltækum ráðum. Skólinn er einn af örfáum þekkingarskólum á landinu og var þess utan verðlaunaður af skóla- og frístundasviði Reykjavíkurborgar fyrir framúrskarandi starf auk þess sem hann var tilnefndur sem einn af fjórum þekkingarskólum í Reykjavíkurborg. Það skýtur því skökku við að heyra nú af samþykkt meirihlutans á tillögu þess efnis að loka beri skólanum með vísan til fækkunar barna í hverfinu, enda tala staðreyndir öðru máli eins og hér verður næst rakið.

Staðreyndir málsins eru þær að í gildandi deiliskipulagi fyrir Staðahverfi er gert ráð fyrir grunnskóla fyrir 170 börn og hefur því ávallt legið fyrir að gert sé ráð fyrir því að Korpuskóli sé lítill skóli. Í dag eru börn með skráð lögheimili í hverfinu komin yfir þá tölu sem upphaflega er gert ráð fyrir í deiliskipulagi hverfisins þegar það væri í jafnvægi (120 börn), þar sem um 140 börn eru nú með skráð lögheimili í hverfinu. Í umræðum meirihlutans í

Reykjavík hefur því verið haldið fram að fjöldi grunnskólabarna í Staðahverfi sé í kringum 60 börn og því standi skólahald ekki undir sér. Það sem aftur á móti hefur ekki verið vilji til að nefna í opinberri umræðu er það að eldri börnum í hverfinu hefur með markvissum aðgerðum meirihlutans í borgarstjórn verið beint í aðra skóla utan hverfisins eftir að mygla kom upp í skúrum sem hýstu börn á unglingastigi. Á þeim tíma voru aðgerðirnar kynntar sem tímabundnar og foreldrum þeirra barna sem undir aðgerðirnar féllu lofað að börnin fengju að snúa aftur í skólann þegar umbætur hefðu átt sér stað í húsnæðismálum. Þau loforð var aftur á móti ekki staðið við en samgöngubótum heitið í þeirra í stað. Skemmst er frá því að segja að loforð um samgöngubætur hafa enn þann dag í dag ekki verið efnd og engar umbætur átt sér stað í samgöngumálum á svæðinu. Það er því fráleitt að halda því fram í umræðunni að hugmynd um að flytja börn í aðra skóla utan hverfisins gangi upp með vísan til aukinna samgönguúrþóta sem hingað til hefur enginn fótur verið fyrir. Óvissuástand varðandi framtíð Korpuskóla er ein helsta ástæða þess að foreldrar í Staðarhverfi hafa fundið sig knúin til að sækja um skólavist fyrir börn sín í öðrum hverfum og er ástæðan því sannarlega ekki sú að foreldrar kjósi að senda börn sín í skóla utan hverfisins. Enginn fótur er því fyrir því að halda því fram að börnum í hverfinu fari fækkandi. Með vísan til deiliskipulags í Staðahverfi hafa íbúar því haft réttmætar væntingar til þess að geta nýtt sér þá lögbundnu grunnþjónustu sem nú er veitt í hverfinu, þ. á m. að senda börn sín í grunnskóla í hverfinu. Að mati foreldra er ennfremur augljóst að fyrirætlanir meirihlutans hafa áhrif á fasteignamat og eru auk þess brot á deiliskipulagi, sem vissulega er ígildi lagasetningar.

Hugmyndir meirihlutans hafa þó ekki einungis óhagræði í för með sér fyrir börn í Staðarhverfi enda er hugmyndin sú að samhliða því að leggja niður skólann í Staðarhverfi verði Kelduskóli - Vík gerður að safnskóla fyrir unglunga í norðanverðum Grafarvogi. Þannig hafa breytingarnar í raun í för með sér keðjuverkandi óhagræði fyrir allt upp í 820 börn á grunnskólaaldri í norðanverðum Grafarvogi. Í öllu falli er ljóst að nái breytingarnar fram að ganga mun u.þ.b. helmingur barna á grunnskólaaldri þurfa að sækja skóla út fyrir sitt eigið hverfi. Gefur auga leið að óhagræðið er mest fyrir börn sem tilheyra yngstu kynslóðinni sem þurfa mörg hver að ferðast langar vegalengdir yfir umferðarþungar götur til að sækja skóla utan síns hverfis. Eins og þegar hefur verið vísað til hefur allt frá árinu 2012 staðið til að betrubæta samgöngur í norðanverðum Grafarvogi. Vanefnd loforð meirihlutans sem og reynsla af skólaakstri hingað til gefur foreldrum ekki góð fyrirheit um betrubætta þjónustu í samgöngumálum. Þá eru hugmyndir um að koma til móts við þau börn sem búa í löngu göngufæri frá nýjum skólum með skólarútum auk þess í hrópandi andstöðu við ákall alþjóðasamfélagsins um að taka mið af umhverfissjónarmiðum við ákvarðanatökur hins opinbera. Ljóst er að skólaakstur er afar kostnaðarsamur fyrir sveitarfélagið og auk þess ekki forsvaranlegur m.t.t. kolefnislosunar út í andrúmsloftið. Auk kolefnisfótsporsins, sem augljóslega leiðir af tillögu um skólaakstur, er til þess að líta að skólaakstur hentar ekki þegar börn þurfa að sækja frístund eða hitta félagi sem þau hafa kynnst í skólanum og búsettir eru í öðrum hverfum. Ljóst er af framangreindu að gríðarlegt umferðaróryggi og slyshætta fylgir tillögunum auk óhagræðis fyrir foreldra sem standa frammi fyrir því að þurfa að hlaupa undir bagga með akstri á milli hverfa eftir skólatíma er skólaaksturs nýtur ekki við.

Þá er sorglegt að horfa til þess að í umræðum meirihlutans hefur því verið haldið fram að samráð hafi átt sér stað við foreldra barna í hverfinu og í nærliggjandi hverfum. Staðreyndin er hins vegar sú að ekkert haldbært samráð hefur átt sér stað og því síður verið hlustað á sjónarmið foreldra sem mótmælt hafa harðlega lokun skólans og umbyltingar á skólakerfinu í norðanverðum Grafarvogi. Fyrir liggur að einn starfshópur hefur verið stofnaður fyrir þau 820 börn sem búsett eru í norðanverðum Grafarvogi og fengu einungis tveir foreldrar sæti í þeim starfshópi. Þá var settur saman rýnihópur með 24 foreldrum sem gefinn var ein klukkustund til að setja fram sín sjónarmið. Einn fundur hefur verið haldinn á vegum skóla- og frístundasviðs með íbúum í Grafarvogi þar sem hugmynd um lokun Korpuskóla mætti gríðarlegri andstöðu íbúa og í kjölfar þessa hafa foreldrar sjálfir þurft að kalla eftir fundi með kjörnum fulltrúum við dræmar undirtektir meirihlutans. Staðreyndin er því sú að hvorki hefur verið hlustað á mótbáru foreldra við fyrirætlunum meirihlutans né tillögur þeirra að öðrum áætlunum sem miða að því að standa vörð um faglega og rekstrarlega uppbyggingu Kelduskóla Korpu, t.a.m. með sameiningu grunn- og leikskóla eins og Reykjavíkurborg fyrirhugar í Skerjafirði. Með því móti myndu áhugaverð tækifæri bjóðast nemendum á yngsta stigi eins og tíundað hefur verið í áætlunum um samsvarandi skóla í Skerjafirði. Gríðarleg samastaða er meðal foreldra um að sporna gegn framangreindum fyrirætlunum og hafa margir foreldrar brugðið á það ráð að senda fjöldapósta á borgarfulltrúa í Reykjavík þar sem þrýst hefur verið á þá að láta af hugmyndum meirihlutans. Þá hafa margir foreldrar einnig lýst afstöðu sinni til breytinganna í fjölmiðlum með svo gott sem engum undirteknum eða áheyrn frá meirihlutanum. Þá hafa jafnframt grunnskólakennarar í skólanum sent frá sér ákall um að látið verði af umræddum áformum.

Rekstur grunnskóla er lögbundin grunnþjónusta og eiga öll börn á grunnskólaaldri rétt á því að sækja skóla í sínu nærumhverfi. Foreldrar telja þær tillögur og ástæður sem lagðar hafa verið fram af hálfu skóla- og frístundaráðs Reykjavíkurborgar vegna fyrirhugaðra breytinga órökstuddar og beinlínis vinna gegn hagsmunum barna á grunnskólaaldri í norðanverðum Grafarvogi. Þannig verði systkinum og vinum tvístrað og uppbygging og fasteignavirði Staðarhverfisins lagt í hættu. Þekkjast dæmi um það að íbúaf lutningar úr Staðarhverfi séu nú þegar hafnir vegna umræddra áforma meirihlutans. Óhætt er því að segja að áætlanirnar séu foreldrum og börnum í norðanverðum Grafarvogi afar þungt áhyggjuefni.

Þá er það grundvallar meginregla í íslenskum rétti að allar ákvarðanir sem varða börn skuli fyrst og fremst miða að því að tryggja hagsmuni barna. Skal ennfremur tryggt við slíka ákvarðanatöku að sjónarmið barna og forsjáradila þeirra fái hljómgrunn og því afar mikilvægt að virkt og faglegt samráð eigi sér stað áður en ákvörðun er tekin. Sjónarmið um hagræðingu í rekstri og sparnað eru ekki forsvaranleg við slíkar ákvörðunartök. Þá er það jafnframt ekki forsvaranlegt að spara í lögbundinni grunnþjónustu til að eyða svo sparnaðinum í önnur verkefni sem ekki eru lögbundin. Það er á ábyrgð Reykjavíkurborgar að bregðast við fjárhagslegum halla án þess að slíkt bitni á lögbundinni grunnþjónustu og hagsmunum barna á grunnskólaaldri í Grafarvogi. Forgangsatriði hjá Reykjavíkurborg ætti því að vera að veita auknu fjármagni til viðhalds og stuðnings inn í hverfisskólana þannig

að þeir nái að reka sig áður en til frekari sparnaðaraðgerða á borð við lokun skóla og sameiningar kemur til skoðunar. Slíkar fyrirætlanir hafa mjög afdrifaríkar afleiðingar í för með sér fyrir viðkomandi hverfi enda byggist byggðin upp í kringum skólana. Sögulegt góðæri er nú í rekstri borgarinnar og auk þess er ljóst að foreldrar í Staðarhverfi skila um milljarði á ári til hennar. Það er ákall foreldra að þeir fjármunir verði nýttir í samræmi við þann vilja foreldra sem hér hefur verið nefndur.

Foreldrar í Grafarvogi eru þeirrar skoðunar að tími sé kominn til að taka á þeirri meinsemd sem úrelt viðhorf til vinnubragða meirihlutans er augljóslega orðin og standa vörð um skólana okkar sem eru hjartað í hverfunum og algjör forsenda fyrir hverfabýggð. Kjörnir fulltrúar eiga að okkar mati að vinna í samræmi við vilja þeirra íbúa sem ákvarðanir þeirra beinast að og átta sig á því að starf þeirra er þjónustustarf en ekki yfirboðarastarfi þar sem ákvarðanir eru teknar í geðþótta, svo jaðri við valdniðslu. Verði ekki fallið frá fyrirætlunum meirihlutans eða íbúakosningu um tillögurnar hrint af stað er þolinmæði foreldra í Víkur- og Staðahverfi á þrotum og allur réttur áskilinn til að leita lögbundinna leiða til að sporna gegn þeim fyrirætlunum sem meirihlutinn í borginni hefur í hyggju að þröngva yfir á íbúa og börn hverfisins. Enda miða áætlanirnar að mati foreldra alls ekki að því að standa vörð um hagsmuni barna.

Við skorum á Reykjavíkurborg að hörfa alfarið frá umræddum áformum um lokun Kelduskóla og setja í forgang að leysa þann vanda sem upp er kominn með hverfislegum stuðningi, án þess að umbylta rótgrónu skólakerfi í Grafarvöginum.

Virðingarfyllst,
f.h. stjórnar foreldrafélags Kelduskóla,

Sævar Reykjalín
formaður

Tillaga skóla- og frístundaráðsfulltrúa Samfylkingarinnar, Viðreisnar og Pírata um skóla- og frístundastarf í norðanverðum Grafarvogi

Lagt er til að skólahald í norðanverðum Grafarvogi verði með þeim hætti frá og með upphafi skólaárs 2020-2021 að tveir grunnskólar verði fyrir nemendur í 1.-7. bekk, annar í Borgum og hinn í Engi. Einn unglingaskóli verði í Vík fyrir 8. – 10. bekk sem starfi samkvæmt hugmyndafræði nýsköpunarskóla. Skólastjóri verði í hverjum skóla. Skólarnir taki upp sín fyrri nöfn, þ.e. Borgaskóli, Engjaskóli og Víkurskóli.

Skólahald verði aflagt í starfsstöðinni Korpu þar til fjöldi barna í Staðahverfi á aldrinum 6 – 12 ára (1. – 7. bekk) hefur náð 150 nemendum. Ákvörðun um áframhald skólahalds fyrir börn í Staðahverfi verði þá endurskoðað í nánú samstarfi við foreldra og íbúa Staðahverfis. Fram að þeim tíma tilheyrir Staðahverfi skólahverfi Engjaskóla á yngra og miðstigi og Víkurskóla á unglingastigi. Umhverfissvænn skólaakstur verði fyrir börn í 1. – 4. bekk í Staðahverfi í Engjaskóla frá Korpuskóla. Nemendur á mið- og unglingastigi í Staðahverfi hafi val um það að fá skólaakstur eða ókeypis strætókort til afnota að eigin vali.

Frístundaheimili verði starfrækt í Borgaskóla og Engjaskóla og þar fari einnig fram félagsmiðstöðvastarf fyrir 10-12 ára nemendur. Félagsmiðstöð unglínga verði starfrækt í Víkurskóla.

Tryggðar verði samgöngubætur til þess að auka umferðaröryggi gangandi og hjólandi vegfarenda og til að tengja betur öll hverfi í norðanverðum Grafarvogi.

- Göngu- og hjólaleiðir verði bættar til að gera skóla-, frístunda- og íþróttastarf aðgengilegra fyrir íbúa í öllum norðanverðum Grafarvogi.
- Undirgöng eða ámóta örugg göngu- og hjólaleið verði sett við Strandveg/Víkurveg á milli Garðsstaða og Breiðavíkur.
- Sett verði upp gönguljós og þrenging götu við Mosaveg.
- Unnið verði að úrbótum á almenningsamgöngum, með áherslu á fjölgun biðstöðva og tíðari ferðir.

Gerðar verði breytingar á hverfamörkum skólanna til að tryggja gott jafnvægi nemendafjölda í skólunum.

Lögð er áhersla á að leitað verði leiða til að húsnæði Korpu nýtist áfram í skóla- og frístundastarf, með það að markmiði að foreldrar hafi val um skóla- og frístundaúræði fyrir börn sín. Í því sambandi verði m.a. leitað eftir áhuga sjálfstætt starfandi skóla og byggingin kynnt fyrir þeim aðilum sem vilja hefja þar starfsemi.

Lagt er til að innleiðingarhópar verði skipaðir til að vinna að markvissri og farsælli innleiðingu breytinganna, einn hópur fyrir hvern skóla/frístundaheimili/félagsmiðstöð og einn yfirhópur sem tryggi að samfella skapist í skipulagi skólahalds, frístundastarfs og samgöngumála. Innleiðingarhóparnir starfi að minnsta kosti til ársloka 2020. Innleiðingarhópur hvers skóla/frístundaheimilis/félagsmiðstöðva verði skipaður fulltrúum skólastjórnenda, kennara, nemenda og foreldra, frístundaheimila/félagsmiðstöðvar, og fulltrúum skóla- og frístundasviðs. Í yfirhópi verði fulltrúar skólastjórnenda, foreldra, kennara, stjórnendateymis Gufunesbæjar og fulltrúar skóla- og frístundasviðs. Í vinnunni verði sérstaklega hugað að breytingum í starfsmannahaldi og stefnt að því að eðlileg starfsmannavelta leysi sem mest af breytingunum og tryggt sé að öllum starfsmönnum bjóðist áfram starf hjá skóla- og frístundasviði.

Greinargerð

Á undanförunum áratug hefur nemendum á grunnskólaaldri fækkað verulega í norðanverðum Grafarvogi eða um 180 frá 2012. Þar af hefur nemendum í Kelduskóla-Korpu fækkað um meira en helming eða úr 140 nemendum árið 2012 í 59 nemendur í dag í byggingu sem hönnuð er fyrir 170 nemendur. Miðað við núverandi skipan íbúðahúsnæðis á svæðinu bendir margt til að sú þróun haldi áfram á komandi árum. Þó ber að geta þess að 155 íbúðir eru í byggingu við Móaveg og því mun börnum á grunnskólaaldri fjölga í hverfi Vættaskóla á næstu tveimur árum.

Markmið með tillögunni er að auka námslega og félagslega fjölbreytni fyrir nemendur í öflugum starfseiningum sem eru faglega og fjárhagslega sjálfbærar. Mikilvægur faglegur ávinningur er af þessum breytingum, svo sem möguleikar á ráðningu fjölbreyttari hóps sérfræðinga, aukin tækifæri til teymiskennslu og sameiginlegrar vinnu starfsfólks innan skólanna. Þá býður sameinaður unglingaskóli samkvæmt hugmyndafræði nýsköpunarskóla upp á mun meiri fjölbreytni í námi og félagsmiðstöðvastarfi.

Tillagan felur í sér að settur verði á fót sameinaður unglingaskóli í norðanverðum Grafarvog sem væri skilgreindur sem nýsköpunarskóli og sýndu niðurstöður könnunar og rýnihópavinnu starfshópsins að mikill áhugi er fyrir slíkum skóla. Í flestum námskrám í skólum í Evrópu er farið að leggja meiri áherslu á nýsköpunarþáttinn og hæfni nemenda til að beita tiltekinni hugsun við úrvinnslu viðfangsefna og byggja þannig undir eigin frumkvöðlahæfni. Hæfni frumkvöðulsins er að geta beitt ímyndunaraflinu til að sjá fyrir hluti sem eru ekki til, vera skapandi til að beita ímyndunaraflinu til að takast á við áskoranir og beita síðan nýsköpun til að skapa nýjar lausnir.

Í töflu 1 má sjá fjölda nemenda eftir árgöngum í Kelduskóla – Korpu 1. október síðastliðinn borið saman við meðaltalsfjölda nemenda í sömu árgöngum í öðrum grunnskólum Reykjavíkurborgar. Fyrir utan 6. bekkinn þar sem enginn nemandi stundar nám í Korpu, þá er nemendafjöldinn í Korpu á bilinu 10-29% af meðaltalsfjölda nemenda annarra skóla/starfsstöðva í Reykjavík.

Tafla 1. Fjöldi nem. í Kelduskóla - Korpa og meðaltalsfjöldi í öðrum skólum/starfsstöðum Rvk. eftir árgöngum 1. okt. 2019.

1.okt.19	1. b	2. b	3. b	4. b	5. b	6. b	7. b
Kelduskóli - Korpa	10	9	4	11	12		13
Reykjavík *	41,4	41,8	41,4	45,4	47,1	45,0	44,5

*Meðaltal árganga eftir skólum/starfsstöðum. Kelduskóli – Korpa er utan meðaltals.

Ljóst er að starfsemin í Kelduskóla – Korpu uppfyllir ekki viðmið skóla- og frístundasviðs um lágmarksfjölda nemenda í skólaeiningu, en þar er miðað við 140 nemendur í 1.-7. bekk.

Í tillögunni er fjárhagslegur ávinningur áætlaður tæpar 200 milljónir króna á skólaárinu 2020-2021. Í töflu 2 sést hvernig hagræðing í þúsundum króna skiptist niður á kostnaðarliði. Lækkun verður í launakostnaði grunnskóla, en aukning verður í stjórnunarkostnaði þar sem þrír skólastjórar verða í stað tveggja á móti því sem þrír aðstoðarskólastjórar verða í stað fjögurra í dag. Innri leiga lækkar verulega þar sem leiga fellur niður á húsnæði Korpuskóla og annar kostnaður lækkar vegna t.d. rafmagns og hita en eykst vegna skólaaksturs. Mesta hagræðing

vegna reksturs frístundaheimila og félagsmiðstöðva verður vegna fækkunar um þrjá forstöðumenn.

Tafla 2. Áætluð rekstrarhagræðing á skólaárinu 2020-2021 (SFS, 2019).

Hagræðing við rekstur skóla- og frístundastarfsemi í norðanverðum Grafarvogi skólaárið 2020-2021 - áætlað	
Launakostnaður	72.969
Innri leiga Korpa	90.565
Rekstur félagsmiðstöðva	11.342
Rekstur frístundaheimila	5.761
Annar rekstrarkostnaður	13.759
Samtals hagræðing	194.396

Skóla- og frístundaráð sendi erindi til umhverfis- og skipulagssviðs Reykjavíkurborgar þann 25. júní síðastliðinn, þar sem óskað var eftir umsögn umhverfis- og skipulagssviðs um tillögur starfshóps um framtíðarskipulag skóla- og frístundastarfs í norðanverðum Grafarvogi. Í umræddu erindi sem byggt var á bókun skóla- og frístundaráðs var óskað eftir mati á “raunhæfni og fýsileika þess að ráðast í uppbyggingu á þróunarsvæðum í Staðahverfi” og mögulegri tímasetningu uppbyggingar, miðað við bindandi markmið gildandi aðalskipulags.

Í svari umhverfis- og skipulagssviðs Reykjavíkurborgar segir m.a.:

Það er ljóst að fyrir liggja miklir möguleikar á að þetta íbúðarbyggð víða innan borgarinnar og þróunarreitir sem nú þegar hafa verið skilgreindir gætu jafnvel mætt íbúðarþörf fram til ársins 2050. Vegna þessa er mikilvægt að uppbyggingarsvæðum verði forgangsraðað mjög markvisst í fyrirhugaðri aðalskipulagsbreytingu, í samræmi við ofangreind megin markmið. Í takti við þetta yrði uppbygging á umræddum reitum við Víkurveg og Korpúlfsstaðaveg tæplega sett í forgang á næstu árum. Samkvæmt nýlegu samkomulagi um uppbyggingu samgönguinnviða á höfuðborgarsvæðinu, er gert ráð fyrir því að sá framkvæmdaáfangi Borgarlínu sem nær að Spönginni, verði í fyrsta lagi á dagskrá árið 2029. Á grundvelli þessa er ekki líklegt að ráðist yrði í verulega þéttingu í norðanverðum Grafarvogi fyrr en í kringum 2030.

Fjöldi barna á grunnskólaaldri og skipting í húsnæði

Miðað við fjöldapróun nemenda á grunnskólaaldri á næstu fimm árum gæti samsetning nemenda í skólunum þremur verið eins og fram kemur í eftirfarandi töflu. Gert er ráð fyrir fjölgun nemenda frá íbúum við Móaveg. Gert er ráð fyrir einni félagsmiðstöð í safnskóla á unglíngastigi og tveimur frístundaheimilum í yngri barnaskólum. Með þessu fyrirkomulagi væri hægt að bæta við 83 nemendum á unglíngastigi og um 216 nemendum á yngra stigi.

Tafla 3 sýnir hvað skólahúsnæði í norðanverðum Grafarvogi rúmar marga nemendur að teknu tilliti til núverandi skólahlads, nemendaspár og viðmið um rými fyrir nemendur, starfsemi frístundaheimila og félagsmiðstöðvar.

Tafla 3. Skólahúsnæði í Grafarvogi og viðmið um rými fyrir skóla- og frístundastarf miðað við nemendaspá.

Tveir aðskólar í Borgum og Engi, einn safnskóli í Vík. Korpu lokað. Tölur m.v. spá 2024 með uppbyggingu á Móavegi						
Skólabyggingar í norðanverðum Grafarvogi	Stærð skólabyggingar í fermetrum	Fjöldi fermetra í frístundaheimili/ félagsmiðstöð	Fjöldi fermetra í skólustarfsemi	Fjöldi nem. sem rúmast í hverri skólabyggingu	Nemendaspá og möguleg skipting þeirra í skólabyggingar 2024-2025	Mögulegur fjöldi nemenda til viðbótar
Borgir	3930	140	3790	345	262	83
Engi	4483	140	4343	395	262	133
Vík	3950	80	3870	352	269	83
Samtals fermetar/börn	12.363	360	12.003	1.092	793	299

Með vísan í umsögn umhverfis – og skipulagssviðs Reykjavíkurborgar, fækkun nemenda í hverfinu og skýrslu starfshóps um framtíðarskipulag í norðanverðum Grafarvogi sem lögð var fyrir skóla- og frístundaráð í júní 2019, leggur skóla- og frístundaráð til ofangreinda tillögu.

Fylgiskjal:

Til nánari upplýsingar er í töflu 4 nýjustu nemendafjöldatölur og skipting eftir árgöngum í almennu skólum og starfsstöðum Reykjavíkur.

Tafla 4. Nemendafjöldatölur 1. október 2019 í almennu skólum og starfsstöðum Reykjavíkur.

Skóli	1.b.	2.b.	3.b.	4.b.	5.b.	6.b.	7.b.	8.b.	9.b.	10.b.	Heildarsumma
Austurbæjarskóli	30	35	29	35	41	49	58	43	44	36	400
Árbæjarskóli	63	36	53	52	46	56	48	98	105	101	658
Ártúnsskóli	22	28	30	24	36	15	36				191
Breiðagerðisskóli	56	65	61	54	53	53	62				404
Breiðholtsskóli	41	46	42	40	44	46	51	46	44	25	425
Dalskóli	30	42	33	40	31	33	23	27	29	17	305
Fellaskóli	27	22	38	36	35	31	39	33	30	32	323
Foldaskóli	28	33	29	41	42	43	37	76	82	85	496
Fossvogsskóli	41	33	51	43	57	56	47				328
Grandaskóli	50	54	58	68	43	32	52				357
Hagaskóli								176	199	192	567
Hamraskóli	32	28	31	17	16	29	21				174
Háaleitisskóli - Álftamýri	41	37	43	42	39	36	41	45	32	25	381
Háaleitisskóli - Hvassaleiti	18	8	24	25	35	28	21				159
Háteigsskóli	35	42	39	37	65	43	41	52	49	48	451
Hlíðaskóli	61	49	40	56	64	48	48	51	52	40	509
Hólabrekkuskóli	59	59	61	48	46	56	34	42	58	45	508
Húsaskóli	18	21	18	15	30	28	24				154
Ingunnarskóli	32	37	28	39	46	45	40	34	41	45	387
Kelduskóli - Korpa	10	9	4	11	12		13				59
Kelduskóli - Vík	24	31	30	27	21	29	15	46	16	37	276
Klébergsskóli	16	13	8	13	14	7	14	11	18	10	124
Langholtsskóli	56	65	64	71	80	82	84	62	61	56	681
Laugalækjarskóli							97	80	88	79	344
Laugarnesskóli	106	94	69	100	103	86					558
Melaskóli	64	64	75	104	79	94	90				570
Norðlingaskóli	58	58	62	69	78	63	60	60	55	47	610
Réttarholtsskóli								138	125	138	401
Rimaskóli	52	66	57	44	66	44	51	44	53	47	524
Selásskóli	30	30	25	39	32	27	30				213
Seljaskóli	73	63	61	71	68	78	60	74	55	63	666
Sæmundarskóli	39	55	40	58	44	42	54	44	58	50	484
Vesturbæjarskóli	39	48	43	55	44	56	64				349
Vogaskóli	34	26	30	35	39	39	32	38	27	32	332
Vættaskóli - Borgir	23	18	21	23	60	46	43				234
Vættaskóli - Engi	26	22	23	25				48	43	52	239
Ölduselsskóli	43	51	49	51	56	64	51	44	51	49	509
Heildarsumma	1377	1388	1369	1508	1565	1484	1481	1412	1415	1351	14350



Skóla- og frístundasvið
Helgi Grímsson, sviðsstjóri
Borgartúni 12-14
105 REYKJAVÍK

Beiðni um álit í tengslum við ráðgerðar breytingar á skólalaldi í norðanveðrum Grafarvogi

Með bréfi, dags. 29. október 2019, óskaði sviðsstjóri skóla- og frístundasviðs eftir álit borgarlögmanns á því hvort gera þurfi breytingar á deiliskipulagi í tengslum við ráðgerða aflagningu starfsstöðvarinnar í Korpu, ekki síst með tilliti til framlagðrar bókunar skóla- og frístundaráðsfulltrúa Sjálfstæðisflokksins um að með ákvörðuninni væri verið að brjóta á íbúum þannig að Reykjavíkurborg gæti hugsanlega skapað sér skaðabótaskyldu gagnvart íbúum í hverfinu.

I.

Skipulagsáætlanir um svæðið

Í Aðalskipulagi Reykjavíkur 2010-2030 er landnotkun svæðisins sem um ræðir skilgreind sem samfélagsþjónusta. Í skipulagsreglugerð nr. 90/2013 er landnotkunarflokkurinn samfélagsþjónusta skilgreindur með eftirfarandi hætti:

„Svæði fyrir stofnanir og fyrirtæki sem óháð eignaraðild veita almenna þjónustu við samfélagið, svo sem menntastofnanir, heilbrigðisstofnanir, menningarstofnanir, félagslegar stofnanir, trúarstofnanir og aðrar þjónustustofnanir ríkis, sveitarfélaga eða annarra aðila.“

Um þá landnotkun segir enn fremur í greinargerð aðalskipulagsins eftirfarandi:

„Á þéttbýlisuppdrætti og landnotkunarkortum fyrir einstaka borgarhluta er gerð grein fyrir svæðum fyrir helstu stofnanir sem þjóna viðkomandi skólalhverfi, borgarhluta eða stærra svæði, s.s. grunnskólar, framhaldsskólar, trúarstofnanir og heilbrigðisstofnanir.“

Í aðalskipulaginu kemur fram, á teikningu á bls. 295, að á þessu svæði sé grunnskóli. Í deiliskipulagi svæðisins, frá árinu 1996, er gert ráð fyrir tveggja hæða skólabyggingu á lóðinni ásamt að minnsta kosti 60 bílastæðum og í greinargerð með deiliskipulaginu kemur fram að grunnskólinn sé fyrir 1. - 10. bekk. Með auglýsingu birtri í B-deild Stjórnartíðinda 20. júlí 2004 tók gildi breyting á því deiliskipulagi. Fólst breytingin helst í því að stækka lóðina til samræmis við mæliblað, afmarka byggingarreiti og fjölga innkeyrslum á lóðina.

Samkvæmt 1. mgr. 37. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 er deiliskipulag skipulagsáætlun fyrir afmarkað svæði eða reit innan sveitarfélags. Í deiliskipulagi eru teknar ákvarðanir um lóðir, lóðanotkun, byggingarreiti, byggðamynstur, þ.m.t. nýtingarhlutfall, útlit mannvirkja og form eftir því sem við á og aðrar skipulagsforsendur sem þurfa að liggja fyrir vegna byggingar- og

framkvæmdaleyfa.

Á hinn bóginn felur deiliskipulag ekki í sér skyldu til framkvæmda eða eftir atvikum til að halda úti þar tilgreindri starfsemi eða þjónustu nema það komi skýrt fram í skipulagsskilmálum. Um þetta atriði má vísa til úrskurðar úrskurðarnefndar umhverfis- og auðlindamála í máli nr. 101/2013. Þar fór kærandi fram á það að Akureyrarbær lyki við framkvæmdir í samræmi við deiliskipulag, þ.e. uppsetning umferðar- og gangbrautarljósa sem og gangbrautar. Jafnvel þótt málinu hafi verið vísað frá úrskurðarnefndinni, þar sem ekki lá fyrir kæránleg ákvörðun, þá koma þar meðal annars fram eftirfarandi rök um þetta atriði:

„Það má þó ljóst vera að framkvæmdaraðili verður ekki knúinn til framkvæmda samkvæmt deiliskipulagi, hvort sem leyfi hefur verið gefið út vegna þeirra eða ekki, enda geta framkvæmdir eðli málsins samkvæmt verið háðar ýmsum ytri aðstæðum, s.s. fjármagni.“

Í umræddu máli var deilt um skyldu sveitarfélags til þess að ljúka við framkvæmdir í samræmi við skipulag, en ekki tekið beint á því álitaefni hvort sveitarfélagi sé skylt að halda úti starfsemi eða þjónustu samkvæmt deiliskipulagi sem sé þegar til staðar. Engu að síður má þó heimfæra rök úrskurðarnefndarinnar yfir á það álitaefni, þ.e. að ytri aðstæður hafi áhrif á það hvort sveitarfélagi eða eftir atvikum atvikum handhafa lóðarréttinda beri að halda úti tiltekinni starfsemi eða þjónustu í samræmi við deiliskipulag. Ytri aðstæður eins og til að mynda fjármagn, eða eins og á við í þessu tilviki, fjöldi þjónustuþega hlýtur eðli málsins samkvæmt að geta haft áhrif þar á. Þannig er sveitarfélagi ekki skylt að halda úti grunnskólaþjónustu í tilteknu húsnæði í samræmi við deiliskipulag, óháð ýmsum ytri aðstæðum.

Með landnotkunarákvörðun í skipulagi er kveðið á um hvað er heimilt að ráðstafa landi til nota á viðkomandi svæði en ekki hvað er skylt að gera í þeim efnum. Ef til að mynda verslun myndi leggjast af á afmörkuðu svæði þá er ekki nauðsynlegt að breyta deiliskipulagi eingöngu vegna þess. Með sama hætti verður sveitarfélagi ekki gert skylt að halda úti starfsemi í grunnskóla samkvæmt deiliskipulagi þar til eftir atvikum skipulagi reitsins/svæðsins verður breytt, eða á meðan ákvörðun um framtíðarnotkun lóðarinnar liggur ekki fyrir. Má sem dæmi nefna lóðirnar Hlíðarbraut 10 og 12 þar sem starfræktur var leikskóli í Hafnarfirði. Í deiliskipulagi frá árinu 2014, sem tekur til þeirra lóða, kemur fram að landnotkun Hlíðarbrautar 10 og 12 sé þjónustustofnun, kemur jafnframt fram að þar sé leikskóli. Á fundi bæjarstjórnar Hafnarfjarðarbæjar, dags 9. desember 2015, var samþykkt fjárhagsáætlun sem gerði ráð fyrir því að starfstöð leikskóla að Hlíðarbraut yrði lokað og var starfsemi þar lögð niður í kjölfar þeirrar ákvörðunar án breytinga á deiliskipulagi.

Með vísan til framangreinds þá er það mat borgarlögmans að ekki þurfi að breyta deiliskipulagi áður, eða samhliða, því að grunnskólarekstri í Korpu verði hætt. Ef á hinn bóginn það lægi fyrir að það ætti að breyta nýtingu lóðarinnar í veigamiklum atriðum þá þyrfti að breyta deiliskipulagi og eftir atvikum aðalskipulagi því til samræmis.

II.

Möguleg skaðabótaskylda

Leiði skipulag eða breyting á skipulagi til verðmætaskerðingar fasteignar getur mögulega, að ákveðnum skilyrðum uppfylltum, stofnast skaðabótaskylda á hendur sveitarfélagi, sbr. 1. mgr. 51. gr. skipulagslaga nr. 123/2010. Það skal áréttað að í samræmi við skilyrði þessa ákvæðis þarf þó verðmæti fasteignar að skerðast verulega, umfram það sem á við um aðrar sambærilegar eignir í næsta nágrenni. Þá þarf hin verulega verðmætaskerðing fasteignar að

vera bein afleiðing hlutaðeigandi skipulagsákvörðunar. Af því leiðir að ekki er unnt að taka afstöðu til þess hvort breyting á deiliskipulagi geti leitt til skaðabótaskyldu sveitarfélags fyrir en það liggur fyrir hvert efni þeirrar breytingar yrði.

Meginreglan um skaðabótaábyrgð hins opinbera er sakarreglan. Af sakarreglunni leiðir að íbúi sem beinir skaðabótakröfu að opinberum aðila þarf að sýna fram á tjón sem sé bein afleiðing af þeirri ákvörðun sem teljist vera ólögmat og saknæm. Ef ákvörðun stjórnvalds er byggð á réttum lögum, reglum og málefnalegum sjónarmiðum eru að mati borgarlögmanns engar líkur á að til skaðabótaskyldu stofnist.

III.

Samandregnar niðurstöður


Með vísan til þess sem að framan er rakið telur borgarlögmaður að ekki þurfi að breyta deiliskipulagi þegar lögð er af tiltekin starfsemi eða þjónusta sem tilgreind er í deiliskipulagi fyrir viðkomandi svæði. Þannig þurfi ekki að breyta deiliskipulagi áður eða samhliða því að skólalaldi verði hætt í Korpuskóla.

Þá er rétt að geta þess að í þeim gögnum sem sviðsstjóri skóla- og frístundasviðs sendi borgarlögmanni með beiðni um álit þetta kemur fram að börnum í Staðahverfi muni standa til boða skólaakstur frá Korpuskóla til Engjaskóla. Þá standi til að gera úrbætur á samgöngum milli hverfanna til að auka umferðaröryggi. Með hliðsjón af framangreindu er það mat borgarlögmanns að skaðabótaábyrgð vegna þeirrar ákvörðunar að leggja af skólalald í Korpu sé ekki fyrir hendi.



Ebba Schram

Framtíðarskipulag skóla- og frístundastarfs í norðanverðum Grafarvogi



Skýrsla starfshóps

Júní 2019

Efnisyfirlit

Efnisyfirlit	2
Samantekt á niðurstöðum	3
Inngangur	5
Forsaga	6
Starfshópurinn, hlutverk hans og helstu verkefni	7
Fagleg sjónarmið um stærð grunnskóla og fyrirkomulag skólastarfsins	8
Grunnupplýsingar	13
Hagsmunaaðilagreining, rýnihópar, athugasemdir og aðsend erindi	22
Tillögur starfshópsins	28
Lokaorð	35
Heimildir	36
Listi yfir töflur	37
Listi yfir myndir	38
Listi yfir viðauka	38

Samantekt á niðurstöðum

Eftir ítarlega upplýsingaöflun og greiningarvinnu var það einróma niðurstaða starfshópsins að núverandi fyrirkomulag væri ekki vænlegt til framtíðar. Hópurinn leggur þó áherslu á að ef gera á breytingar á fyrirkomulagi skóla- og frístundastarfs í norðanverðum Grafarvogi er mikilvægt að þær skapi sterka framtíðarsýn fyrir svæðið og tryggi festu í að minnsta kosti áratug, eða það tímabil sem nær yfir grunnskólagöngu barns.

Hópurinn velti upp mörgum sviðsmyndum út frá faglegum sjónarmiðum, rekstri, innsendum erindum, umræðum á fundum og hagsmunaaðilagreiningu. Eftir standa tvær tillögur sem hópurinn leggur til að verði skoðaðar. Aftar í skýrslunni fjallar hópurinn svo nánar um tillögurnar og dregur fram styrkleika, veikleika, tækifæri, ógnir, tölfræði og fjárhagsliði sem pólitískt skipaðir fulltrúar geta grundvallað ákvörðun sína á.

Tillaga 1: Vegna fækkunar nemenda í Kelduskóla Korpu og fyrirséðrar fjölgunar barna í nemendahópi Vættaskóla er lagt til að grunnskólahald í norðanverðum Grafarvogi verði með eftirfarandi hætti.

- Tveir skólar verði fyrir nemendur í 1.-7. bekk (aðskóli), annar í Borgum og hinn í Engi. Einn unglingaskóli (nýsköpunarskóli, sjá bls. 11) verði í Vík fyrir 8. – 10. bekk.
- Skólahald verði aflagt í Korpu þar til fjöldi barna í Staðahverfi á aldrinum 6 – 12 ára (1. – 7. bekk) hafi náð 150 nemendum. Nemendur í 8. – 10. bekk verði áfram í Vík.
- Skólastjóri verði í hverjum skóla.
- Frístundaheimili verði starfrækt í báðum aðskólunum.
- Félagsmiðstöð unglunga verði starfrækt í unglingaskólanum.
- Félagsmiðstöðvarstarf 10 – 12 ára færi fram í aðskólunum.
- Umhverfisvænn skólaakstur verði fyrir börn í 1. – 4. bekk í Staðahverfi og þau börn sem þurfa að ganga lengra en 1,5 km leið í skóla- og frístundastarf.
- Skilyrði fyrir breytingum á skólahaldi er að gerðar verði samgöngubætur til þess að auka umferðaröryggi gangandi og hjólandi vegfarenda og til að tengja betur öll hverfi í norðanverðum Grafarvogi.
 - Undirgöng verði sett á valdan stað við Víkurveg.
 - Gönguljós og þrenging götu verði sett á völdum stað við Mosaveg.
 - Göngu- og hjólaleiðir verði einnig bættar til að gera skóla-, frístunda- og íþróttastarf aðgengilegra fyrir íbúa í öllum norðanverðum Grafarvogi.
 - Skoða mætti hvernig hægt er að bæta strætisvagnsamgöngur, t.d. með tíðari ferðum á milli hverfa, tímatöflu sem tekur tillit til þarfa nemenda á grunnskólaaldri og viðbótar stoppi á völdum stað nálægt mótum Mosavegar og Víkurveg.
- Breyta þarf hverfamörkum skólanna til að tryggja góða dreifingu nemenda á milli skólabygginga og skapa þannig gott rými og aðstöðu fyrir skólustarf jafnt sem frístundastarf.

Lagt er til að innleiðingarhópur verði skipaður til að fylgja eftir að forsendur og markmið tillögunnar verði að veruleika. Innleiðingarhópurinn hafi eitt ár til undirbúnings og því komi breytingar á skóla- og frístundastarfi til framkvæmda haustið 2020. Innleiðingarhópurinn starfi áfram í að minnsta kosti eitt ár til að takast á við og vinna úr ófyrirsjáanlegum áskorunum í tengslum við innleiðinguna.

Tillaga 2: Vegna fjölgunar barna í nemendahópi Vættaskóla og mögulegrar þéttingar byggðar í Staðahverfi er lagt til að grunnskólalald og frístundastarf í Grafarvogi verði með eftirfarandi hætti:

- Þrír skólar verði fyrir nemendur í 1.-7. bekk (aðskóli) í Borgum, Engi og Korpu með frístundaheimili í hverjum þeirra. Einn unglingaskóli (nýsköpunargrunnskóli, sjá bls. 11) verði í Vík fyrir nemendur í 8. – 10. bekk.
- Skólastjóri verði í hverjum skóla.
- Frístundaheimili verði starfrækt í öllum aðskólunum.
- Félagsmiðstöð unglinga verði starfrækt í unglingaskólanum.
- Félagsmiðstöðvarstarf 10 – 12 ára færi fram í aðskólunum.
- Skilyrði fyrir breytingum á skólalaldi er að gerðar verði samgöngubætur til þess að auka umferðaröryggi gangandi og hjólandi vegfarenda og til að tengja betur öll hverfi í norðanverðum Grafarvogi.
 - Gönguljós sett upp og þrenging götu á völdum stað við Víkurveg og völdum stað við Mosaveg.
 - Göngu- og hjólaleiðir verði einnig bættar til að gera skóla-, frístunda- og íþróttastarf aðgengilegra fyrir íbúa í öllum norðanverðum Grafarvogi.
 - Skoða mætti hvernig hægt er að bæta strætisvagnasamgöngur, t.d. með tíðari ferðum á milli hverfa, tímatöflu sem tekur tillit til þarfa nemenda á grunnskólaaldri og viðbótar stoppi á völdum stað nálægt mótum Mosavegar og Víkurvegjar.
- Breyta þarf hverfamörkum skólanna til að tryggja góða dreifingu nemenda á milli skólabygginga og skapa þannig gott rými og aðstöðu fyrir bæði skóla- og frístundastarf.
- Ekki liggja fyrir skýr áform um þéttingu byggðar í Staðahverfi. Því óskar starfshópurinn eftir því að umhverfis- og skipulagssvið Reykjavíkurborgar leggi mat á raunhæfni og fýsileika þess að ráðast í uppbyggingu á þróunarsvæði í Staðahverfi sem styður við bindandi markmið gildandi aðalskipulags Reykjavíkurborgar. Auk þess er sérstaklega óskað eftir því að lagt verði raunhæft mat á tímalínu mögulegrar uppbyggingar.
- Verði uppbygging í Staðahverfi að veruleika, liggur fyrir að Korpuskóli mun þjóna fáum nemendum á þeim tíma sem uppbygging fer fram í Staðahverfi. Kanna þarf hvaða kostir eru í stöðunni til að bæta nýtingu húsnæðis og mannauðs á þeim tíma, t.d. starfssemi leikskóla hverfisins, starfsemi farteyma, útibú frá Brúarskóla eða aðra skóla- og frístundatengda starfsemi. Lagt er til að skóla- og frístundasvið geri greiningu á því hvort starfsemi af slíkum toga skili rekstrarhagkvæmni og auki faglega samlegð.

Lagt er til að innleiðingarhópur verði skipaður til að fylgja eftir að forsendur og markmið tillögunnar verði að veruleika. Innleiðingarhópurinn hafi eitt ár til undirbúnings og því komi breytingar á skóla- og frístundastarfi til framkvæmda haustið 2020. Innleiðingarhópurinn starfi áfram í að minnsta kosti eitt ár til að takast á við og vinna úr ófyrirsjáanlegum áskorunum í tengslum við innleiðinguna.

Inngangur

Að skoða og fjalla um breytingar á skólastarfi er ekki létt verk. Starfshópur um framtíð skóla- og frístundastarfs í norðanverðum Grafarvogi hefur þess vegna sinnt því starfi af auðmýkt og þeirri nákvæmni sem sett tímamörk um skil á tillögum leyfðu.

Vinna hópsins hefur verið mjög þétt og umfangsmikil upplýsingaöflun hefur átt sér stað. Við upphaf vinnunnar fékk starfshópurinn í hendur erindisbréf starfshópsins, eldri skýrslur sem fjalla um skólastarf í Grafarvogi auk þeirra athugasemda sem höfðu komið fram á kynningarfundum og í aðsendum erindum frá íbúum og öðrum hagsmunaaðilum.

Hópurinn ákvað strax að vanda vel til verksins og taka til greina þær athugasemdir sem komið höfðu fram auk þess að fylgja því hlutverki og verkefnum sem hópnum var uppálagt í erindisbréfinu.

Eftirfarandi áherslum og vinnulagi var því fylgt í störfum hópsins.

- Hagsmunir barna og unglunga eru í forgrunni við tillögugerðina.
- Lögð er áhersla á að verði breytingar gerðar á skóla- og frístundastarfi í norðanverðum Grafarvogi, muni þær standa til lengri tíma og alls ekki skemur en áratug eða þeim tíma sem samsvarar heilli grunnskólagöngu.
- Tölulegra upplýsinga um íbúapróun og þróun nemendafjölda var aflað.
- Kannaðar voru faglegar forsendur fyrir tillögum starfshópsins.
- Tekin voru viðtöl við rýnihópa nemenda, starfsmanna, foreldra og íbúa í Staðahverfi.
- Hagsmunaaðilagreining var framkvæmd til að draga fram hagsmunaaðila og mikilvæg málefni.
- Upplýsinga var aflað varðandi kostnað við skóla- og frístundastarf í norðanverðum Grafarvogi og nokkrum völdum hverfum í Reykjavík til samanburðar.
- Fyrirkomulag við skólalagd, staðsetning unglíngaskóla og árgangaskipting skóla var rædd.
- Lögð var áhersla á að tryggja öfluga frístundastarfsemi með tillögnum.
- Upplýsinga var aflað um umferðaröryggi, strætivagnasamgöngur, göngu- og hjólaleiðir og fjarlægðir á milli heimilis, skóla og frístundastarfs og tekið tillit til þess við tillögugerðina.
- Starfshópurinn leggur áherslu á að draga lærdóm af fyrri breytingum og/eða sameiningum til að tryggja örugga framvindu í breytingaferlinu og til að fyrirhugaðar úrbætur skili þeim árangri sem til var ætlast og tekið tillit til þess í tillögum hópsins.

Við tillögugerðina lagði starfshópurinn áherslu á að vera trúr þeim sjónarmiðum að hafa hagsmuni barna og unglunga í forgrunni en gæta um leið sanngirni og vera málefnalegur gagnvart öllum sjónarmiðum sem komið hafa fram. Það er von okkar að vel hafi tekist til að draga fram mikilvæg sjónarmið og stuðla jafnframt að því að stöðugleiki skapist í skóla- og frístundastarfinu í norðanverðum Grafarvogi til lengri tíma.

Forsaga

Á síðastliðnum áratug hefur nemendum á grunnskólaaldri fækkað verulega í norðanverðum Grafarvogi eða um 180 frá árinu 2012. Miðað við núverandi skipan íbúðahúsnæðis á svæðinu bendir margt til að sú þróun haldi áfram á komandi árum. Þó ber að geta að 155 íbúðir eru í byggingu við Móaveg og því mun börnum á grunnskólaaldri fjölga í hverfi Vættaskóla á næstu tveimur árum.

Þessar breytingar kalla á að fyrirkomulag skóla- og frístundastarfs í norðanverðum Grafarvogi sé rýnt og endurskoðað til að tryggja farsælt nám og starf auk góðrar nýtingar mannauðs og húsnæðis. Ýmsir kostir hafa verið skoðaðir og breytingar gerðar. Til dæmis hafa bæði leik- og grunnskólar og félagsmiðstöðvar verið sameinaðar á undanförunum árum til að auka fjölbreytni í félagavali, efla faglegt starf og styrkja rekstrarlegan grundvöll. Útlit er þó fyrir, að gera þurfi enn betur.

Á undanförunum mánuðum hefur fagskrifstofa skóla- og frístundasviðs verið að skoða vænlegt fyrirkomulag til framtíðar. Í þeirri vinnu var stuðst við viðmið til grundvallar mögulegra skipulagsbreytinga á starfsstöðvum skóla- og frístundasviðs (Reykjavíkurborg, 2018a) sem voru lögð fram á fundi skóla- og frístundaráðs 12. nóvember 2018 (Reykjavíkurborg, 2018b). Í ljósi þess hefur skóla- og frístundasvið skoðað framtíðarskipan skóla- og frístundastarfs í norðanverðum Grafarvogi með það fyrir augum að tryggja megi faglega og rekstrarlega sterkar stofnanir í hverfinu.

Í þeim viðmiðum sem SFS hefur kynnt, er gengið út frá því að heildstæðir grunnskólar, hvort sem um er að ræða sameinaðan skóla sem nær yfir tvær eða fleiri starfsstöðvar eða stakstæða starfseiningu, séu að lágmarki 200 barna skólar eða 140 barna ef skólinn er eingöngu fyrir 1. – 7. bekk. Frístundaheimili við grunnskóla þjónusti að lágmarki 60 börn, félagsmiðstöð fyrir 5. – 7. bekk 60 börn og félagsmiðstöð fyrir 8. – 10. bekk 60 unglunga. Þá skyldi einnig stefnt að því að yngsta stig grunnskóla væri í nærumhverfi íbúa Reykjavíkur eins og kostur er á. Undantekning frá því getur aðeins verið ef fámenni er svo mikið að ekki séu fjárhagslegar eða faglegar forsendur til að reka eininguna. Einnig er tekið tillit til fjarlægða (göngu-, aksturs- og strætisvagnleiða) á milli starfsstöðva þegar gerðar eru tillögur að sameiningu auk þess sem horft er til lýðfræði hverfanna (sjá viðauka 6).

Í febrúar og mars á þessu ári var tillaga SFS að breytingum á skóla- og frístundastarfi í norðanverðum Grafarvogi kynnt skóla- og frístundasamfélaginu á svæðinu (sjá viðauka 8). Tillagan hlaut harða gagnrýni frá ýmsum hagsmunaaðilum nærsamfélagsins og því ákvað skóla- og frístundaráð á fundi sínum þann 12. mars 2019 að fela sviðsstjóra SFS að skipa starfshóp um framtíð skóla- og frístundastarfs í norðanverðum Grafarvogi með hagsmuni barna og unglunga í hverfinu að leiðarljósi. Í næsta kafla verður fjallað um hlutverk og verkefni hópsins, en upphaflega átti hópurinn að skila tillögum eigi síðar en 29. apríl 2019. Í ljósi umfangsmikillar upplýsingaöflunar óskaði hópurinn eftir meiri tíma til vinnunnar og var honum veittur frestur til 20. maí til að skila tillögum. Þegar nær dró þeim tímamörkum var enn óskað eftir fresti til að hægt væri að vanda til verka eins og kostur var, en úrvinnsla gagna var tímafrek og krafðist nákvæmni.

Starfshópurinn, hlutverk hans og helstu verkefni

Í ljósi þeirra miklu breytinga sem orðið hafa á nemendafjölda í einstökum starfsstöðvum grunnskóla í norðanverðum Grafarvogi á undanförunum árum ákvað skóla- og frístundaráð, á fundi sínum þann 12. mars s.l., að fela sviðsstjóra SFS að stofna starfshóp til að meta og útfæra tillögur um framkvæmd skóla- og frístundastarfs í núverandi skólahverfum Kelduskóla og Vættaskóla. Starfshópurinn skyldi skipaður þremur fulltrúum frá skólaráðum úr hvorum skóla, þ.e. fulltrúa foreldra, kennara og stjórnanda auk framkvæmdastjóra frístundamiðstöðvar og fulltrúa skóla- og frístundasviðs. Skrifstofustjórum grunnskóla- og frístundamála fagskrifstofu var falið að leiða hópinn auk þess sem starfsmaður hópsins kæmi frá skrifstofu SFS (sjá erindisbréf starfshópsins í heild sinni í viðauka 1).

Í erindisbréfi hópsins er hlutverk hans skilgreint á eftirfarandi máta:

Hlutverk hópsins er að leggja fram tillögu um skóla- og frístundastarf í norðanverðum Grafarvogi til framtíðar með hagsmuni barna og unglunga í hverfinu að leiðarljósi.

Helstu verkefni hópsins eru:

- *Að skoða tillögur, kynningargögn og ábendingar sem fram hafa komið m.a. á fundum með starfsfólki og foreldrum.*
- *Að hafa samráð við umhverfis- og skipulagssvið Reykjavíkurborgar um skipulagsmál í norðanverðum Grafarvogi.*
- *Að nýta rýnihópa nemenda, foreldra, starfsmanna auk íbúa í Staðahverfi sem tengjast Vættaskóla, Kelduskóla, Brosbæ, Hvergilandi, Galdraslóð, Ævintýralandi, Dregyn og Púgyn sem valdir verða með slembiúrtaki til að ná fram viðhorfum allra hópa um skóla- og frístundastarfið.*
- *Að huga og meta mótvægisáðgerðir í tengslum við þær tillögur sem hópurinn leggur fram.*
- *Að leggja fram útfærðar tillögur sem hafi það að markmiði að tryggja farsælt og gott skóla- og frístundastarf í norðanverðum Grafarvogi.*

Starfshópurinn skipa eftirfarandi aðilar:

- Atli Steinn Árnason, framkvæmdastjóri Gufunesbæjar
- Árný Inga Pálsdóttir, skólastjóri Kelduskóla
- Eva Vilhjálmsdóttir, fulltrúi kennara Kelduskóla
- Gunnar Bessi Þórisson, fulltrúi kennara Vættaskóla
- Halla Magneudóttir, fulltrúi foreldra Vættaskóla
- Kristjana Erlen Jóhannsdóttir, fulltrúi foreldra Kelduskóla
- Sigrún Harpa Magnúsdóttir, matssérfræðingur SFS
- Soffía Pálsdóttir, skrifstofustjóri frístundamála SFS
- Soffía Vagnsdóttir, skrifstofustjóri grunnskólamála SFS
- Þuríður Óttarsdóttir, skólastjóri Vættaskóla

Ásta Karen Rafnsdóttir, aðstoðarskólastjóri í Kelduskóla og Þóra Melsted, deildarstjóri barnastarfs í Frístundamiðstöðinni Gufunesi, komu tímabundið inn sem varamenn á fundi starfshóps á þeim tíma sem hann starfaði.

Starfshópurinn fundaði samtals 13 sinnum á tímabilinu frá 21. mars – 7. júní. Í upphafi var megin áhersla lögð á að afla nauðsynlegra upplýsinga varðandi íbúaþróun, nemendapróun, uppbyggingu í hverfinu, starfshætti í grunnskólastarfi, vegalengdir og kostnað. Þá var leitað eftir viðhorfum frá fulltrúum nemenda, foreldra og starfsmanna Kelduskóla, Vættaskóla, Hvergilands, Brosbæjar,

Ævintýralands, Galdraslóðar, Púgynjar og Dregynjar auk viðhorfum íbúa Staðahverfis sérstaklega. Einnig var farið í hagsmunaaðilagreiningu til að skilgreina mikilvæga þætti varðandi skóla- og frístundastarfið auk áhættugreiningar varðandi tillögur sem komu til greina. Skoðaðar voru eldri tillögur og skýrslur um skóla- og frístundastarf í hverfinu auk erinda og athugasemda frá hagsmunaaðilum sem borist hafa á tímabilinu meðan starfshópurinn hefur verið að störfum.

Hópurinn velti upp mörgum sviðsmyndum út frá faglegum sjónarmiðum, rekstri, innsendum erindum, umræðum á fundum og hagsmunaaðilagreiningu.

Í næstu köflum skýrslunnar verður gerð nánari grein fyrir þeim upplýsingum sem hópurinn aflaði til þess að byggja tillögur sínar á.

- Faglegar forsendur fyrir tillögum um skipulag skóla- og frístundastarfsins
- Upplýsingar um skólana, húsnæði þeirra og núverandi starfsemi
- Fjölda nemenda í núverandi skólum í Grafarvogi og framtíðarspá
- Fjölda barna á grunnskólaaldri og þróun á næstu árum eftir hverfum og aldri
- Sviðsmyndir og framtíðarskipulag skóla- og frístundastarfs út frá hverfum og mögulegri skiptingu nemenda í skólana
- Umfjöllun um mögulega þéttingu byggðar í Staðahverfi
- Samgöngur, umferðaröryggi og fjarlægðir á milli heimilis, skóla- og frístundastarfs
- Hagsmunaaðilagreining, áhættugreining og forgangs röðun málefna
- Rýnihópar nemenda, foreldra, starfsmanna og íbúa í Staðahverfi

Að lokum koma tillögurnar tvær sem starfshópurinn vill að verði skoðaðar frekar ásamt greiningarvinnu sem hópurinn vann til að draga fram styrkleika og veikleika hvorrar tillögu og til að auðvelda samanburð á þeim. Í viðaukum eru svo kynningar, niðurstöður rýnihópa, hagsmunagreining og fleiri samantektir sem áhugasamir geta skoðað til að glöggva sig enn frekar á þeim upplýsingum sem hópurinn hefur byggt tillögur sínar á.

Fagleg sjónarmið um stærð grunnskóla og fyrirkomulag skólastarfsins

Þegar fjallað er um mögulegar skipulagsbreytingar á starfsstöðvum skóla- og frístundasviðs Reykjavíkurborgar, er stuðst við tiltekin viðmið sem tilgreina ákveðinn lágmarksfjölda í starfseiningum, hvort sem um er að ræða skóla- eða frístundastarf. Við tillögu SFS sem lögð var fram til kynningar í febrúar og mars á þessu ári, var gagnrýnt að faglegur ávinningur umrædds skipulags væri ekki rökstuddur. Því leitaðist starfshópurinn við að finna rannsóknir sem fjölluðu um t.d. hagkvæma og skynsama stærð skóla, forsendur teymisvinnu og nýsköpunarskóla til að styðja við tillögugerðina.

Það reyndist erfitt að finna ritrýnt efni um þá stærð af skóla sem m.a. er fjallað um í þessari skýrslu, með einungis 60 nemendum. Þá var helst verið að fjalla um fámenna skóla í dreifðari byggðum og bent á mikilvægi skólans sem samfélagsstofnunar í hverju litlu samfélagi (Fanney Ásgeirsdóttir, 2007). Í erlendum greinum er yfirleitt verið að fjalla um skóla af allt annarri stærðargráðu en viðmið um skólasterð á Íslandi eru og jafnvel talað um skóla sem 500 – 700 nemendur sem fámenna (Wuj, Hsu og Hwang, 2006).

Erfitt er að finna rannsóknir sem staðfesta að nemendur í fámennari skólum eða minni hópum nái almennt betri námsárangri en nemendur í stærri skólum, heldur séu aðrir þættir sem hafi áhrif á

námsárangur en stærð skóla, s.s. félagslegur bakgrunnur nemenda (Stevenson, R. 2006). Aðrar rannsóknir benda til þess að árangur nemenda í einstökum greinum eða árgöngum geti verið betri í stærri skólum en fámennari (Reimer og Ezeife, 2011). Rannsóknir virðast helst benda til þess að skólabragur sé jákvæðari í minni skólum og að hætta á brottfalli sé meiri í stórum framhaldsskólum, en þá er verið að tala um skóla með yfir 1000 nemendur.

Þrátt fyrir fjölda rannsókna á hvaða stærð skóla er talin best út frá hagsmunum nemenda hefur reynt erfitt að sýna fram á hvaða stærð af skóla er best. Í athyglisverðri grein frá 2013 (Riggen, 2013) er sagt frá fjölda rannsókna á skólastærðum og þar kemur fram að ólíkar stærðir skóla hafa bæði kosti og galla (Riggen, 2013, bls. 15 – 38).

Í grein Kristínar Aðalsteinsdóttur, *Samskipti, kennsluhættir og viðmót kennara í fámennum skólum*, sem hún byggir á rannsókn á fámennum skólum á Norðausturlandi, kom fram að samskipti kennara, viðmót þeirra og kennsluhættir voru óháðir stærð bekkjar. Tilgáta hennar um gæði fámennra skóla með tilliti til þarfa nemenda, tengsla kennara við nemendur, foreldra og samstarfsfólk og kennsluaðferða í aldursblönduðum bekkjum stóðust ekki, þ.e. að gæði skólastarfsins voru tengd við persónulega og faglega hæfni einstakra kennara fremur en stærð bekkja eða námshópa (Kristín Aðalsteinsdóttir, 2002).

Í nýlegri námsheimsókn skóla- og frístundasviðs til Helsinki í Finnlandi (maí 2019) var heimsóttur skóli sem tveimur árum áður hafði verið sameinaður úr þremur skólum. Í hverjum skólanna voru rúmlega 300 nemendur. Fjórum árum fyrir sameiningu fóru stjórnendur og ábyrgðaraðilar menntamála á svæðinu að fylgjast með þróun á hlutfalli erlendra nemenda í öllum skólunum. Þegar hlutfallstalan var komin í 60% erlendra nemenda í einum skólanna 40% í öðrum en aðeins 20% í þeim þriðja ákváðu skólafyrirvöld að grípa til aðgerða. Ákveðið var á grundvelli faglegra sjónarmiða að sameina skólana. Athyglisvert var að ákvörðunin var ekki síst tekin vegna þess sem nemendur í sænskumælandi skólanum, þar sem einsleitni nemendahópsins var mest (aðeins 20% nemendur af erlendum uppruna), var tekin út frá því mati að sá nemendahópur væri að fara á mis við að læra og alast upp með blönduðum, fjölmenningarlegum hópi í anda þess sem börnin munu búa í þegar þau verða komin til fullorðinsára. Einsleitni í nemendahópi var ekki talin góð og því voru þessar breytingar gerðar. Eftir breytingu voru nemendur í 1 – 6. bekk í tveimur skólahúsanna og 7. – 9. bekkur í því þriðja (grunnskólinn er 9 ár í Finnlandi). Hlutfall erlendra nemenda í nemendahópnum lækkaði þannig niður í 40% og varð svipað í öllum skólaeiningunum. Samkvæmt upplýsingum skólastjórnenda mótmæltu foreldrar sænskumælandi skólans kröftuglega fyrirhuguðum breytingum sem tilkynntar voru um einu ári áður en þær voru framkvæmdar. Fagleg sjónarmið skólasérfræðinga réðu hinsvegar breytingunum og í dag eru almenn ánægja með breytinguna, ekki síst á meðal nemenda. Fjölbreytnin þjálfar börnin betur fyrir framtíðina og styrkir hæfileika þeirra til að mæta ýmsum áskorunum. Af því munu þau njóta góðs síðar á ævinni (munnleg heimild, Soffía Vagnsdóttir).

Um teymiskennslu

Þróun teymiskennslu á sér um hálftrar aldar sögu. Til eru ýmsar kenningar um teymiskennslu, fjölmargar rannsóknir hafa farið fram varðandi hana og mikið skrifað, en teymiskennsla felst í því að tveir eða fleiri kennarar starfa náið saman við undirbúning og framkvæmd kennslu í stærri nemendahópi (ekki einn kennari og einn bekkur).

Kostir teymiskennslu fyrir kennarann eru að hann hefur stuðning, gott er að þróa nýjar kennsluaðferðir, meiri líkur eru á að finna lausn á vandamálum erfiðra nemenda og tækifæri gefast til faglegrar umræðu.

Helsti ókosturinn við teymiskennslu virðist vera tímaþátturinn, bæði tíminn sem þarf áður en byrjað er til að skipuleggja samstarfið og fundirnir sem þarf að halda reglulega (Goetz 2000). Teymiskennsla er orðin viðurkennd aðferð sem talin er auka faglegt starf kennara, dreifða ábyrgð og sýna niðurstöður rannsókna til kynna að viðhorf kennara til teymiskennslu sé almennt jákvætt og aðferðin sé vel liðin meðal þeirra. Í augum kennara virðist teymiskennsla helst vera skilgreind sem sameiginleg ábyrgð kennara á heildarstarfi teymisins.

Kostir teymiskennslu fyrir nemendur eru ýmsir, þeir kynnast fleiri viðhorfum og mismunandi aðferðir kennara í teyminu geta hentað mismunandi nemendum og því hvernig þeim er eiginlegast að læra (ólíkum námstíl þeirra). Samvinna kennara í teymi er líka góð fyrirmynd fyrir nemendur að læra af um jákvæða samvinnu. Teymiskennsla hentar mörgum nemendum vel en sumum nemendum finnst erfitt að vera með fleiri en einn kennara. Ef nemendahóparnir eru stórir getur það verið erfitt fyrir nemendur sem eru með athyglisbrest eða eiga erfitt með að vera í margmenni (Goetz 2000).

Ingvar Sigurgeirsson er sá íslenski fræðimaður sem hvað mest hefur rannsakað teymiskennslu hér á landi. Í grein í Netlu frá 12. desember 2017 er sagt frá rannsókn þar sem skoðað var hvort munur væri á samvinnu, samskiptum og skólapróun í bekkjarkennsluskólum og teymiskennsluskólum á grunnskólastigi. Rannsóknin byggðist á gögnum úr spurningakönnun meðal nemenda og starfsfólks sem unnin var í tengslum við rannsókn á starfsháttum í grunnskólum á árunum 2009 – 2013. Niðurstöður staðfestu að meiri áhersla væri lögð á samvinnu í teymiskennsluskólum en bekkjarkennsluskólum og hún var umfangsmeiri og nánari, fagleg tengsl teymiskennslukennara voru betri og þeir töldu sig fá betri stuðning skólastjórnenda. Samskipti nemenda í teymiskennsluskólum, bæði sín á milli og við starfsfólk, mældust betri en í bekkjarkennsluskólum og þeir mátu viðhorf og viðmót kennara jákvæðari. Þróunarstarf var meira og betur gekk að innleiða breytingar ásamt því að starfshættir voru lýðræðislegri.

Svanhildur M. Ólafsdóttir (2009) komst að því að skólastjórnendur og kennarar telja að kostir teymiskennslu sé sameiginleg ábyrgð, stuðningur og vinnuhagræðing þar sem um er að ræða samvinnu um nám og kennslu nemenda. Kennarar telja að í teymiskennslu komi fram fleiri hugmyndir, skoðanir og möguleikar á lausnum og að kostir teymiskennslunnar séu m.a. fólgnir í að styrkleikar hvers og eins fái að njóta sín. Svanhildur benti jafnframt á mikilvægi þess að teymi fengju stuðning og hvatningu til að þróast sem lærdómssamfélög.

Önnur nýleg íslensk rannsókn bendir til þess að kostir teymiskennslu séu fleiri en gallar hennar og að hún bjóði upp á aukinn sveigjanleika og tækifæri varðandi þróun náms og kennslu sem og starfsþróun kennara. Niðurstöður þeirrar rannsóknar dregur einnig fram mikilvægi félagastuðnings og tengsl hans við starfsþróun og fyrirbyggjandi þátt teymiskennslu varðandi kulnun í starfi (Hulda B. Snæbjarnardóttir, 2018). Fleiri rannsóknir sem gerðar hafa verið hér á landi á teymiskennslu í grunnskólum benda til þess að kennarar í teymiskennslu telji að helstu kostir teymiskennslu séu samvinna og samábyrgð og að forsenda fyrir góðri teymiskennslu séu samvinna, gagnkvæmt traust, sameiginleg sýn og jákvæðni (Fríða R. Guðjónsdóttir, 2014).

Hvað er nýsköpunarskóli?

Í þessari skýrslu er fjallað um möguleikann á því að búa til unglíngaskóla í norðanverðum Grafarvogi sem væri skilgreindur sem nýsköpunarskóli og sýndu niðurstöður könnunar og rýnihópavinnu að mikill áhugi er fyrir slíkum skóla. Í flestum námskrám í skólum í Evrópu er farið að leggja meiri áherslu á nýsköpunarþáttinn og hæfni nemenda til að beita tiltekinni hugsun við úrvinnslu viðfangsefna og byggja þannig undir eigin frumkvöðlahæfni. Hæfni frumkvöðulsins er að geta beitt ímyndunaraflinu til

að sjá fyrir hluti sem eru ekki til, vera skapandi til að beita ímyndunaraflinu til að takast á við áskoranir og beita síðan nýsköpun til að skapa nýjar lausnir.

Menntun í frumkvæði og frumkvöðlafræðum hefur aldrei verið mikilvægari en nú. Háskólafólk, viðskiptaheimurinn, stjórnámamenn og aðrir leiðtogar hafa áttað sig á að menntun í frumkvöðlafræðum er frumskilyrði þess að skapa samfélög framtíðarinnar (Shoeniger, 2017).

Innan OECD hafa sköpun og gagnrýnin hugsun verið skilgreind sem grunnur nýsköpunar og lykillinn að vexti og vellíðan innan ríkjanna. Á vegum CERI (Centre for Educational Research and Innovation) er nú unnið að stórri rannsókn í 11 löndum til að þróa námsmat tengt sköpun og skapandi hugsun (Vincent-Lancrin, 2018). Þar er m.a. verið að þróa matstæki sem aðstoða kennara við að meta hversu skapandi kennsluáferðir eru notaðar innan kennslustofunnar og hvernig kennarar þjálfa nemendur í sköpun og skapandi hugsun. Markmiðið er að hafa mat á skapandi hugsun nemenda sem hluta af PISA (e. Programme for International Student Assessment) könnuninni árið 2021.

Í dag kallar atvinnulífið eftir frjóum, skapandi einstaklingum sem geta búið til ný störf, mótað skynsamlegar stefnur, áhrifamikil viðskiptamódel, og mikilvæga þjónustu í þágu almennings. Þetta eru skapandi einstaklingarnir sem af forvitni leita svara, ímynda sér og velta hlutum fyrir sér. Þetta eru einstaklingarnir sem hugsa út fyrir boxið og eru færir um að koma með bestu lausnirnar. Þeim er ómögulegt að skipuleggja sig, vinna samkvæmt fyrirfram ákveðnum kerfum eða stöðlum. Þeir verða að fá tækifæri til að rannsaka, gera tilraunir og slæpast. Þeir eiga ekki að vera dæmdir eftir hefðbundnum viðmiðum, mati eða prófum. Þeir þurfa sjálfræði og frelsi (Zhao, 2012, bls.238).

Þessar áherslur ríma mjög vel við nýja menntastefnu Reykjavíkurborgar (2018c). Nálægðin við Borgarholtsskóla ýtir undir hugmyndafræði nýsköpunarskóla og tengingu við iðngreinar, starfstengd nám og háskólanám sem hugar að hæfni nemenda til að taka þátt á sviðum atvinnulífsins.

Forysta um kerfisbreytingar kallar á viðvarandi samtal við allt starfsfólk í skólaumhverfinu og hlutverk þess og þá sérstaklega kennsluleiðtoga. Drifkraftur breytinga í heimi menntunar, fyrir utan tæknina, eru alþjóðlegur efnahagur, innanríkis og alþjóðareglur, ný viðmið og svo auðvitað nemendurnir sjálfir. Þessi drifkraftur gerir þær kröfur m.a. til skólastjórnenda á 21. öld að þeir innleiði menningu sífelldra breytinga og tækni í þágu nemenda og móti sér nýja framtíðarsýn fyrir sinn skóla (Schrum og Levin, 2015).

Mikilvægt er að kenna margt í dag sem ekki var nauðsynlegt áður. Þá þarf eitthvað sem fyrir var að vika eða breytast. Þegar takast þarf á við stórar áskoranir á heimsvísu eins og matvælaöryggi, loftslagsbreytingar, þróun sjálfbærni, tækniþróun, jöfnuð og réttlæti þarf skólakerfið að axla sína ábyrgð.

Nemendafjöldi í stærstu sveitarfélögum landsins

Þegar stærðir skóla eru skoðaðar á heimsvísu, eru skólar á Íslandi litlir í því samhengi. Því er áhugavert að skoða stærðir grunnskóla í nágrennasveitarfélögum Reykjavíkurborgar og öðrum stærstu sveitarfélögum landsins. Í töflu 1 hér að neðan er gerð samantekt á fjölda skóla og fjölda nemenda í stærstu sveitarfélögum landsins. Taflan er unnin út frá tölulegum upplýsingum frá Sambandi íslenskra sveitarfélaga sem birtar voru á þessu ári. Í aftari hluta töflunnar kemur fram að um er að ræða skóla sem sinna um og yfir 80% nemenda landsins.

Sveitarfélag / fjöldi nemenda	Reykjavík	Kópavogur	Hafnarfjörður	Akureyri	Reykjanesbær	Garðabær	Mosfellsbær	Árborg	Akranes	Seltj. - nes	Vestm.-eyjar	Grindavík	Samtals	Ísland heild	% nemenda á Íslandi
Fjöldi skóla	34	9	8	9	6	6	3	3	2	1	1	1	83		
Fjöldi nemenda	14.031	4.949	4.009	2.672	2.364	2.356	1.672	1.364	1.078	524	520	494	36.033	43.990	81,9%
Meðaltal	413	550	501	297	394	393	557	455	539	524	520	494	434		
Fjöldi skóla*	32	9	7	8	5	4	2	2	2	1	1	1	74		
Fjöldi nemanda*	13.673	4.949	3.915	3.037	2.119	2.267	1.566	1.237	1.078	524	520	494	35.100	43.990	79,8%
Meðaltal*	427	550	559	380	424	453	783	619	539	524	520	494	474		
*Án sveitaskóla, sjálfstættstarfandi skóla, skóla í hverfum í byggingu og skóla með eingöngu 1.- 4. bekkjar deildir															

Tafla 1: Fjöldi skóla í stærstu sveitarfélögum landsins og meðalfjöldi nemenda í skóla 2017 (Samband íslenskra sveitarfélaga, 2019 og SFS, 2019).

Eins og sjá má er fjöldi nemenda mestur í Reykjavík og eru skólarnir 34. Í efri hluta töflunnar kemur fram meðalfjöldi nemenda í öllum skólum sem starfræktir eru í þeim 12 sveitarfélögum sem upp eru talin til samanburðar. Einnig kemur fram að meðalfjöldi nemenda í grunnskólum Reykjavíkurborgar er sá fjórði lægsti og fyrir neðan meðaltal samanburðar- sveitarfélaganna. Í neðri hluta töflunnar eru teknir út sveitaskólar, sjálfstætt starfandi skólar, skólar í hverfum í byggingu og skólar sem þjóna eingöngu 1. – 4. bekk grunnskóla. Þá færast Reykjavík niður í þriðja lægsta meðaltalið og er hver skóli í Reykjavík með um 47 færri nemendur að meðaltali en samanburðarsveitarfélögin.

Umræða

Hvað varðar teymiskennslu, þá er það mat sérfræðinga hjá SFS að hún blómstri frekar í fjölmennari skólum þar sem að minnsta kosti tveir bekkir nemenda eru í hverjum árgangi (munnleg heimild, Soffía Vagnsdóttir). Í þeim fjórum skólabyggingum sem um er rætt er fjöldi nemenda frá 61 og upp í 296 auk þess sem skipting á milli árganga er ójöfn á milli skólahverfa. Það má því draga þá ályktun að í þeim byggingum sem eru fámennari árgangar, blómstri teymiskennsla síður. Hvað varðar árgangastærðirnar, þá virðast skólarnir sem um er rætt fámennir í alþjóðlegum samanburði. Því má segja að þær rannsóknir sem hafa verið gerðar á gæðum starfs og árangurs nemenda í stórum eða litlum skólum passi ekki við umræður um skólahald í norðanverðum Grafarvogi. Stærðir skóla í nágretta sveitarfélögum, sem eru almennt stærri en í Reykjavík, ýta þó undir þau sjónarmið að fjölbreytni sé meiri og faglegt starf öflugra í fjölmennari skólum. Rekstrarlegar forsendur hljóta þó einnig að hafa áhrif.

Þær rannsóknir sem vitnað er í hér að ofan er varða teymiskennsluna draga fram kosti hennar og undirstrika um leið hversu mikilvægu hlutverki teymiskennsla gegnir í faglegru starfi kennara, sér í lagi til að takast á við þær áskoranir sem t.d. nútímasamfélagið, skóli án aðgreiningar og einstaklingsmiðað nám skapa. Fleiri tækifæri gefast til faglegrar umræðu, þróunar nýrra kennsluáferða og að finna lausn á vandamálum erfiðra nemenda. Teymiskennsla veitir stuðning, eykur samvinnu og hefur þannig fyrirbyggjandi áhrif hvað varðar kulnun í starfi.

Nálgun skólasérfræðinga í Helsinki í Finnlandi hvað varðar aðgerðir þeirra í tengslum við einsleitni og fjölbreytni nemendahópsins í skólunum er mjög áhugaverð. Vaknar sú spurning um hvernig fjölbreytileikinn er í núverandi fyrirkomulagi skólahalds í norðanverðum Grafarvogi og hvernig stærðir skóla og árganga gætu litið út til að veita nemendum mikilvæg tækifæri til að takast á við breytingar og þær áskoranir sem framtíðarsamfélagið færir þeim. Tilfærsla hverfismarkna núverandi skóla er ein leið sem hægt er að skoða auk þess sem nýsköpunarskóli á unglingsstigi skapar spennandi tækifæri til að auka hæfni þeirra til samskipta og þátttöku á fjölbreyttum vinnumarkaði. Sú tillaga vekur mikinn áhuga.

Grunnupplýsingar

Nemendum í norðanverðum Grafarvogi hefur fækkað síðastliðinn áratug og er svo komið að mjög rúmt er um nemendur í sumum bygginganna. Byggingarviðmið nýrra grunnskóla gera ráð fyrir að 11m² séu á nemanda í hverjum grunnskóla, 1 m² í hjartarými á barn í frístundaheimili auk samnýtingar með skóla 3 m² á barn. Í hjartarými fyrir félagsmiðstöð þarf 60 m² auk samnýtingar með skólum svo sem sal og fleira. Í norðanverðum Grafarvogi eru frá 13 og upp í 33 fermetrar á nemanda í skólahúsnæði en huga þarf betur að rými fyrir frístundastarf í Kelduskóla Vík. Hér á eftir er gerð grein fyrir skólabyggingum í norðanverðum Grafarvogi, stærð þeirra, nemendafjölda og aðstöðu fyrir frístundaheimili og félagsmiðstöðvar.

Húsnæðið í Kelduskóla Korpu

Húsnæðið var tekið að fullu í notkun haustið 2005 og er 2.100 m² að stærð án íþróttarýmis. Skólabyggingin var hönnuð fyrir um 170 nemendur og í henni eru 5 stór heimasvæði sem hvert um sig tekur u.þ.b. tvo bekki. Á milli heimasvæðanna eru lítil námssvæði. Listgreinaaðstaða er góð í byggingunni og íþróttahús er af minni gerðinni. Í húsnæðinu er einnig bókasafn, mötuneyti og salur. Samtals 61 nemandi á yngri stigi, frá 1.-7. bekk, eru við nám í Kelduskóla Korpu skólaárinu 2018-2019, en nemendur á unglingastigi sækja nám í Kelduskóla Vík. Hjarta frístundaheimilisins er við aðalinnangang skólans. Það er 48 m² að stærð sem er undir viðmiðunarmörkum, en heildarstærð skólans er vel yfir 11m² viðmiðunarmörkum á hvern nemanda eða um 33m². Gott aðgengi er að hátíðar- og íþróttasal skólans og er þessi aðstaða vel nýtt í frístundastarfinu. Í dag eru 33 börn í frístundaheimilinu.

Húsnæðið í Kelduskóla Vík

Húsnæðið var tekið að fullu í notkun haustið 2003 og er 3.950 m² að stærð án íþróttarýmis. Skólabyggingin var hönnuð fyrir 300-350 nemendur og í honum eru 18 heimastofur. Íþróttahúsið er af minni gerðinni en nýtist skólanum og frístundastarfinu mjög vel. Listgreinastofur eru mjög rúmar og vel búnar. Í húsnæðinu er einnig bókasafn, mötuneyti og salur. Skólaárið 2018-2019 eru 296 nemendur í Kelduskóla Vík og eru því um 13,4 m² á nemanda. Allt unglingastig Kelduskóla sækir nám í Vík og auk þess eru nemendur á yngri stigi frá 1.-7. bekk í því skólahúsnæði. Hvað varðar aðstöðu félagsmiðstöðvar og frístundaheimilis, þá er aðstaða frístundaheimilisins undir viðmiðunarmörkum auk þess sem félagsmiðstöðin hefur takmarkaða séraðstöðu í byggingunni, þ.e. skrifstofu á gangi við bókasafn og sérstaka geymslu. Í dag eru 94 börn í frístundaheimilinu og félagsmiðstöðin þjónar 107 unglingum.

Húsnæðið í Vættaskóla Engi

Húsnæði Vættaskóla – Engi var tekið í notkun árið 1997. Skólabyggingin er 4.483 m² án íþróttarýmis, hönnuð fyrir um 400 nemendur og mjög vel búin. Í starfsstöðinni eru 248 nemendur og eru því um 18,1 fermetri á nemanda. Fyrirkomulagið í Vættaskóla Engi er þannig að yngsta stigið, eða börn í 1. -4. bekk í Engjahverfi sækja nám í Engi og allir unglingar í hverfi Engja og Borga sækja nám sitt í Vættaskóla Engi. Öll börn í 5. -7. bekk í hverfi Engja og Borga sækja nám sitt í Vættaskóla Borgum. Hvað varðar félagsstarfið þá er aðstaða frístundaheimilis lítil og ekki aðstaða fyrir félagsmiðstöð í skólanum og því er hún rekin í Borgum. Í dag eru 73 börn í frístundaheimilinu í Engi.

Húsnæðið í Vættaskóla Borgum

Skólabygging Vættaskóla Borgum var tekin í notkun árið 2000. Húsnæðið er 3.930 m² án íþróttarýmis, byggt fyrir 300-350 nemendur og mjög vel búið. Í Vættaskóla Borgum eru 216 nemendur og því tæplega 18,2 fermetrar á nemanda. Fyrirkomulagið í Vættaskóla Borgum er þannig að yngsta stigið, eða börn í 1. -4. bekk í Borgarhverfi sækja nám í Borgum og öll börn í 5. -7. bekk í hverfi Engja og Borga sækja nám

sitt í Vættaskóla Borgum. Allir unglingar í hverfi Engja og Borga sækja nám sitt í Vættaskóla Engi. Góð aðstaða er fyrir starfsemi frístundaheimilsins og félagsmiðstöðvarinnar inni í Vættaskóla Borgum. Innan við 40 börn eru í frístundaheimilinu og er félagsmiðstöðin fyrir unglingastig Vættaskóla rekin í Borgum, sökum þrengsla í Engi. Félagsmiðstöðin þjónar um 140 unglingum.

Samantekt skólabyggingar

Hér að neðan er tafla 2 sem sýnir stærð skólabygginga í Grafarvogi í fermetrum og fjölda nemenda sem rúmast í hverri skólabyggingu miðað við starfsemi á árinu 2019. Tekið er tillit til viðeigandi frístundastarfs innan bygginganna og út frá því er reiknað hversu margir nemendur rúmast í skólanum til viðbótar miðað við núverandi nemendafjölda.

Núverandi staða: 2018-2019						
Skólabyggingar í norðanverðum Grafarvogi	Stærð skólabyggingar í fermetrum	Fjöldi fermetra í frístundaheimili/félagsmiðstöð	Fjöldi fermetra í skólustarfsemi	Fjöldi nem sem rúmast í hverri skólabyggingu	Fjöldi nemenda í skólabyggingu 2019	Mögulegur fjöldi nemenda til viðbótar
Vættaskóli Borgir	3.930	160	3.770	343	216	127
Vættaskóli Engi	4.483	93	4.390	399	248	151
Kelduskóli Korpa	2.100	60	2.040	185	61	124
Kelduskóli Vík	3.950	194	3.756	341	296	45
Samtals fermetrar/börn	14.463	507	13.956	1.269	821	448

Tafla 2: skólar í norðanverðum Grafarvogi eftir stærð, starfsemi og nemendafjölda. Nemendafjöldi samkvæmt töflu 5, bls. 10 og byggingaviðmið nýrra grunnskóla eru nýtt við mat á fjölda fermetra fyrir skóla- og frístundastarfið (SFS, 2019).

Fjöldi nemenda í skólum, fjöldi barna á grunnskólaaldri, þróun og spár

Til þess að átta sig á hvernig fyrirkomulag hentar best fyrir skólahald í norðanverðum Grafarvogi á næsta áratug þarf að skoða tölulegar upplýsingar um nemendapróun.

Tafla 3 hér að neðan sýnir sögulegar tölur um nemendafjölda skólanna í Grafarvogi frá 2012 og hvernig þróun verður til hausts 2024 án uppbyggingarsvæða. Þar kemur fram að nemendum í Norðanverðum Grafarvogi hefur fækkað um tæplega 180 frá árinu 2012. Þess ber að geta að fjöldatölur í skólunum byggja á núverandi samsetningu nemenda og vert er að athuga að þar á meðal geta verið nemendur úr öðrum hverfum borgarinnar. Ef engin uppbygging mun eiga sér stað fækkar nemendum um 74 til viðbótar.

Skóli	Rauntölur								Spá án uppbyggingarsvæða					
	2012	2013	2014	2015	2016	2017	2018	2019	2020	2021	2022	2023	2024	
Foldaskóli	498	488	494	476	494	503	508	493	478	476	489	462	450	
Hamraskóli	138	130	142	150	133	149	168	188	207	216	222	248	245	
Húsaskóli	164	178	194	200	172	166	165	155	157	157	143	148	150	
Kelduskóli - Korpa	141	125	107	103	96	67	63	66	69	75	71	69	68	
Kelduskóli - Vík	335	331	320	306	293	300	296	274	270	270	254	256	254	
Rimaskóli	577	563	548	552	525	507	511	508	512	515	511	507	507	
Vættaskóli - Borgir	168	169	204	201	212	196	216	230	227	217	199	185	185	
Vættaskóli - Engi	357	357	305	289	274	285	248	241	230	231	237	244	242	
Grafarvogur	2378	2341	2314	2277	2199	2173	2175	2155	2150	2157	2126	2119	2101	

Tafla 3: Nemendafjöldi í skólum í Grafarvogi – sögulegar tölur og framtíðarspá ef ekki er tekið tillit til uppbyggingarsvæða í Grafarvogi (SFS, 2019).

Tafla 4 á næstu blaðsíðu sýnir mögulega þróun að teknu tilliti til uppbyggingarsvæða í Grafarvogi á næstu fimm árum í samræmi við núgildandi skipulag og uppbyggingu. Í borgarhluta Grafarvogs eru þetta Bryggjuhverfi, Spöngin – Móavegur og fyrsti áfangi Gufuness. Þessi svæði eru innan skólahverfa Foldaskóla, Hamraskóla og Vættaskóla og gætu breytt nemendapróun í þessum skólum á árunum 2019-2024. Áætlanir ganga út á að börn á grunnskólaaldri úr Bryggjuhverfinu og Gufunesi sækji nám í Hamra- og Foldaskóla, en börn á grunnskólaaldri við Móaveg sækji nám í Vættaskóla. Í töflu 4 hér að neðan kemur fram að fjölgun nemenda vegna uppbyggingar við Móaveg telur strax inn í Vættaskóla

haustið 2019 og fjölgar nemendum þar um 36 á næstu tveimur árum. Þrátt fyrir það, fækkar nemendum í norðanverðum Grafarvogi um tæplega 40 á næstu fimm árum.

Skóli/ár	Rauntölur							Spá með uppbyggingasvæðum Gufunes í Hamra- og Foldaskóla					
	2012	2013	2014	2015	2016	2017	2018	2019	2020	2021	2022	2023	2024
Foldaskóli	498	488	494	476	494	503	508	493	478	476	499	482	480
Hamraskóli	138	130	142	150	133	149	168	188	207	216	246	296	317
Húsaskóli	164	178	194	200	172	166	165	155	157	157	143	148	150
Kelduskóli - Korpa	141	125	107	103	96	67	63	66	69	75	71	69	68
Kelduskóli - Vík	335	331	320	306	293	300	296	274	270	270	254	256	254
Rimaskóli	577	563	548	552	525	507	511	508	512	515	511	507	507
Vættaskóli - Borgir	168	169	204	201	212	196	216	243	252	242	224	210	210
Vættaskóli - Engi	357	357	305	289	274	285	248	247	241	242	248	255	253
Grafarvogur	2378	2341	2314	2277	2199	2173	2175	2173	2186	2193	2196	2224	2239

Tafla 4: Nemendafjöldi í skólum í Grafarvogi – sögulegar tölur og framtíðarspá þegar tekið hefur verið tillit til fjölgunar nemenda í tengslum við uppbyggingarsvæði í Grafarvogi (SFS, 2019).

Skóla- og frístundastarf í norðanverðum Grafarvogi í samhengi við viðmið SFS

Eins og áður hefur komið fram hefur skrifstofa SFS skilgreint viðmið sem höfð eru til grundvallar mögulegum skipulagsbreytingum á starfsstöðvum skóla- og frístundasviðs. Þessi viðmið voru samþykkt af framkvæmdastjórn SFS og lögð fram á fundi skóla- og frístundaráðs 12. nóvember 2018. (Reykjavíkurborg, 2018 og 2018b).

Í þeim viðmiðum er gengið út frá því að heildstæðir grunnskólar, hvort sem um er að ræða sameinaðan skóla sem nær yfir tvær eða fleiri starfsstöðvar eða stakstæða starfseiningu, séu að lágmarki 200 barna skólar eða 140 barna ef skólinn er fyrir 1. – 7. bekk. Frístundaheimili við grunnskóla þjónusti að lágmarki 60 börn, félagsmiðstöð fyrir 5. – 7. bekk 60 börn og félagsmiðstöð fyrir 8. – 10. bekk 60 unglinga. Þá skyldi einnig stefnt að því að yngsta stig grunnskóla væri í nærumhverfi íbúa Reykjavíkur eins og kostur er á. Undantekning frá því getur aðeins verið ef fámenni er svo mikið að ekki séu fjárhagslegar eða faglegar forsendur til að reka eininguna. Einnig er tekið tillit til fjarlægða (göngu-, aksturs- og strætisvagnleiða) á milli starfsstöðva þegar gerðar eru tillögur að sameiningu auk þess sem horft er til lýðfræði hverfanna (sjá viðmiðin í heild sinni í viðauka 6).

Eftirfarandi töflur sýna annarsvegar hvernig nemendur og fjöldi árganga dreifast í skólana og skólabyggingar í dag og hinsvegar hvernig fjöldi barna á grunnskólaaldri dreifist á milli hverfa í norðanverðum Grafarvogi. Tafla 5 hér að neðan sýnir fjölda nemenda í bekkjum eftir skólum og húsum samkvæmt núverandi stöðu. Nemendur á unglingastigi í Staðahverfi sækja Víkurskóla, unglingastigið í Borgarhverfi sækir nám í Engi og miðstigið úr hverfi Engja (5.-7. b.) sækir nám í Borgum.

Nemendafjöldi eftir skólum og bekkjum 23. maí 2019											
Skóli/bekkur	1. b.	2. b.	3. b.	4. b.	5. b.	6. b.	7. b.	8. b.	9. b.	10. b.	Samtals
Kelduskóli - Korpa	9	6	11	13	0	11	11				61
Kelduskóli - Vík	30	29	28	22	30	15	37	17	37	53	296
Vættaskóli - Borgir	17	15	23	25	44	45	45				216
Vættaskóli - Engi	21	24	27	35				42	49	43	248
Samtals	77	74	89	95	74	71	93	59	86	96	821

Tafla 5: Nemendafjöldi í Kelduskóla og Vættaskóla, fjöldi í bekkjum eftir húsum (SFS, 2019).

Töflur 6, 7 og 8 sýna fjölda barna á grunnskólaaldri í Borgarhverfi, Víkurhverfi, Engjahverfi og Staðahverfi. Tafla 6 gerir grein fyrir heildarfjölda barna í hverfunum og hvernig nemendapróun verður án uppbyggingarsvæða. Þar kemur fram að börnum á grunnskólaaldri mun fækka í öllum hverfum nema hverfi Borga. Athugið að taflan sýnir yfirlit yfir börn á grunnskólaaldri sem búa í hverfinu, en ekki nemendur sem sækja nám í hverfinu. Til útskýringar, þá gætu sum þessara barna t.d. verið í Ísaksskóla.

Nemendafjöldi eftir hverfum í norðanverðum Grafarvogi							
Skóli/ár	2018	2019	2020	2021	2022	2023	2024
Borgarhverfi	206	219	221	228	231	227	224
Engjahverfi	294	292	291	286	268	267	268
Staðahverfi	131	119	111	117	112	111	114
Víkurhverfi	194	195	202	204	191	192	187
Samtals	825	825	825	835	802	797	793

Tafla 6: Nemendafjöldi –byggður á skiptingu barna á grunnskólaaldri eftir hverfum án uppbyggingarsvæða (SFS, 2019).

Í töflu 7 hér að neðan kemur fram að í Víkurhverfi eru 151 börn á grunnskólaaldri á yngri stigum og 43 börn á grunnskólaaldri á eldri stigum. Víkurhverfi uppfyllir þannig í dag viðmið um stakstæðan yngri barna skóla og rétt tæplega viðmið um stakstæðan skóla fyrir alla árganga í 1. – 10. bekk. Fjöldi barna á yngsta stigi og miðstigi í Víkurskóla uppfylla viðmið um rekstur frístundaheimilis og félagsmiðstöðvar fyrir þá hópa. Fjöldi barna á unglingsstigi mæta ekki viðmiðum um rekstur félagsmiðstöðvar fyrir þann hóp.

Í sömu töflu, kemur fram að fjöldi barna á grunnskólaaldri á yngri stigum, 1.-7. bekk, í Staðahverfi eru 78 og á unglingsstigi, 8.-10. bekk, er fjöldinn 53. Horft til þessarar staðreynda, uppfyllir barnafjöldi á grunnskólaaldri í Staðahverfi ekki viðmið um stakstæðan grunnskóla, hvort sem horft er til þess að hann sé yngri barna skóli, frá 1.-7. bekk, eða skóli fyrir alla árganga á grunnskólaaldri í hverfinu. Hvað varðar viðmið um frístundastarf, þá uppfyllir fjöldi barna á grunnskólaaldri í 1.-4. bekk ekki viðmið um rekstur frístundaheimilis í skólanum og fjöldi barna á mið- og unglingsstigi uppfyllir heldur ekki viðmið um rekstur félagsmiðstöðvar fyrir þá aldurshópa.

Skólaárið 2018-2019											
Skóli/ár	1. bekkur	2. bekkur	3. bekkur	4. bekkur	5. bekkur	6. bekkur	7. bekkur	8. bekkur	9. bekkur	10. bekkur	Samtals
Borgarhverfi	19	21	22	22	21	19	14	21	26	21	206
Engjahverfi	22	26	29	41	31	27	40	23	30	25	294
Staðahverfi	12	10	14	12	6	11	13	8	22	23	131
Víkurhverfi	24	23	20	20	20	15	29	12	10	21	194
Samtals	77	80	85	95	78	72	96	64	88	90	825

Tafla 7: Fjöldi barna í hverfunum á grunnskólaaldri skólaárið 2018-2019 (SFS, 2019).

Í dag þjónar Kelduskóli börnum á grunnskólaaldri í Staðahverfi og Víkurhverfi og er rekinn sem heildstæður skóli í tveimur byggingum, Korpu og Vík. Samkvæmt spá um barnafjölda á grunnskólaaldri til 2024 (sjá töflu 8), verður þróunin ekki með þeim hætti að það bæti stöðu um skóla- og frístundastarf í Staðahverfi eða Víkurhverfi þannig að hægt verði að reka stakstæða skóla í hverfunum (200 barna viðmið) eða yngri barna skóla (140 barna viðmið). Skólarnir verða undir viðmiðum SFS í báðum tilfellum.

Skólaárið 2024-2025											
Skóli/bekkur	1. bekkur	2. bekkur	3. bekkur	4. bekkur	5. bekkur	6. bekkur	7. bekkur	8. bekkur	9. bekkur	10. bekkur	Samtals
Borgarhverfi	23	20	22	21	17	25	22	24	25	25	224
Engjahverfi	32	26	22	18	29	23	22	26	29	41	268
Staðahverfi	9	10	8	14	14	11	12	10	14	12	114
Víkurhverfi	15	16	16	14	17	22	24	23	20	20	187
Samtals	79	72	68	67	77	81	80	83	88	98	793

Tafla 8: Fjöldi barna á grunnskólaaldri sem býr í hverfunum með spá til 2024-2025 með uppbyggingarsvæðum við Móaveg í Vættaskóla Borgir (SFS, 2019).

Fjöldi barna á grunnskólaaldri á yngra stigi í Borgarhverfi er 138 og á eldra stigi 68 (sjá töflu 7 að ofan) Borgarhverfi uppfyllir þannig viðmið SFS um stakstæðan skóla fyrir alla árganga, og rétt tæplega á yngra stigi. Engjahverfi uppfyllir viðmið um bæði stakstæðan skóla á yngra stigi og stakstæðan skóla fyrir alla

árganga. Börn á yngra stigi eru 216 og 78 á eldra stigi. Hvað varðar frístundastarfið, þá uppfylla bæði hverfi viðmið um rekstur frístundaheimila og félagsmiðstöðva fyrir alla aldurshópa. Samkvæmt töflu 8 hér að ofan fækkar börnum í hverfi Engja um 18 á næstu fimm árum, en fjölgar um 26 í hverfi Borga. Bæði hverfin munu því áfram uppfylla viðmið um stakstæða skóla fyrir alla árganga sem og á yngra stigi.

Í dag eru hverfi Borga og Engja rekin saman í einum heildstæðum skóla, Vættaskóla, sem rekinn er í tveimur byggingum, Engi og Borgum. Félagsmiðstöð fyrir unglunga er rekin í Vættaskóla Borgum þar sem hún rúmast ekki innan Engjahlutans og frístundaheimili fyrir yngsta stigið er rekið í báðum skólunum. Eins og fram hefur komið stendur yfir uppbygging við Móaveg og með þeirri uppbyggingu er gert ráð fyrir að börnum á grunnskólaaldri í hverfi Borga fjölgi um 38 á næstu tveimur árum.

Ef horft er á fjölda barna á grunnskólaaldri í norðanverðum Grafarvogi sést glögglega að verulega hallar á hverfi Víkur og Staða, sem kallar á breytingar í fyrirkomulagi skóla- og frístundastarfs á svæðinu.

Ef horft er fjölda barna í frístundaheimilum, þá telur meðalfjöldi barna í frístundaheimilum Reykjavíkurborgar 107 börn. Minnsta frístundaheimilið telur 33 börn á meðan það stærsta telur 276 börn. Miðað við núverandi fyrirkomulag nær ekkert af frístundaheimilinum í norðanverðum Grafarvogi meðalfjölda barna í frístundaheimilum borgarinnar. Kelduskóli Korpa er með 33 börn, Vættaskóli Borgum er með 40 börn, Vættaskóli Engi er með 73 börn og Kelduskóli Vík er með 94 börn.

Umfjöllun um skólahverfin og nemendafjölda út frá sviðsmyndum um framtíðarskipulag skóla- og frístundastarfs

Eins og fram hefur komið leggur starfshópurinn fram tvær tillögur um fyrirkomulag skóla- og frístundastarfs í norðanverðum Grafarvogi. Önnur tillagan gengur út frá því að tveir aðskólar verði fyrir nemendur í 1. – 7. bekk og einn unglingaskóli fyrir nemendur á unglingastigi í 8. – 10. bekk. Aðskólarnir verði í Engi og Borgum en unglingann í Vík. Hin tillagan gengur út á að hafa þrjá aðskóla fyrir nemendur í 1. – 7. bekk og einn safnskóla fyrir 8. – 10. bekk. Aðskólarnir verði í Korpu, Engi og Borgum en unglingaskólinn í Vík (sjá nánar um fyrirkomulag í tillögum starfshópsins á bls. 26-32).

Þar sem fjallað er um framtíð skóla- og frístundastarfs í hverfinu, er hér rýnt í mögulega nemendasamsetningu í grunnskólunum á skólaárunum 2024-2025. Töflur 9-10 hér að neðan sýna hvernig börn á grunnskólaaldri munu dreifast samkvæmt núverandi hverfum og hvernig fyrirkomulag á skiptingu aðskóla og safnskóla gætu litið út í samræmi við það. Tafla 9 sýnir dreifingu 2024-2025 út frá þeirri hugmynd SFS að hafa tvo aðskóla fyrir 1. – 6. bekk og einn safnskóla fyrir 7. – 10. bekk. Tafla 10 sýnir dreifingu samkvæmt framtíðarspá 2024-2025, út frá hugmynd starfshópsins að 1. – 7. bekkur verði í aðskólunum en 8. – 10. bekkur í safnskólanum.

Skólaárið 2024-2025: áætlaður nemendafjöldi miðað við núverandi skipulag			
2024-2025	1. - 6. bekkur	7. - 10. bekkur	Aðskóli
Skólahverfi	Yngri	Eldri	1.- 6. bekkur
Borgarhverfi	191	137	Fjöldi í núverandi hverfi Vættaskóla
Engjahverfi	150	118	341
Staðahverfi	66	48	Fjöldi í núverandi hverfi Kelduskóla
Víkurhverfi	100	87	166
Samtals	507	390	507

Tafla 9: Áætlaður fjöldi barna á yngra og eldra stigi eftir núverandi hverfamörkum skóla 2024-2025. Yngra stig 1.-6. bekkur (aðskólar) og eldra stig 7. – 10. bekkur (unglingaskóli). Unnið upp úr töflu 7 (SFS, 2019).

Það eru nokkur atriði sem vert er að nefna varðandi töflur 9 og 10. Ef einn unglingaskóli verður fyrir unglunga í 7. – 10. bekk, eins og upphaflega tillaga SFS gerði ráð fyrir, þá verður fjöldi nemenda í skólanum 349 miðað við skólaárið 2024 -2025, en aðskólarnir yrðu töluvert minni. Einnig er ójafnvægi á milli hverfa vel sýnilegt þar sem mun fleiri börn á grunnskólaaldri eru í núverandi skólahverfi Borga og Engja heldur en í hverfi Víkur og Staða. Meira jafnvægi myndi nást með því að færa til hverfamörk skólanna og bjóða um leið upp á gott rými fyrir félagsmiðstöð og frístundaheimili í skólunum eftir því sem við á. Miðað við fjöldapróun barna á grunnskólaaldri verður hvorki hægt að reka stakstæðan skóla í Korpu eða Vík á yngri stigum eða heildstæðan frá 1. – 10. bekk. Slíkt væri aftur hægt í Borgum og Engi.

Skólaárið 2024-2025: áætlaður nemendafjöldi miðað við núverandi skipulag			
2024-2025	1. - 6. bekkur	7. - 10. bekkur	Aðskóli
Skólahverfi	Yngri	Eldri	1.- 6. bekkur
Borgarhverfi	128	96	Fjöldi í núverandi hverfi Vættaskóla
Engjahverfi	150	118	278
Staðahverfi	66	48	Fjöldi í núverandi hverfi Kelduskóla
Víkurhverfi	100	87	166
Samtals	444	349	

Tafla 10: Áætlaður fjöldi barna á yngra og eldra stigi eftir núverandi hverfamörkum skóla 2024-2025. Yngra stig 1.-7. bekkur (aðskólar) og eldra stig 8. – 10. bekkur (unglingaskóli). Unnið upp úr töflu 8 (SFS, 2019).

Í töflu 10 hér að ofan, þar sem aðskólar eru hugsaðir fyrir 1.- 7. bekk og unglingaskóli fyrir 8. – 10. bekk, er skiptingin strax sterkari fyrir alla skólana hvort sem að fjölgar eða fækkar í árgöngum í framtíðinni. Hér mælir hópurinn þó fyrir því að núverandi hverfamörk skólanna verði flutt til þess að jafna dreifingu barna í skóla og hafa meira rými fyrir félagsmiðstöð og frístundaheimilin. Ef yngra stiginu yrði skipt í tvennt, væru ríflega 260 börn í hvorum skóla og um 270 börn á unglingastiginu. Það býður upp á faglega sterkar rekstrareiningar með hæfilegu svigrúmi til vaxtar og góðri aðstöðu fyrir frístundaheimilin og félagsmiðstöðina.

Sviðsmyndir í töflum 9 og 10 uppfylla viðmið SFS um fjölda nemenda og stærðir starfseininga fyrir frístundaheimili og félagsmiðstöð. Það liggur þó nokkuð ljóst fyrir að aldurskipting í skóla í samræmi við sviðsmynd í töflu 10 býður upp á betri nýtingu skólahúsnæðisins og meira rými fyrir frístundaheimilin og félagsmiðstöðvar. Lykilþáttur varðandi tillögur starfshópsins er því að huga vel að skólahverfamörkum til að hafa sem jafnasta dreifingu á milli skóla.

Í félagsmiðstöðvastarfinu í dag er horft til þjónustu til 10-12 ára hópsins annarsvegar og 13-15 ára hópsins hinsvegar. Þessi aldurskipting hefur sannað sig sögulega á Íslandi í áranna rás og er það niðurstaða starfshópsins að ef skólabyggingar leyfa skiptinguna þannig að aðskólar verði fyrir aldurshópin 6-12 ára og unglingaskólinn fyrir aldurshópin 13-15 ára, þá eigi að hafa þá skiptingu.

Ástæða þess að starfshópurinn leggur til Vík sem safnskóla er að Vík er mest miðsvæðis fyrir allan norðanverðan Grafarvog og því besta staðsetningin fyrir unglunga. Einnig yrði umferðaröryggi yngstu nemendanna betur tryggt með því fyrirkomulagi þar sem færri þyrftu að fara yfir umferðargötur. Núverandi strætisvagnsamgöngur úr Staðarhverfi eru þar að auki í betri tengingu við Engi heldur en Vík. Stoppað er á móts við Egilshöll og stutt ganga þaðan í Engi sem er gott fyrir yngri börnin.

Félagsmiðstöðvastarf 10-12 ára og íþrótafrístund

Almennt er hægt að skipuleggja félagsmiðstöðvastarf fyrir 5. – 7. bekk þannig að sú starfsemi geti farið fram í aðstöðu frístundaheimilanna eftir kl. 17 á daginn og í aðstöðu félagsmiðstöðvanna á milli 14:00 og 17:00 á daginn. Ef aðeins ein félagsmiðstöð verður fyrir unglunga í Vík samkvæmt tillögu 1 þarf að

útfæra hvar koma á fyrir starfsemi félagsmiðstöðvastarfsins fyrir 5. – 7. bekk á milli kl. 14:00-17.00 á daginn, best væri að hún færi fram í aðskólunum

Einnig er mikilvæg viðbót við frístundastarfið fólgin í íþróttافرístund í Egilshöll, en fyrir liggur ósk til Reykjavíkurborgar frá ungmennafélaginu Fjölni að sett verði á laggirnar íþróttافرístund í Egilshöll fyrir börn á aldrinum 6 – 9 ára sem sækja æfingar hjá Fjölni og hugsanlega fleiri félögum sem eru með aðsetur í Egilshöll. Fyrirkomulagið yrði með þeim hætti að að öll börn sem eiga æfingu viðkomandi dag fari beint úr skóla í íþróttافرístundina sem staðsett yrði í Egilshöll. Tillagan gengur út á að frístundamiðstöðin Gufunesbær hafi umsjón og beri ábyrgð á rekstri og starfsemi íþróttافرístundarinnar í nánú samstarfi við Fjölni og jafnvel fleiri félagasamtök með starfsemi í Egilshöll. Fyrirmynd að þessu verkefni er sótt í aðra borgarhluta Reykjavíkurborgar sbr. samstarf Miðbergs og ÍR, Tjarnarinnar og KR og Kringlumýri við Val, Víking og Þrótt en með þessu fyrirkomulagi getur Fjölnir fært æfingar sínar fyrir á daginn fyrir þennan aldurshóp.

Með tilkomu íþróttافرístundar telja stjórnendur Gufunesbæjar að það muni léttu daglegt álag frístundaheimilanna og þá sérstaklega Galdraslóð í Víkurskóla, enda færri börn þá á hverju frístundaheimili. Þessi tilfæring á álagi gerir það að verkum að hægt er að færa til starfsfólk og manna stöður íþróttافرístundarinnar. Kostnaðarauki vegna þessa eru um 12 milljónir á ári vegna húsnæðisaðstöðu í Egilshöll fyrir starfsemi allra frístundaheimila í Grafarvogi.

Möguleg þétting byggðar í Staðahverfi

Þær sviðsmyndir sem settar hafa verið fram í töflum 9 – 10 hér framar í skjalinu miða við núverandi skipulag og uppbyggingarsvæði. Í athugasemdum sem komu fram á kynningarfundum um tillögu SFS um skipulag skóla- og frístundastarfs í norðanverðum Grafarvogi og aðsendum athugasemdum kom fram að fyrirhuguð væri uppbygging íbúðarhúsnæðis í Staðahverfi.

Starfshópurinn óskaði eftir upplýsingum frá umhverfis- og skipulagssviði Reykjavíkurborgar (USK) um hvort uppbygging í Staðahverfi væri fyrirhuguð, en við tillögugerð sína hafði skóla- og frístundasvið fengið þær upplýsingar að engin uppbygging væri fyrirhuguð á því svæði á a.m.k. næstu 10 árum. Svar USK má sjá í heild sinni í viðauka 5b, en þar kemur fram að á árinu 2018 var kannaður möguleiki á þéttingu byggðar í Staðahverfi. Möguleg fjölgun í því skólahverfi byggir á greiningu sem unnin var fyrir Reykjavíkurborg, í samráði við Golfklúbb Reykjavíkur. Í svarinu var áréttað að þær áætluðu tölur væru ekki opinberar og hefðu ekki hlotið samþykki sem breyting á aðalskipulagi og/eða í deiliskipulagi og að möguleg þétting í Staðahverfi hefði ekki verið skilgreind sem þróunarsvæði í Húsnæðisáætlun Reykjavíkur. Með þeim fyrirvörum sem að framan greinir, er í þeirri áætlun „talinn möguleiki á að bæta við allt að 500 íbúðum á svæði sem væri nálægt Korpuskóla.“ (Sjá svar USK í heild sinni í viðauka 5b).

Starfshópurinn óskaði eftir að fá spá skóla- og frístundasviðs um þróun fjölda barna á grunnskólaaldri í hverfinu ef möguleiki á þéttingu byggðar í Staðahverfi yrði að veruleika. Byggt á lýðfræði hverfisins, gerir spá SFS ráð fyrir að fjölgun barna á grunnskólaaldri í hverfinu verði um 145 og þar af yrðu nemendur í 1. – 7. bekk um 102. Börnum á leikskólaaldri myndi fjölga um 70. Þessar tölur setja skólalald í Staðahverfi í nýtt samhengi og hægt væri að reka heildstæðan grunnskóla fyrir 1. – 7. bekk í Korpu samkvæmt viðmiðum SFS. Tafla 11 hér að neðan sýnir að um 180 nemendur yrðu á yngri stigi frá 1. – 7. bekk og um 79 nemendur á unglíngastigi frá 8. – 10. bekk.

Staðahverfi/aldursskipting barna á grunnskólaaldri	1. - 7. bekkur	8. - 10. bekkur	Samtals 1. - 10. bekkur
Spá um fjölda á grunnskólaaldri árið 2024-2025	78	36	114
Fjölgun barna á grunnskólaaldri ef 500 íbúða uppbyggin	102	43	145
Samtals börn á grunnskólaaldri í Staðahverfi	180	79	259

Tafla 11: Spá um barnafjölda á grunnskólaaldri og aldursskiptingu í Staðahverfi 2024-2025 að viðbættum barnafjölda ef á þéttingu byggðar í Staðahverfi verður að veruleika (Heimild: SFS, 2019).

Tillaga 2 sem starfshópurinn leggur fram styður við þá þróun sem gæti orðið ef 500 íbúða uppbygging í Staðahverfi yrði að veruleika. Þannig væri stakstæður aðskóli fyrir 1. – 7. bekk í Korpu og unglíngarnir myndu sækja nám sitt í Vík. Þar sem fækkun barna á grunnskólaaldri í norðanverðum Grafarvogi verður umtalsverð á komandi árum er óhætt að segja að uppbygging í Staðahverfi myndi styðja við rekstrareiningar annarra skóla í norðanverðum Grafarvogi, sér í lagi Engi. Kosturinn við þéttingu byggðar er að með fjölbreyttum húsnæðiskostum eykur það á lýðfræðilega fjölbreytni íbúahópsins auk þess sem þegar er til staðar skólahúsnæði í hverfunum sem geta tekið við fjölgun nemenda á svæðinu og því ekki þörf á að byggja nýja skóla með miklum tilkostnaði.

Samgöngur og fjarlægðir á milli heimilis, skóla- og frístundastarfs.

Í rýnihópum og aðsendum erindum komu fram áhyggjur um fjarlægðir á milli skóla- og heimilis, almenningsgangna á milli hverfa og umferðaröryggi barna. Í viðmiðum skóla- og frístundasviðs er almennt gert ráð fyrir að nemendur þurfi ekki að ganga lengri leið en 1,5 km í skólann. Ef leiðin er lengri, er boðið upp á skólaakstur eða strætókort/ strætómiða.



Miðað við 1,5 km viðmiðin, getur Vættaskóli Borgir verið hverfissskóli fyrir Borgarhverfi, Víkurhverfi og Engjahverfi (sjá mynd 1).

Mynd 1: Vættaskóli Borgir. Skólahverfi miðað við 1,5 km viðmið



Kelduskóli Vík getur verið hverfissskóli fyrir Víkurhverfi, Borgarhverfi, Engjahverfi og nærri allt Staðahverfi (sjá mynd 2).

Mynd 2: Kelduskóli Vík. Skólahverfi miðað við 1,5 km viðmið.



Vættaskóli Engi getur verið hverfis-skóli fyrir Engjahverfi, Víkurhverfi, Borgarhverfi og hálf Staðahverfi (sjá mynd 3).

Mynd 3: Vættaskóli Engi. Skólahverfi miðað við 1,5 km viðmið.



Kelduskóli Korpa getur verið skólahverfi fyrir Staðahverfi og lítils hluta af Víkurhverfi og enn minni hluta af Engjahverfi (sjá mynd 4). Meiri upplýsingar um skólahverfi, fjarlægðir og samgöngur er hægt að skoða í viðuka 4-d.

Mynd 4: Kelduskóli Korpa. Skólahverfi miðað við 1,5 km viðmið.

Ástæða þess að Starfshópurinn leggur til að Víkurskóli verði safnskóli fyrir unglinga í norðanverðum Grafarvogi er vegna þess að hann er mest miðsvæðis af öllum skólunum. Önnur ástæða varðar umferðaröryggi yngstu barnanna, en þá er horft til þess að börn í hverfi Borga og Engja þurfi ekki að fara yfir umferðarmiklar götur. Hinsvegar þyrftu einhver af yngstu börnunum í Víkurhverfi mögulega að fara yfir Mosaveg til að fara í Engi. Yngstu börnin í Staðahverfi yrðu flutt með skólabil í Engi.

Hvað varðar strætisvagnsamgöngur, þá hentar Engi vel hvað varðar aðskóla fyrir Staðahverfi, þar sem samgöngur eru góðar á milli Staða og Engja. Það er stoppistöð á mótis við Egilshöll, þar eru undirgöngur undir Víkurveg og stutt að ganga í Engi.

Eins og fram kemur að ofan, þá var rætt um að bæta þyrfti strætisvagnsamgöngur. Íbúar telja ekki nægilegt að það séu samgöngur á milli hverfa, heldur þurfi einnig að huga að fleiri stoppum, tíðni ferða og að tímataflan henti grunnskólanemendum í hverfinu. Einnig að tengja þurfi hverfin í norðanverðum Grafarvogi betur saman með almenningssamgöngum. Varðandi yngri börnin og stefnu borgarinnar í umhverfismálum og þéttingu byggðar, telur starfshópurinn mikil tækifæri fólgin í því að ala upp yngstu kynslóðina við notkun strætisvagna og draga úr „skutli“ foreldra.

Til að efla þátttöku þeirra gæti ein mótvægisáðgerðin vera fólgin í tilraunaverkefni með aukinni tíðni strætisvagnaferða á milli Staðahverfis og annarra hverfa í norðanverðum Grafarvogi sem og aðgerðir sem sýna fram á öryggi yngstu barna okkar þegar þau nýta almenningssamgöngur innan hverfisins. Þannig er hægt að sýna í verki að fjarlægðir í metrum geta skipt minna máli en aðgengið sem almenningssamgöngur geta skapað þeim sem hafa ekki kost á því að keyra á milli í einkabifreið vegna aldurs, efnahags eða þeirra sem kjósa að nýta almenningssamgöngur vegna umhverfissjónarmiða.

Hagsmunaaðilagreining, rýnihópar, athugasemdir og aðsend erindi

Greining hagsmunaaðila og hvað skiptir þá máli

Starfshópurinn gerði hagsmunaaðilagreiningu til þess að fá betri yfirsýn yfir þær væntingar og áhyggjur sem hafa komið fram hjá hagsmunaaðilum varðandi fyrirkomulag skóla- og frístundastarfs í hverfinu. Við greininguna var unnið út frá eftirfarandi spurningum: Hverjir eru hagsmunaaðilar, hvað skiptir þá máli og hvernig komum við til móts við þá?

Starfshópurinn greindi eftirfarandi hópa sem helstu hagsmunaaðila: Nemendur, foreldra, starfsfólk í skóla- og frístundastarfi, stjórnendur í skóla- og frístundastarfi, íbúa í hverfinu, íbúa í Reykjavík, Reykjavíkurborg – rekstraraðili. Í mynd 5 hér að neðan má svo sjá hvað starfshópurinn taldi að skipti mestu máli fyrir hagsmunahópana og hvernig hægt væri að koma til móts við þá.

Hagsmunaaðilar	Væntingar (hvað skiptir þá máli?)	Hagsmunaaðilar	Væntingar (hvað skiptir þá máli?)
Nemendur (6-16 ára börn og ungmenni)	Velliðan Gott námsumhverfi í skólanum, inni í bekknum Öryggi - stöðugleiki Gott félagaval Fjölbreytt frístunda- og tómstundastarf Gæði skóla- og frístundastarfs Gott aðgengi að skóla / vegalengdir Námsframboð Tækjakostur og aðbúnaður í skólanum	Starfsfólk grunnskóla og frístundastarfs (frístundaheimili og félagsmiðstöð)	Góð líðsheid meðal starfsfólks Stöðugleiki Starfsöryggi Aðbúnaður og vinnuaðstaða Að vinnan fari fram sem mest í einni byggingu Greitt aðgengi að stjórnendum Faglegt skólastarf / fagmennska Velliðan nemenda Gott samstarf við foreldra og nærumhverfi Gott samstarf á milli starfsfólks og stjórnenda í skóla- og frístundastarfi
Foreldrar	Sama og hjá börnunum Að fjarlægðir séu ekki of miklar Góðar og öruggar samgöngur til og frá skóla Góð samskipti/samstarf við kennara og starfsfólk skólans Góð samskipti við aðra foreldra	Stjórnendur í grunnskólum og í frístundastarfi	Minnka flækjustig í rekstri Hafa góða yfirsýn Auðvelda skipulag skólastarfsins Greitt aðgengi að starfsfólki
Íbúar í hverfunum	Ímynd hverfisins sé góð Gott félagslegt umhverfi Þjónustustig – nærþjónusta Verðmat fasteigna haldist	Reykjavíkurborg – rekstraraðili	Hagkvæmur rekstur (fjármagni vel varið) Faglegt skóla- og frístundastarf Starfað í samræmi við gildandi lög og reglugerðir Ánægt starfsfólk Ánægðir nemendur Ánægðir íbúar Jöfnuður á milli hverfa borgarinnar
Íbúar í Reykjavík	Ráðstöfun fjármagns Gott skóla- og frístundastarf Jöfnuður á milli hverfa borgarinnar		

Mynd 5: Hagsmunaaðilar og málefni samkvæmt greiningu starfshópsins.

Í kjölfar greiningavinnunnar var þeim atriðum sem starfshópurinn taldi mikilvæg stillt upp í töflu og samanburður gerður til að draga fram hvaða atriði væru mikilvægari en önnur og má sjá þá forgangsröðun á mynd 6 hér að neðan. Við forgangsröðun voru hagsmunir nemendanna hafðir í forgrunni. Sýnd er forgangsröðun atriða sem tengjast nemendum og foreldrum. Athugið að foreldrar hafa sömu hagsmuni og nemendur, þannig að eingöngu er um viðbótarhagsmuni að ræða í töflunni sem fjallar um forgang foreldra.

Greiningarlíkanið sem stuðst var við er almennt hagnýtt við forgangsröðun í flóknum verkefnum. Erfiðleikar við ákvarðanatöku eru mjög oft tengdir áhugasviði eða tilfinningum þeirra sem hafa skoðanir eða drifkraft við að knýja áfram valin verkefni. Með því að nota greiningarlíkanið er forgangsraðað í takt við þau málefni sem teljast framar öðrum og hafa verið skilgreind sem mikilvæg varðandi það málefni sem um er rætt, stefnu og/ eða þau verkefni sem teljast mikilvæg. Lögð er áhersla á það að niðurstaðan er aðeins viðmið fyrir þá sem þurfa að taka ákvarðanir.

Nemendur			Foreldrar		
Röðun samkvæmt einkunn			Röðun samkvæmt einkunn		
		Einkunn			Einkunn
1	Velliðan	11	1	Góð samskipti/samstarf við kennara og starfsfólk	1
2	Öryggi	9	2	Góðar og öruggar samgöngur í skóla- og frístundastarf	0
3	Gott félagaval	7	3	Góð samskipti við aðra foreldra	-1
4	Gott námsumhverfi í skólanum	3			
5	Gott námsumhverfi í bekknum	1			
6	Tækjakostur og aðbúnaður í skólanum	1			
7	Námsframboð	-1			
8	Stöðugleiki	-2			
9	Fjölbreytt frístunda- og tómstundastarfs	-4			
10	Gott aðgengi að skóla	-5			
11	Stuttar vegalengdir í skóla	-9			
12	Stuttar vegalengdir í frístundastarf	-11			

Mynd 6: Hagsmunaaðilagreining - forgangsröðun málefna nemenda og foreldra

Eins og almennt er í hópum sem settir eru saman út frá mismunandi hagsmunaaðilum eru ekki allir einróma um hvaða málefni ganga framar öðrum. Í þessari greiningu var meirihlutinn látinn ráða röðuninni. Mikilvægar umræður fóru fram við mat á forgangi og niðurstaðan endurspeglar það val.

Athygli vekur, að þegar allt kemur til alls, þá skipta gott aðgengi að skóla, stuttar vegalengdir í skóla og stuttar vegalengdir í frístundastarf minna máli þegar valið stendur um önnur málefni sem snúa að velliðan nemenda, öryggi nemenda, félagavali, námsumhverfi o.fl. Til nánari glöggvunar er vísað í hagsmunaaðilagreiningu á bls. 22-23 og viðauka 3.

Þegar horft er á niðurstöður rýnihópa og samantektar frá aðsendum erindum og athugasemdum frá kynningarfundum, er ekki hægt að segja að einn skóli í hverfinu sé umfram annan þegar hugað er að velliðan, öryggi, góðu námsumhverfi o.s.frv. Hinsvegar er ljóst að félagaval er meira í stærri einingum og meiri líkur eru á að tækjakostur, aðstaða, aðbúnaður, námsframboð og fjölbreytni sé meiri í stærri einingum. Hvað varðar öryggi, þá stuðlar skólastarfið í öllum skólunum að slíku en hvað varðar umferðaröryggi nemenda, sér í lagi þeirra yngstu, er það mat hópsins að skilyrði fyrir lokun Korpuskóla er að gerðar séu grundvallar samgöngubætur með undirgöngum, umferðarljósum, þrengingum og skólaakstri til að tryggja öryggi nemenda við að komast á milli heimilis, skóla- og frístundastarfs.

Þegar búið var að greina hagsmunaaðila og helstu álitamál þeirra, var ákveðið að gera drög að áhættugreiningu út frá tillögu SFS og velja fyrir sér hvaða atriði gætu farið úrskeiðis við framkvæmd verkefnisins. Samantektina má sjá í töflunni hér að neðan. Þær upplýsingar eru ekki tæmandi fyrir það sem kom fram í umræðum.

Eftirfarandi þættir komu meðal annars fram:

Áhætta	Aðgerðir
Framtíðarskipulag hverfanna/ til stendur að byggja á svæðum í nágrenninu – en er enn óljóst. Ákveðið svæði komið í deiliskipulag. Fjölgun íbúða og íbúa hefur áhrif á forsendur verkefnisins.	<ul style="list-style-type: none"> ✓ Kallað eftir betri upplýsingum varðandi mögulega uppbyggingu 500 íbúða í Staðahverfi. ✓ Fulltrúi umhverfis- og skipulagssviðs (USK) Reykjavíkurborgar kynnti núverandi skipulag um þéttingu byggðar og mögulega þéttingu byggðar í Staðahverfi ✓ Óskað var eftir formlegu svari frá USK varðandi mögulega þéttingu byggðar í Staðahverfi. Svar USK má sjá í heild sinni í viðauka 5b og voru þær upplýsingar nýttar við tillögugerð starfshópsins
Mótvægisáðgerðir frestist eða verði ekki að veruleika. T.d. undirgöng, gönguleiðir, merktar gangbrautir, bættar samgöngur verði ekki að veruleika, skólaakstur verði ekki nógu tíður o.fl.	<ul style="list-style-type: none"> ✓ Ákveðið var að skýr skilaboð þyrfti að senda til skipulagsyfirvalda um að framkvæma samgöngubætur áður en breytingar varðandi skóla- og frístundastarf hæfus. ✓ Mikilvægt að skýrar upplýsingar væru gefnar um framkvæmdir og tímasetningu þeirra ✓ Horfa þyrfti til strætóleiða og tíðni ferða
Viðkvæmt tímabil á meðan allir eru að ná takti í nýju skipulagi/skólum/frístundastarfi (nemendur, foreldrar og starfsfólk) m.a. vegna breytinga á stjórnendateymum.	<ul style="list-style-type: none"> ✓ Veita stuðning ✓ Meiri mönnun ✓ Gera áætlun um skólabyrjunina ✓ Gera ráð fyrir hópefli, leggja áherslu á að vinna með hópunum. ✓ Verja tíma og fjármunum í þetta verkefni ✓ Skapa sýn fyrir nýja skóla ✓ Góð upplýsingagjöf ✓ Gefa nægan tíma í breytingarnar ✓ Stuðningsaðgerðir til lengri tíma. ekki hætta of snemma að styðja við breytinguna
Óstöðugleiki hafi áhrif á ráðningar kennara og stjórnendur. Los gæti komið á kennara- og stjórnendahóp vegna breytinganna og einhverjir gætu kosið að hætta.	<ul style="list-style-type: none"> ✓ Ákvarðanir þurfa að liggja fyrir tímanlega ✓ Vönduð upplýsingagjöf til starfsmanna í breytingaferlinu
Alvarlegur ágreiningur íbúa við borgaryfirvöld.	<ul style="list-style-type: none"> ✓ Áhersla lögð á vandaða upplýsingagjöf til íbúa ✓ Skýrari upplýsingar – og upplýsingagjöf til fjölmiðla ✓ Borgin komi réttum upplýsingum til fjölmiðla

Hópurinn lagði metnað sinn í að huga að þessum málum við vinnu sína og telur að vel hafi tekist til að tvinna áhyggjur og væntingar hagsmunaaðila inn í tillögur sínar um framtíð skóla- og frístundastarfs í norðanverðum Grafarvogi.

Rýnihópar og niðurstöður

Í erindisbréfi fyrir starfshópin var honum uppálagt að framkvæma rýnihóparannsókn til þess að ná fram viðhorfum nemenda, starfsfólks, foreldra og íbúa í Staðahverfi. Á fyrstu fundum starfshópsins ákvað hópurinn hvernig samsetning rýnihópanna yrði með tilliti til erindisbréfsins auk þess að skilgreina þau þemu sem hópurinn taldi draga fram viðhorf sem var mikilvægt að ná fram til þess að vinna að tillögum um framtíðarskipulag skóla- og frístundastarfs í hverfinu. Frekari upplýsingar um rýnihópana má sjá í viðauka 2.

Rýnihópaþinginn fór fram dagana 24. – 30. apríl og hver fundur tók um klukkustund. Hóparnir voru valdir með slembiúrtaki og skiptust upp eins og kemur fram á myndinni hér að neðan.

Rýnihópategund	Fjöldi rýnihópa	Fjöldi manns
Nemendur (6 manns í hóp boðaðir)	6 rýnihópar	36 nemendur
Foreldrar (8 manns í hóp boðaðir)	3 rýnihópar	24 foreldrar
Starfsmenn (8 manns í hóp boðaðir)	2 rýnihópar	16 starfsmenn
Íbúar (8 manns í hóp boðaðir)	1 rýnihópur	8 íbúar
Samtals	12 rýnihópar	84 manns

Greiningin fór fram eftir eftirfarandi þeimum sem starfshópurinn valdi í samvinnu við þá aðila sem framkvæmdu rýnihóparannsóknina og eru jafnframt sérfræðingar í slíkri rannsóknarvinnu, til að fá fram þau viðhorf sem leitað var eftir. Spurningarnar og umræðupunktarnir voru mótaðir út frá þeim hópum sem unnið var með, þ.e. hópum nemenda, foreldra, starfsmanna og íbúa.

- Þema 1: Gæða skóla- og frístundastarf (hvað skilgreinir gæði?).
- Þema 2: Staðan núna (kostir og gallar)
- Þema 3: Tillagan (kostir og gallar)
- Þema 4: Aðrir möguleikar (hugmyndir úr rýnihópum)

Hér að neðan er samantekt á niðurstöðum úr öllum rýnihópum. Þar á eftir kemur umfjöllun um hvað hóparnir töldu að væri mikilvægt við gæði skóla- og frístundastarfs og einnig hverjir væru kostir og gallar við núverandi fyrirkomulag. Fjallað verður um aðrar niðurstöður rýnihópanna í tillögum starfsfhópsins.

Þema 1: Gæða skóla- og frístundastarf - niðurstaða úr öllum hópum

Nemendur:	Foreldrar:	Starfsmenn:	Íbúar:
Að líða vel	Vellíðan nemenda	Áhersla á nemendur	Persónuleg samskipti við nemendur
Vera með vinum	Félagslegi hlutinn	Fjölbreytt starf	Faglegt starf (skóla- og frístundastarf)
Góð menntun	Gæði náms	Samþætting og samhæfing	Litlar einingar
Að læra:	Krefjandi nám sem miðar að hverjum og einum	Gott samstarf á milli skóla og frístundar	
<ul style="list-style-type: none"> ◦ hvað á að gera? ◦ reikna, íþróttir o.fl. ◦ láta heilann þroskast 	Góð stjórnun	Góð skólamenning, skólabragur, jákvæður bragur	
Góðir kennarar	Góð aðstaða	Gott samstarf milli kennara	
Hafa val	Stöðugleiki	Meiri tenging milli skóla og frístundastarfsins	
Fjölbreytt nám	Nálægð við heimili	Ekki mikið rót	
Góð aðstaða	Öryggi	Börnin geti sótt sinn skóla í sínu hverfi	
Meiri opnunartími hjá frístundinni			

Þema 2: Staðan núna, kostir og gallar

HVAÐ ER GOTT	HVAÐ ÞARF AÐ BÆTA
Börnin ánægð, líður vel	Fjölbreytni í námi
Fjölbreytt og faglegt starf	Mætti vera meira félagaval
Félagaval er nægilegt	Erfitt að ná á stjórnendur og húsverði.
Lítill eining og persónulegt	Bæta aðstöðu fyrir unglinga í skólunum
Meiri aðstoð frá kennurum í litlum einingum.	Meiri tenging milli skóla- og frístundastarfs
Samvinna starfsmanna góð	Lítið rými fyrir frístundastarf í Vík og Engi
Samvinna milli skóla- og frístundastarfs gott	Húsnæði þarf að bæta á sumum stöðum
Ánægja með frístundastarfið	Skólalóðir þarf að laga, vantar t.d. leiktæki
Húsnæði fínt, góð aðstaða	Göngu- og hjólaleiðir þarf að bæta
Íþróttaaðstaða góð	Strætósamgöngur þarf að bæta .
Umhverfið í kring gott	Of mikið rask að leggja þetta til.
Sveit í borg	Betri þjónusta við Staðarhverfi almennt.

Pema 3: Tillaga SFS – kostir og gallar - niðurstaða úr öllum hópum.

KOSTIR TILLÖGUNNAR - SAMMERKT	ÓKOSTIR TILLÖGUNAR – SAMMERKT
<p>Stærri skóli, meira félagaval.</p> <p>Kostur að unglingarnir séu saman:</p> <ul style="list-style-type: none"> ◦ fleiri félagar. ◦ fjölbreyttara nám <p>Ávinningur fyrir samstarf kennara.</p> <p>Kostur að hafa starfsemi á einum stað (eitt hús).</p> <p>Sérfræðipjónusta getur eflst.</p> <p>Yngri nemendur vilja að unglingar séu saman í unglingskóla.</p> <p>Í fámennu frístundastarfi eru minni möguleikar á fjölbreyttri starfsemi. Félagaval er minna. Hefur áhrif á starfið.</p>	<p>Ánægja með núverandi fyrirkomulag.</p> <p>Skólinn er hjartað í hverfinu.</p> <p>Mikilvægt að hafa skóla fyrir yngri börnin í hverfinu.</p> <p>Val að vera í fámennum skóla, fólk þarf að hafa val um lífann eða stóra skóla fyrir börnin sín (fjölbreytni)</p> <p>Fámennir skólar hafa ýmsa kostir, persónulegra.</p> <p>Fjölbreyttir kennsluhættir í þessum skólum núna.</p> <p>Tillagan snýst um unglinga á kostnað yngri barna.</p> <p>Rask að breyta aftur fyrirkomulagi skóla í N-Grafarvogi.</p> <p>Tillagan skapar mikið <u>óöryggi</u> og <u>kvíða</u>.</p> <p>Tillagan lýsir skammsýni, kostir tillögunar ekki sýnilegir. Fórarkostnaður of mikill.</p> <p>Samgöngur ekki góðar og ekki staðið við fyrri loforð um <u>bætur</u> í þeim efnum.</p> <p>Ábati síðustu sameiningar ekki sýnilegur (faglega).</p> <p>Aðrir möguleikar í stöðunni, t.d. nýta <u>húsnæðið</u> fyrir leikskóla.</p> <p>Minni aðsókn í frístundastarf (félagsmiðstöð) í stærri skólum (eftir síðustu sameiningu).</p>

Pema 4: Aðrir möguleikar en tillaga SFS - hugmyndir úr rýnihópum

<u>Nemendur:</u>	<u>Foreldrar:</u>	<u>Starfsmenn:</u>	<u>Íbúar:</u>
<p>Gera ungmennahús í Korpu.</p> <p>Unglingana í Korpu.</p> <p>Vera með rafmagnsrútu.</p>	<p>Nýta <u>húsnæðið</u> og <u>sameina leikskólanum</u>.</p> <p>Gera skólana aftur fjóra.</p> <p>Vera með Engjahverfið fyrir miðstig til að gera pláss í Borgum.</p> <p>Leigja Korpu.</p>	<p>Leikskólann í Korpu.</p> <p>Fjóra skóla aftur og auka samvinnu skólanna.</p> <p>Vera með sérstöðu í Korpu, sem fólk vill koma með börnin sín í (eins og fólk gerir í Ísaksskóla).</p> <p>Nota <u>húsnæðið</u> fyrir aðra skóla, þar sem kemur upp mygla.</p>	<p>Færa leikskólann í skólann.</p> <p>Nýta <u>húsnæðið</u>, finna lausn.</p> <p>Nýta húsið í bættu kennaramenntun, vinna með Menntavísindasviði.</p>

Um fjöllum um niðurstöður rýnihópa og hagsmunaaðilagreiningar

Í rýnihópum foreldra, starfsmanna og íbúa í Staðahverfi settu þátttakendur nemendur í forgrunn. Nemendur settu vellíðan og að vera með vinum í forgrunn. Draga má þá ályktun að vellíðan og hagsmunir nemendanna séu því lykilþættir í skóla- og frístundastarfi í hverfinu. Ef gerður er samanburður á hagsmunaaðilagreiningu og niðurstöðum um gæða skóla- og frístundastarf úr rýnihópum þá er rauður sameiginlegur þráður. Því má segja að greiningarnar styðji hvor aðra og að starfshópnum hafi tekist vel að skilgreina mikilvægustu atriðin varðandi hvað skiptir máli í skóla- og frístundastarfinu. Eftirfarandi atriðið er mikilvægt að draga fram:

- Allir hópar leggja áherslu á skóla- og frístundastarfið sjálft og þá þætti sem taldir eru stuðla að góðri menntun og vellíðan nemenda.
- Nemendur vilja hafa val, fjölbreytt nám og góða aðstöðu. Foreldrarnir vilja einnig góða aðstöðu og leggja áherslu á gæði náms, að það sé krefjandi og einstaklingsmiðað.
- Foreldrar og starfsmenn nefna aðgengi að skóla og frístundastarfi s.s. nálægð við heimili og vegalengdir, stöðugleika og öryggi, á meðan nemendur velta því ekki fyrir sér.

- Starfsmenn vilja gott samstarf á milli kennara og starfsmanna og í skóla- og frístundasamfélaginu, góðan skólabrag og fjölbreytt starf. Þeir ræða ekki að mikilvægt sé að hafa skólann í einni byggingu, en þegar spurt var hvað þarf að bæta frá því sem er í dag kemur fram að erfitt er að ná í stjórnendur og húsverði þar sem starfsemin fer fram á tveimur stöðum.
- Íbúar í Staðahverfi vildu sjá litlar einingar í skóla- og frístundastarfi, persónuleg samskipti við nemendur og faglegt starf.
- Í rýnihópum nemenda var áhersla lögð á að skólaakstur færi fram með rafmagnsbifreiðum og að lengri opnunartími væri í frístundastarfinu.

Þegar rætt var um núverandi stöðu var almenn ánægja með skóla- og frístundastarfið, það var talið fjölbreytt og faglegt. Húsnæðið fínt, góð aðstaða, börnunum liði vel, þau ánægð og nægilegt félagaval. Samvinna var talin góð, bæði á milli kennara og á milli skóla- og frístundastarfsins. Aðrir kostir sem voru nefndir voru sveit í borg, umhverfið og að lítil eining væri persónulegri og byði upp á meiri aðstoð frá kennurum.

Nokkrar þversagnir voru í rýnihópunum, en þegar rætt var um hvað mætti bæta var talað um að það mætti vera meiri fjölbreytni í námi, meira félagaval, að meiri tengingu vantaði á milli skóla- og frístundastarfs og að húsnæði þyrfti að bæta á sumum stöðum. Talað var um að bæta þyrfti aðstoðu fyrir unglunga í skólunum og að lítið pláss væri fyrir frístundastarfið í Vík og Engi. Í umhverfinu var rætt um að laga þyrfti skólalóðir og leiktæki sem og að bæta göngu- og hjólaleiðir. Talið var erfitt að ná í stjórnendur og húsverði og að almennt mætti bæta þjónustu við Staðahverfið.

Í stuttu máli má segja að almenn ánægja sé með skóla- og frístundastarfið eins og það er í dag og það uppfylli þá þætti sem taldir eru mikilvægastir hvað varðar hagsmunahópa nemenda, foreldra og starfsfólks. Alltaf má þó gera betur og þegar spurt var um hvað mætti bæta, var talað um að félagaval mætti vera meira, auka mætti fjölbreytni í námi, bæta þyrfti aðstoðu fyrir unglunga, auka tengingu á milli skóla- og frístundastarfs, bæta skólalóðir, húsnæði og aðstoðu fyrir frístundastarfið í Vík og Engi.

Athugasemdir frá kynningarfundum í skólunum auk athugasemda sem hafa borist SFS vegna fyrirhugaðra breytinga.

Fimm kynningarfundir voru haldnir í skólunum með skólaráðum og stjórnnum foreldrafélaganna, foreldrum, öðrum forráðamönnum og starfsfólki. 16 tölvupóstar bárust skrifstofu SFS vegna fyrirhugaðra breytinga á skóla- og frístundastarfi í norðanverðum Grafarvogi og vegna starfa starfshóps sem skipaður var til að koma með tillögur til framtíðar. Einn tölvupóstur barst frá stjórn foreldrafélaganna, sjö frá foreldrum í Kelduskóla, sex frá foreldrum í Vættaskóla og tveir frá íbúum.

Í viðauka níu má sjá samantekt yfir þau málefni sem brenna á þeim hagsmunaaðilum sem hafa látið í sér heyra. Þar kemur fram að ekki eru allir á einni skoðun og það sem sumir eru ánægðir með eru aðrir ósáttir með. Starfshópurinn skoðaði þær athugasemdir sem hafa komið fram og til að koma til móts við þær voru þær hafðar til hliðsjónar við upplýsingaöflun, greiningarvinnu og tillögugerðina, eins og upp er talið í inngangi skýrslunnar.

Tillögur starfshópsins

Hópurinn velti upp ýmsum sviðsmyndum en að lokum var ákveðið að greina styrkleika, veikleika, tækifæri, ógnir, tölfraeði og fjárhagsliði varðandi eftirfarandi tillögur.

Tillaga 1: *Vegna fækkunar nemenda í Kelduskóla – Korpu og fyrirséðrar fjölgunar barna í nemendahópi Vættaskóla er lagt til að grunnskólahald í norðanverðum Grafarvogi verði með eftirfarandi hætti.*

- Tveir skólar verði fyrir nemendur í 1.-7. bekk (aðskóli) annar í Borgum og hinn í Engi. Einn unglingskóli (nýsköpunarskóli) verði í Vík fyrir 8. – 10. bekk.
- Skólahald verði aflagt í Korpu þar til fjöldi barna í Staðahverfi á aldrinum 6 – 12 ára (1. – 7. bekk) hafi náð 150 nemendum. Nemendur í 8. – 10. bekk verði áfram í Vík.
- Skólastjóri verði í hverjum skóla.
- Frístundaheimili verði starfrækt í báðum aðskólunum.
- Félagsmiðstöð unglinga verði starfrækt í unglingskólanum.
- Félagsmiðstöðvarstarf 10 – 12 ára færi fram í aðskólunum.
- Umhverfissvænn skólaakstur verði fyrir börn í 1. – 4. bekk í Staðahverfi og þau börn sem þurfa að ganga lengra en 1,5 km leið í skóla- og frístundastarf.
- Skilyrði fyrir breytingum á skólahaldi er að gerðar verði samgöngubætur til þess að auka umferðaröryggi gangandi og hjólandi vegfarenda og til að tengja betur öll hverfi norðanverðum Grafarvogi.
 - Undirgöng verði sett á valdan stað við Víkurveg.
 - Gönguljós og þrenging götu verði sett á völdum stað við Mosaveg.
 - Göngu- og hjólaleiðir verði einnig bættar til að gera skóla-, frístunda- og íþróttastarf aðgengilegra fyrir íbúa í öllum norðanverðum Grafarvogi.
 - Skoða mætti hvernig hægt er að bæta strætisvagnsamgöngur, t.d. með tíðari ferðum á milli hverfa, tímatöflu sem tekur tillit til þarfa nemenda á grunnskólaaldri og viðbótar stoppi á völdum stað nálægt mótum Mosavegar og Víkurvegar.
- Breyta þarf hverfamörkum skólanna til að tryggja góða dreifingu nemenda á milli skólabygginga og skapa þannig gott rými og aðstöðu fyrir skólustarf jafnt sem frístundastarf.

Lagt er til að innleiðingarhópur verði skipaður til að fylgja eftir að forsendur og markmið tillögunnar verði að veruleika. Innleiðingarhópurinn hafi eitt ár til undirbúnings og því komi breytingar á skóla- og frístundastarfi til framkvæmda haustið 2020. Innleiðingarhópurinn starfi áfram í að minnsta kosti eitt ár til að takast á við og vinna úr ófyrirsjáanlegum áskorunum í tengslum við innleiðinguna.

Tillaga 2: Vegna fjölgunar barna í nemendahópi Vættaskóla og mögulegrar þéttingar byggðar í Staðahverfi er lagt til að grunnskólahald og frístundastarf í Grafarvogi verði með eftirfarandi hætti:

- Þrír skólar verði fyrir nemendur í 1.-7. bekk (aðskóli) í Borgum, Engi og Korpu með frístundaheimili í hverjum þeirra. Einn unglingaskóli (nýsköpunargrunnskóli, sjá bls. 11) verði í Vík fyrir nemendur í 8. – 10. bekk.
- Skólastjóri verði í hverjum skóla.
- Frístundaheimili verði starfrækt í öllum aðskólunum.
- Félagsmiðstöð unglinga verði starfrækt í unglingaskólanum.
- Félagsmiðstöðvarstarf 10 – 12 ára færi fram í aðskólunum.
- Skilyrði fyrir breytingum á skólahaldi er að gerðar verði samgöngubætur til þess að auka umferðaröryggi gangandi og hjólandi vegfarenda og til að tengja betur öll hverfi í norðanverðum Grafarvogi.
 - Gönguljós sett upp og þrenging götu á völdum stað við Víkurveg völdum stað við Mosaveg.
 - Göngu- og hjólaleiðir verði einnig bættar til að gera skóla-, frístunda- og íþróttastarf aðgengilegra fyrir íbúa í öllum norðanverðum Grafarvogi.
 - Skoða mætti hvernig hægt er að bæta strætisvagnaamgöngur, t.d. með tíðari ferðum á milli hverfa, tímatöflu sem tekur tillit til þarfa nemenda á grunnskólaaldri og viðbótar stoppi á völdum stað nálægt mótum Mosavegar og Víkurvegjar.
- Breyta þarf hverfamörkum skólanna til að tryggja góða dreifingu nemenda á milli skólabygginga og skapa þannig gott rými og aðstöðu fyrir skóla- jafnt sem frístundastarf.
- Ekki liggja fyrir skýr áform um þéttingu byggðar í Staðahverfi. Því óskar starfshópurinn eftir því að umhverfis- og skipulagssvið Reykjavíkurborgar leggi mat á raunhæfni og fýsileika þess að ráðast í uppbyggingu á þróunarsvæði í Staðahverfi sem styður við bindandi markmið gildandi aðalskipulags Reykjavíkurborgar. Auk þess er sérstaklega óskað eftir því að lagt verði raunhæft mat á tímalínu mögulegrar uppbyggingar.
- Verði uppbygging í Staðahverfi að veruleika, liggur fyrir að Korpuskóli mun þjóna fáum nemendum á þeim tíma sem uppbygging fer fram í Staðahverfi. Kanna þarf hvaða kostir eru í stöðunni til að bæta nýtingu húsnæðis og mannauðs á þeim tíma, t.d. starfssemi leikskóla hverfisins, starfssemi fartheyma, útibú frá Brúarskóla eða aðra skóla- og frístundatengda starfssemi. Lagt er til að skóla- og frístundasvið geri greiningu á því hvort að starfssemi af slíkum toga skili rekstrarhagkvæmni og auki faglega samlegð.

Lagt er til að innleiðingarhópur verði skipaður til að fylgja eftir að forsendur og markmið tillögunnar verði að veruleika. Innleiðingarhópurinn hafi eitt ár til undirbúnings og því komi breytingar á skóla- og frístundastarfi til framkvæmda haustið 2020. Innleiðingarhópurinn starfi áfram í að minnsta kosti eitt ár til að takast á við og vinna úr ófyrirsjáanlegum áskorunum í tengslum við innleiðinguna.

Greiningar starfshópsins á tillögunum tveimur:

Hér á eftir fara fram greiningar sem meta tillögurnar út frá SVÓT greiningu, fjárhagi og fyrirkomulagi skólahaldsins. Starfshópurinn óskar þess að pólitískt skipaðir fulltrúar nýti sér þær greiningar, ásamt öðrum fram komnum upplýsingum, til að taka ákvörðun sem skapar stöðugleika í skóla- og frístundastarfi í norðanverðum Grafarvogi í að minnsta kosti áratug.

Greining á Styrkleikum, veikleikum, tækifærum og ógnum: Samanburður á tillögum út frá málefnum nemenda:

Samanburður á tillögum: SVÓT greining í samhengi við forgangsröðun málefna nemenda úr hagsmunaaðilagreiningu:			
	Tillaga 1	Tillaga 2	
1	Velliðan		
	<p>Styrkleikar og tækifæri: Það er almenn ánægja og velliðan nemenda í núverandi skipulagi á skóla- og frístundastarfi og því sterkur grunnur til að viðhalda því auk tækifæri til eflingar.</p> <p>Veikleikar: Gæti verið erfið breyting fyrir einhverja nemendur að fara yfir í safnskólann.</p> <p>Ógnir: Breytingar eru viðkvæmar og því þarf að vinna þétt með nemendum, starfsfólki og foreldrum til að skapa ekki óöryggi, kvíða og vanlíðan í breytingaferlinu heldur ýta undir áframhaldandi ánægju og velliðan í breytingaferlinu.</p>	<p>Styrkleikar og tækifæri: Almenn ánægja og velliðan nemenda í núverandi skipulagi á skóla- og frístundastarfi og því sterkur grunnur til að viðhalda því auk tækifæri til eflingar.</p> <p>Veikleikar: Gæti verið erfið breyting fyrir einhverja nemendur að fara yfir í safnskólann.</p> <p>Ógnir: Breytingar eru viðkvæmar og því þarf að vinna þétt með nemendum, starfsfólki og foreldrum til að skapa ekki óöryggi, kvíða og vanlíðan í breytingaferlinu heldur ýta undir áframhaldandi ánægju og velliðan í breytingaferlinu.</p>	
2	Öryggi		
	<p>Styrkleikar: Umferðaröryggi yngstu barnanna tryggt með skólaakstri þar sem er lengst að fara og yfir umferðarmiklar götur.</p> <p>Veikleikar: Umferðaröryggi yngstu nemendanna sem og annarra vegfarenda er ábótavant. Gönguleiðir í skóla og frístundastarf fara um umferðarmiklar götur og golfvöll.</p> <p>Tækifæri: Auka öryggi nemenda með undirgöngum á völdum stað við Víkurveg, gönguljóssum og þrengingu götu á völdum stað við Mosaveg.</p> <p>Ógnir: Samgöngubætur sem tengjast umferðaröryggi s.s. undirgöng, umferðarljós og þrengingu gatna verði ekki framkvæmdar. Vegna hærri rekstrarkostnaðar muni strætósamgöngur ekki mæta þörfum grunnskólanemenda hvað varðar tíðni ferða og tímatöflu í takt við skóla- og frístundastarf.</p>	<p>Styrkleikar: Umferðaröryggi yngstu barna tryggt án kostnaðarsamra aðgerða við undirgöng.</p> <p>Veikleikar: Engin gönguljós eða þrengingar við Mosaveg sem dregur úr umferðaröryggi gangandi vegfarenda.</p> <p>Tækifæri: Auka öryggi með götuljóssum og þrengingum við Mosaveg til að auka betur öryggi nemenda og annarra vegfaranda í hverfinu.</p> <p>Ógnir: Samgöngubætur sem tengjast umferðaröryggi s.s. umferðarljós og þrengingu gatna verði ekki framkvæmdar. Vegna hærri rekstrarkostnaðar muni strætósamgöngur ekki mæta þörfum grunnskólanemenda hvað varðar tíðni ferða og tímatöflu í takt við skóla- og frístundastarf.</p>	
	Gott félagaval	<p>Styrkleikar: Meira félagaval fyrir nemendur í öllum aldurshópum.</p> <p>Veikleikar: Erfitt getur verið fyrir suma nemendur að fara upp á unglíngastigið.</p>	<p>Styrkleikar: Meira félagaval fyrir yngri nemendur í öllu hverfinu, nema Staðahverfi á uppbyggingartíma.</p> <p>Veikleikar: Erfitt getur verið fyrir suma nemendur að fara upp á unglíngastigið. Fámenni í Korpu dregur úr tækifærum til fjölbreytts félagavals yngri nemenda í Staðahverfi. Mögulega verður minna félagaval fyrir yngri nemendur úr Engjahverfi.</p>
	Gott námsumhverfi í skólanum	<p>Styrkleikar: Fjölmennari skólar og aldursskipting í yngri stig og eldra stigi fjölga tækifærum til ráðningar sérhæfðara fagfólks, t.d. námsráðgjöfum, sálfræðingum, hegðunarráðgjöfum, faggreinakennurum sem sækjast eftir að starfa í sérhæfðari skólum s.s. nýsköpunarskóla á unglíngastig og yngri barna skóla. Mætir kröfum samfélagsins um þróun, tækni og kennsluhætti á unglíngastigi. Meiri fjölbreytni í nemendahópum allra skólanna. Fjölbreyttari kennsluhættir í skólunum. Sérhæfðara húsnæði og búnaður fyrir hvern aldurshóp.</p> <p>Tækifæri: Aukið samstarf nýsköpunarskóla á unglíngastigi við Borgarholtsskóla.</p>	<p>Styrkleikar: Fjölmennari skólar og aldursskipting í yngri stig og eldra stigi fjölga tækifærum til ráðningar sérhæfðara fagfólks, t.d. námsráðgjöfum, sálfræðingum, hegðunarráðgjöfum, faggreinakennurum sem sækjast eftir að starfa í sérhæfðari skólum s.s. nýsköpunarskóla á unglíngastig og yngri barna skóla. Mætir kröfum samfélagsins um þróun, tækni og kennsluhætti á unglíngastigi. Meiri fjölbreytni í nemendahópi skóla og fjölbreyttari kennsluhættir. Minni fjölbreytni í nemendahópi og kennsluháttum í Staðahverfi á uppbyggingartíma.</p> <p>Veikleikar: Fámenni í Korpu á uppbyggingartíma getur haft neikvæð áhrif á ráðningu stjórnenda og kennara í skólann.</p> <p>Tækifæri: Aukið samstarf nýsköpunarskóla á unglíngastigi við Borgarholtsskóla. Gefur möguleika á sérhæfðu skólastarfi í Korpu sem gæti mætt þörfum mismunandi hópa og einstaklinga í Grafarvogi og Reykjavíkurborg.</p> <p>Ógnir: einsleitni í nemendahóp í Staðahverfi á uppbyggingartíma. Korpa uppfyllir ekki viðmið SFS um nemendafjölda í skóla fyrir 1.-7. bekk á uppbyggingartíma.</p>

Framhald-samanburður á tillögum: SVÓT greining í samhengi við forgangsröðun málefna nemenda úr hagsmunaaðilagreiningu:			
	Tillaga 1	Tillaga 2	
5	Tækjakostur og aðbúnaður í skólanum	Styrkleikar/tækifæri: Stærri einingar bjóða upp á meira svigrum til að bjóða upp á sérhæfðari tæki og búnað. Nýsköpunarskóla á unglíngastigi og aðskólar fyrir yngir börn bjóða upp á fjölbreyttari og sérhæfðari aðbúnað í skólunum.	Styrkleikar/tækifæri: Stærri einingar bjóða upp á meira svigrum til að bjóða upp á sérhæfðari tæki og búnað. Nýsköpunarskóla á unglíngastigi og aðskólar fyrir yngir börn bjóða upp á fjölbreyttari og sérhæfðari aðbúnað í skólunum.
			Veikleikar/ógnir: Meiri áskoranir felast í að tryggja fjölbreytni og sérhæfingu í tækjum og búnaði í Korpu á uppbyggingartíma vegna fámennis.
6	Námsframboð	Styrkleikar: Fjölbreyttara námsframboð í stærri skólaeiningum allra skólanna.	Styrkleikar: Fjölbreyttara námsframboð í skólaeiningum Víkur og Borga.
		Tækifæri: Aukin tækifæri til fjölbreyttara og sérhæfðara skólastarfs í Nýsköpunarskóla í Vík og Borgum.	Tækifæri: Aukin tækifæri til fjölbreyttara og sérhæfðara skólastarfs í Nýsköpunarskóla í Vík og Borgum vegna stærðarhagkvæmni.
			Ógnir: Fámennir Skólar í Korpu og mögulega Engi draga úr tækifærum til fjölbreytts skólastarfs
7	Stöðugleiki	Styrkleikar: Allar rekstrareiningar skólanna faglega og rekstrarlega sterkar. Auðveldara að halda í hæft starfsfólk í sterkum skólaeiningum.	Styrkleikar: Sterkari rekstrareiningar í Borgum og Vík efla stöðugleika skólaeininganna.
			Veikleikar: Smærri rekstrareiningar í Korpu og Engi draga úr stöðugleika skólaeininganna.
		Tækifæri: Meiri stöðugleik verði í kennarahópi og öðru sérhæfðu starfsfólki vegna sérhæfðara skólastarfs og fjölbreyttari tækja og búnaðar.	Tækifæri: Meiri stöðugleiki verði í kennarahópi Vík og Borga vegna sérhæfðara skólastarfs og fjölbreyttari tækja og búnaðar.
		Ógnir: Minni stöðugleiki verði í kennarahópi Korpu og Engi vegna fámennis - gæti kallað á breytingar í starfsemi.	
8	Fjölbreytt frístunda- og tómstundastarfs	Styrkleikar: Fjölbreyttara starf í frístundaheimilum með meiri fjölda barna. Aukið félagaval unglíngna í fjölmennari félagsmiðstöð. Betri aðstaða fyrir félagsmiðstöðvarstarf í unglíngaskóla. Betri aðstaða fyrir frístundaheimilin.	Styrkleikar: Aukið rými fyrir frístundaheimilin að nýta alla fjóra skólana í hverfinu. Aukið félagaval unglíngna í fjölmennari félagsmiðstöð. Betri aðstaða fyrir félagsmiðstöðvarstarf í unglíngaskóla.
		Veikleikar: Minna fjármagn fer til félagsmiðstöðvastarfsins.	Veikleikar: Minna fjármagn fer til félagsmiðstöðvastarfsins. Fámenni í frístundaheimili í Korpu ekki leyst á uppbyggingartíma og því færri tækifæri þar til fjölbreytts frístundastarfs vegna fámennis.
		Tækifæri: Fjölmennari hópar gefa færi á meiri fjölbreytni í frístunda- og félagsmiðstöðvastarfinu.	Tækifæri: Fjölmennari hópar gefa færi á meiri fjölbreytni í frístunda- og félagsmiðstöðvastarfinu. Á ekki við um Korpu á uppbyggingartíma.
		Ógnir: Sameining félagsmiðstöðva eykur fjarlægð unglíngna frá félagsmiðstöð og dregur mögulega úr þátttöku. Viðmið SFS um frístundaheimili í Staðahverfi ekki uppfyllt á uppbyggingartíma, hættu á að enn og aftur verði farið að breyta fyrirkomulagi til að bæta það. Spekileiki með fækkun reyndra stjórnenda í frístundaheimilum og félagsmiðstöð	Ógnir: Sameining félagsmiðstöðva eykur fjarlægð unglíngna frá félagsmiðstöð og dregur mögulega úr þátttöku. Viðmið SFS um frístundaheimili í Staðahverfi ekki uppfyllt á uppbyggingartíma, hættu á að enn og aftur verði farið að breyta fyrirkomulagi til að bæta það. Spekileiki með fækkun reyndra stjórnenda í frístundaheimilum og félagsmiðstöð
9	Gott aðgengi að skóla	Styrkleikar: Mætir þörfum fyrir skólarymi í samræmi við uppbyggingu við Móaveg og ef verður að uppbyggingu í Staðahverfi. Aðgengi að skólum í hverfum Engja, Víkur og Borgum verður áfram gott.	Styrkleikar: Mætir þörfum fyrir skólarymi í samræmi við uppbyggingu við Móaveg og ef verður að uppbyggingu í Staðahverfi. Aðgengi að skólum í hverfum Staða, Engja, Víkur og Borgum verður áfram gott.
		Veikleikar: Enginn skóli í Staðahverfi	
10	Stuttar vegalengdir í skóla og frístundastarf	Styrkleikar: Safnskólinn verður staðsettur í Vík sem er miðsvæðis í hverfinu. Yngri börnin í hverfum Engja og Borga sækja áfram sinn "hverfisskóla".	Styrkleikar: Mætir sjónarmiði íbúa í Staðahverfi að hafa grunnskóla í nærumhverfi. Unglíngaskólinn verður staðsettur í Vík, sem er miðsvæðis í hverfinu.
		Veikleikar: Lengri vegalengdir fyrir yngri nemendum í Staðahverfi og Víkurhverfi. Unglíngarnir úr hverfum Engja og Borga þurfa margir að fara lengri vegalengdir í skóla- og frístundastarf með tilfærslum hverfamarka og unglíngaskóla í Vík. Aukinn ferðatími fyrir nemendum og foreldra í sumum hverfum og mögulega aukið skul á einkabílum sem uppfyllir ekki umhverfissjónarmið.	Veikleikar: Lengra verður fyrir sum börn í 1. – 7. bekk í hverfum Víkur og Borga að sækja skóla á yngri stigum. Unglíngarnir úr hverfum Engja og Borga þurfa margir að fara lengri vegalengdir í skóla- og frístundastarf með tilfærslum hverfamarka og unglíngaskóla í Vík. Aukinn ferðatími fyrir nemendum og foreldra í sumum hverfum og mögulega aukið skul.
		Tækifæri: Samgöngubætur gerðar sem auka aðgengi allra hverfa að þjónustu í norðanverðum Grafarvogi. Aukin tíðni í strætósamgöngum á völdum leiðum til að tengja betur saman hverfin í norðanverðum Grafarvogi. Ala upp börn sem þekkja notkun strætísvagna.	Tækifæri: Samgöngubætur gerðar sem auka aðgengi allra hverfa að þjónustu í norðanverðum grafarvogi. Aukin tíðni í strætósamgöngum á völdum leiðum til að tengja betur saman hverfin í norðanverðum Grafarvogi.

Greining á Styrkleikum, veikleikum, tækifærum og ógnum er varða stjórnun, rekstur og hagkvæma nýtingu mannauðs og mannvirkja.

SVÓT greining sem snýr að stjórnun, rekstri og hagkvæmri nýtingu mannauðs og mannvirkja		
Tillaga 1		Tillaga 2
Styrkleikar	Minna flækjustig rekstrarlega og skipulagslega. Starfssemi hvers skóla verður í einu húsi. Veitir starfsfólki greiðari aðgang að stjórnendum og húsvörðum. Ekki verður flakk á starfsfólki á milli húsa. Stærðarhagkvæmni út frá faglegu starfi, rekstri og nýtingu á húsnæði mætt. Lægri rekstrarkostnaður við skóla- og frístundastarf.	Starfssemi hvers skóla verður í einu húsi. Minnkar flækjustig í stjórnun, veitir starfsfólki greiðari aðgang að stjórnendum og húsvörðum. Ekki verður flakk á starfsfólki á milli húsa. Allt skólahúsnæði í norðanverðum Grafarvogi, sem er jafnframt í eigu Reykjavíkurborgar, er hagnýtt. Meira pláss í öðrum skólum í norðanverðum Grafarvogi fyrir frístundastarfið og frekari þéttingu byggðar.
Veikleikar	Skólahúsnæði í Staðahverfi í eigu borgarinnar ekki notað undir skólastarf. Vannýtt sérhæfð eign.	Stærðarhagkvæmni út frá rekstri skóla er ekki mætt í Korpu á uppbyggingartíma. Rekstrarkostnaður Korpu og Engi verður óhagkvæmur samanburði við aðra skóla í Reykjavík (sjá viðauka 4-c).
Tækifæri	Býður upp á þéttingu íbúðauppbýggðar í norðanverðum Grafarvogi upp að vissu marki, sér í lagi á svæðinu norðan Egilshallar, án þess að byggja þurfi við skóla með tilheyrandi aukakostnaði. Styrkir allt skólastarf í norðanverðum Grafarvogi.	Þétting íbúðauppbýggðar í Staðahverfi og þar með norðanverðum Grafarvogi styrkir allt skólastarf í norðanverðum Grafarvogi. Skólarnir, sem grunneingar í hverfinu, eru til staðar og ekki þarf að reisa nýtt skólahúsnæði með tilheyrandi kostnaði við þéttingu byggðar í samanburði við ýmis önnur þéttingarsvæði í Reykjavík.
Ógnir	Verði þétting byggðar um allt að 500 íbúða að veruleika í Staðahverfi, þarf að breyta skólahverfum aftur með tilheyrandi raski og óvissu fyrir nemendur, starfsfólk, foreldra og íbúa í hverfunum.	Veruleg seinkun á eða engin uppbyggingu á íbúðum í Staðahverfi - veikir forsendur stakstæðs skóla í hverfinu. Samsetning þess íbúðahóps sem kaupir húsnæði hefur neikvæð áhrif á nýtingu skólahúsnæðis í hverfinu ef ekki er um barnafólk að ræða.

Aukinn kostnaður /hagræðing:

Samkvæmt upplýsingum frá fjármálaskrifstofu SFS er kostnaðaráætlun við starfsemi grunnskóla, frístundaheimila og félagsmiðstöðva í norðanverðum Grafarvogi skólaárið 2018-2019 tæplega 1.700 milljónir króna (sjá kostnaðarskiptingu í töflu 12 hér að neðan). Í því fyrirkomulagi eru tveir heildstæðir skólar reknir í norðanverðum Grafarvogi í fjórum skólahúsum. Tveir skólastjórar, fjórir aðstoðarskólastjórar, tvær félagsmiðstöðvar fyrir unglinga í þeim skólum sem eru með unglingadeildir og fjögur frístundaheimili í hverri skólabyggingu.

Áætlun - heildar rekstrarkostnaður grunnskóla, frístundaheimila og félagsmiðstöðva í norðanverðum Grafarvogi skólaárið 2018-2019		
	Kostn. heild	Kostn. á nem.
Launakostnaður	1.056.506.628	1.283.726
Innri leiga	510.147.174	619.863
Rekstur félagsmiðstöðva	44.122.527	53.612
Rekstur frístundaheimila	49.033.724	59.579
Annar rekstrarkostnaður	38.012.190	46.187
Samtals:	1.697.822.243	2.062.967

Tafla 12: Samanlagður rekstrarkostnaður grunnskóla, frístundaheimila og félagsmiðstöðva í norðanverðum Grafarvogi – áætlun fyrir skólaárið 2018-2019 (SFS, 2019).

Í tillögu 1 er fjárhagslegur ávinningur áætlaður vera tæpar 200 milljónir króna á skólaárinu 2020-2021. Í töflunum 13 á næstu blaðsíðu má sjá hvernig hagræðing í þúsundum króna skiptist niður á kostnaðarliði verði tillaga eitt að veruleika. Lækkun verður í launakostnaði grunnskóla, en aukning verður í stjórnunarkostnaði þar sem þrír skólastjórar verða í stað tveggja á móti því sem þrír aðstoðarskólastjórar verða í stað fjögurra í dag. Innri leiga lækkar verulega þar sem leiga vegna Korpuskóla fer út og annar kostnaður lækkar vegna t.d. rafmagns og hita en eykst vegna skólaaksturs. Mesta hagræðing vegna reksturs frístundaheimila og félagsmiðstöðva verður vegna fækkunar um þrjá forstöðumenn.

Hagræðing við rekstur skóla- og frístundastarfsemi í norðanverðum Grafarvogi skólaárið 2020-2021 - áætlað	
Launakostnaður	72.969
Innri leiga Korpa	90.565
Rekstur félagsmiðstöðva	11.342
Rekstur frístundaheimila	5.761
Annar rekstrarkostnaður	13.759
Samtals hagræðing	194.396

Tafla 13: Rekstrarhagræðing á skólaárinu 2020-2021 ef tillaga 1 verður að veruleika (SFS, 2019).

Í tillögu 2 er áætlað að kostnaðaraukning grunnskóla- og félagsmiðstöðva í norðanverðum Grafarvogi verði tæpar 16 milljónir króna á skólaárinu 2020-2021. Í töflu 14 hér að neðan sést hvernig skipting hagræðingar/kostnaðaraukningar niður á kostnaðarliði. Neikvæðar tölur sýna aukningu kostnaðar í viðeigandi kostnaðaðliðum (SFS,2019).

Aukin útgjöld við rekstur skóla- og frístundastarfsemi í norðanverðum Grafarvogi skólaárið 2020-2021 - áætlað	
Launakostnaður	-30.000
Innri leiga	0
Rekstur félagsmiðstöðva	11.342
Rekstur frístundaheimila	3.045
Annar rekstrarkostnaður	0
Samtals hagræðing	-15.613

Tafla 14: Aukning í rekstrarkostnaðar á skólaárinu 2020-2021 ef tillaga 2 verður að veruleika (SFS, 2019).

Kostnaður við rekstur félagsmiðstöðva lækkar þar sem ein félagsmiðstöð verður starfrækt í stað tveggja í dag. Kostnaður við rekstur frístundaheimilis lækkar einnig þar sem þrjú frístundaheimili verða rekin í stað fjögurra. Launakostnaður skólanna mun hækka þar sem skólastjórnendum fjölgar. Verði íbúðauppbýgging í Staðahverfi að veruleika, mun meðalkostnaður á nemanda lækka í hlutfalli við fjölgun nemenda í Staðahverfi.

Skilyrði fyrir breytingum á skólahaldi

Umferðaröryggi barna er eitt af því sem hagsmunaaðilum og starfshópnum var tíðrætt um. Það eru því skilyrði fyrir umræddum breytingum á skólahaldi í norðanverðum Grafarvogi að samgöngubætur verði gerðar til að auka umferðaröryggi og tengja öll hverfin betur saman.

Í tillögum 1 og 2 eru grundvallarforsendur fyrir breytingum eftirfarandi:

- Gönguljós sett upp og þrenging götu á völdum stað Mosaveg.
- Göngu- og hjólaleiðir verði einnig bættar til að gera skóla-, frístunda- og íþróttastarf aðgengilegra fyrir íbúa í öllum norðanverðum Grafarvogi.
- Skoða mætti hvernig hægt er að bæta strætisvagnsamgöngur, t.d. með tíðari ferðum á milli hverfa, tímatöflu sem tekur tillit til þarfa nemenda á grunnskólaaldri og viðbótar stoppi á völdum stað nálægt mótum Mosavegar og Víkurveg.

Í tillögu 1 er gerð viðbótar krafa í samgöngubótum þar sem fleiri börn á yngstu stigum grunnskóla verða á ferðinni á milli Staðahverfis og hverfi Engja og Víkur:

- Undirgöng verði sett á völdum stað við Víkurveg til að auka umferðaröryggi yngstu barnanna.

Í tillögu tvö, þar sem unglingar í hverfinu eru á ferðinni á milli Staðahverfis og hverfi Engja og Víkur, er viðbótar krafa í samgöngubótum eftirfarandi:

- Gönguljós sett upp og þrenging götu á völdum stað við Víkurveg og Mosaveg.

Fjöldi barna á grunnskólaaldri og skipting í húsnæði:

Tafla númer 15 sýnir hvað skólahúsnæði í norðanverðum Grafarvogi rúmar marga nemendur að teknu tilliti til núverandi skólahalds og viðmið um rými fyrir nemendur, starfsemi frístundaheimila og félagsmiðstöðvar.

Tveir aðskólar í Borgum og Engi, einn safnskóli í Vík. Korpu lokað. Tölur m.v. spá 2024 með uppbyggingu á Móavegi						
Skólabyggingar í norðanverðum Grafarvogi	Stærð skólabyggingar í fermetrum	Fjöldi fermetra í frístundaheimili/félagsmiðstöð	Fjöldi fermetra í skólalastarfsemi	Fjöldi nem sem rúmast í hverri skólabyggingu	Möguleg skipting nemenda í skólabyggingar	Mögulegur fjöldi nemenda til viðbótar
Borgir	3.930	140	3.790	345	262	83
Engi	4.483	140	4.343	395	262	133
Vík	3.950	80	3.870	352	269	83
Samtals fermetrar/börn	12.363	360	12.003	1.091	793	298

Tafla 15: Möguleg samsetning nemenda í skólum á skólaárinu 2024-2025 verði tillaga 1 að veruleika (SFS, 2019).

Tillaga 1:

Miðað við fjöldaþróun nemenda á grunnskólaaldri á næstu fimm árum gæti samsetning nemenda í skólunum þremur, samkvæmt tillögu 1, verið eins og fram kemur í eftirfarandi töflu. Í þeirri sviðsmynd er komin viðbót nemenda frá íbúum við Móaveg. Gert er ráð fyrir einni félagsmiðstöð í safnskóla og tveimur frístundaheimilum í aðskólum. Með þessu fyrirkomulagi væri hægt að bæta við 83 nemendum á unglíngastigi og um 216 nemendum á yngra stigi (SFS, 2019).

Tillaga 2:

Miðað við fjöldaþróun nemenda á grunnskólaaldri á næstu fimm árum gæti samsetning nemenda í skólunum fjórum, samkvæmt tillögu 2, verið eins og fram kemur í eftirfarandi töflu númer 16. Í þeirri sviðsmynd er komin viðbót nemenda frá nýjum íbúum í Staðahverfi og frá íbúum við Móaveg. Gert er ráð fyrir einni félagsmiðstöð í safnskóla og þremur frístundaheimilum í aðskólum. Með þessu fyrirkomulagi væri hægt að bæta við 40 nemendum á unglíngastigi og rétt um 300 nemendum á yngra stigi (SFS, 2019).

Möguleg skipting í skóla skólaárið 2024-2025 miðað við tillögu 2:

Þrjár aðskólar í Borgum, Engjum og Korpu. Einn safnskóli í Vík. Tölur m.v. spá 2024 með uppbyggingu við Móaveg og í Staðahverfi						
Skólabyggingar í hverfum í norðanverðum Grafarvogi	Stærð skólabyggingar í fermetrum	Fjöldi fermetra í frístundaheimili/félagsmiðstöð	Fjöldi fermetra í skólalastarfsemi	Fjöldi nem sem rúmast í skólabyggingu	Möguleg skipting nemenda í skólabyggingar	Mögulegur fjöldi nemenda til viðbótar
Borgir	3.930	164	3.766	342	262	80
Engi	4.483	104	4.379	398	184	214
Staðahverfi/Korpa	2.100	102	1.998	182	180	2
Vík	3.950	80	3.870	352	312	40
Samtals fermetrar/börn	14.463	450	14.013	1.274	938	336

Tafla 16: Möguleg samsetning nemenda í skólum á skólaárinu 2024-2025 verði tillaga 2 að veruleika (SFS, 2019).

Lokaorð

Hvaða upplýsingar skipta mestu við ákvarðanatöku um framtíð skóla- og frístundastarfs í norðanverðum Grafarvogi? Það er ekki gert án ígrundunar að taka ákvörðun um að loka skóla sem þjónar ungum börnum á grunnskólaaldri, en það getur líka verið erfitt að svara fyrir það að halda úti dýrum rekstrareiningum fyrir fámennan hóp. Öflugt fagstarf, gott starfsumhverfi kennara og stjórnenda, fjölbreytni og félagaval barna og unglunga vega mjög þungt í þeirri ákvarðanatöku og það verður að vera með hagsmuni nemendanna að leiðarljósi. Öryggi barnanna er þar ekki undanskilið.

Starfshópurinn hefur dregið fram þau málefni er þetta varðar og lagt fram tillögur sem hópnum finnst vænlegar til framtíðar. Önnur gengur út á það að efla núverandi skóla- og frístundastarf, með hagsmuni barnanna að leiðarljósi ef ekki verður frekari þétting byggðar í norðanverðum Grafarvogi. Hin tillagan gengur út á að kannaður verði fýsileiki þess að þétta byggð í norðanverðum Grafarvogi með áherslu á uppbyggingu í Staðahverfi. Uppbygging þar eflir allt skólastarf í norðanverðum Grafarvogi og í dag eru þær skólabyggingar sem eru á staðnum vel í stakk búnar að taka á móti fleiri nemendum án kostnaðarsamrar uppbyggingar. Ekki má gleyma þeim öflugum samfélagslegu innviðum sem eru nú þegar á svæðinu og styðja einnig við frekari þéttingu byggðar. Glæsileg íþróttamannvirki, heilsugæsla, bókasafn, Borgarholtsskóli, Borgir, hjúkrunarheimili auk annarrar verslunar og þjónustu.

Starfshópurinn er þess fullviss að með þeirri faglegu nálgun sem viðhöfð var við öflun upplýsinga sem leiddu til þeirra tveggja tillagna sem hér eru lagðar fram, að þær ákvarðanir sem teknar verða um framtíð skóla- og frístundastarfs í norðanverðum Grafarvegi verði nemendum til heilla.

Heimildir

- Fanney Ásgeirsdóttir (2007). „Í þennan skóla er hægt að koma frá vöggum til grafar“. Samfélagslegt hlutverk fámenna skólans. Sótt 31. maí 2019 á: <https://skemman.is/handle/1946/1240>
- Fríða Rún Guðjónsdóttir (2014). Með vinnusemi og vandvirkni geta ótrúlegir hlutir gerst. Teymisvinna í grunnskóla. Sótt 31. maí 2019 á: <https://skemman.is/bitstream/1946/19533/1/Med%20vinnusemi%20og%20vandvirkni....pdf>
- Goetz, K. (2000). Perspectives on Team Teaching. Sótt 31. maí 2019 á: <https://people.ucalgary.ca/~egallery/goetz.html>
- Hulda B. Snæbjarnardóttir (2018). Teymiskennsla : böll eða blessun? : sýn og reynsla kennara, foreldra og nemenda af teymiskennslu í einum grunnskóla. Sótt þann 31. maí á: <https://skemman.is/handle/1946/31138>
- Ingvar Sigurgeirsson og Ingibjörg Kaldalóns (2017). Er samvinna lykill að skólalárun? Sótt þann 31. maí 2019 á: <http://netla.hi.is/greinar/2017/ryn/10.pdf>
- Kristín Aðalsteinsdóttir (2002). Samskipti, kennsluhættir og viðmót kennara í fámennum skólum. Sótt 31. maí 2019 á: https://timarit.is/view_page_init.jsp?pageld=4846894
- Kerry Reimer, K. og Ezeife, A. N. (2011). School Size as a Factor in the Academic Achievement of Elementary School Students. Sótt þann 31. maí 2019 á: https://file.scirp.org/pdf/PSYCH20110800007_34224480.pdf
- Riggen, V.A. (2013). School size and student achievement. Sótt 12. júní 2019 af <http://scholars.indstate.edu/bitstream/handle/10484/8126/Riggen,%20Vicki.pdf?sequence=2&isAllowed=y>
- Schoeniger, G. (2017). Creating the societies of the future. Sótt 12. júní 2019 af <https://elimindset.com/creating-societies-future/>
- Schrump, L. og Levin, B.B. (2015). Leading 21st Century Schools: Harnessing Technology for Engagement and Achievement. California: A SAGE Company.
- Reykjavíkurborg, 2018a. Minnisblað um viðmið SFS til grundvallar mögulegra skipulagsbreytinga á starfsstöðvum skóla- og frístundasviðs. Sótt þann 20. maí 2019 á: https://fundur.reykjavik.is/sites/default/files/agenda-items/147_10.1_20181108_vidmid.pdf
- Reykjavíkurborg, 2018b. Fundargerðir skóla- og frístundaráðs. Sótt þann 20. maí 2019 á: <https://reykjavik.is/fundargerdir/fundur-nr-147>
- Reykjavíkurborg (2018c). Menntastefna Reykjavíkurborgar. Sótt þann 31. maí 2019 á: https://reykjavik.is/sites/default/files/Almennt_efni/menntastefna_rvk_20x20-10res22.02.pdf
- Samband íslenskra sveitarfélaga, 2019. Lykiltölur um leik- og grunnskóla 2017 eftir sveitarfélögum. Sótt þann 20. maí 2019 á: <https://www.samband.is/verkefningin/skolamal/grunnskoli/>
- SFS, Skóla- og frístundasvið Reykjavíkurborgar, 2019. Töluleg gögn úr upplýsingakerfum Reykjavíkurborgar og vinnugögn um nemendur og fjöldafjöldapróun barna á grunnskólaaldri í skóla – og frístundastarfi í Reykjavík.
- Stevenson, K.R. (2006). School Size and Its Relationship to Student Outcomes and School Climate. Sótt 31. maí 2019 á: http://www.ncef.org/pubs/size_outcomes.pdf
- Svanhildur M. Ólafsdóttir (2009). Ef teymiskennsla er svarið hver er þá spurningin? Sótt þann 31. maí 2019 á: <https://skemman.is/handle/1946/4000>

Zhao, Y. (2012). *World Class Learners: Educating Creative and Entrepreneurial Students*. California: Corwin.

WUJ, HSU og HWANG (2006). Factors affecting Teachers' Adoption of Technology in Classrooms: Does School Size Matter? Sótt þann 1. apríl 2019 á:
https://www.researchgate.net/profile/Ying-Shao-Hsu/publication/225509475_Teachers%27_Adoption_of_Technology_in_Classrooms_Does_School_Size_Matter/links/548694110cf289302e2c0dad/Teachers-Adoption-of-Technology-in-Classrooms-Does-School-Size-Matter.pdf

Listi yfir töflur

- Tafla 1 – bls. 1:2 Fjöldi skóla í stærstu sveitarfélögum landsins og meðalfjöldi nemenda í skóla 2017
- Leið 6 (Græn) gerir það sama fyrir leið 18 og fer reyndar styttri leið líka. En fer aðra leið heim.



Borgaskóli samantekt

- Strætó tengir við hin 3 skólahverfin. Leið 7 úr Staðarhverfi og lengst frá Engjahverfi og Leið 18 sem fer í gegnum Víkurhverfi.
- Gönguleið frá Spöng þarf að bæta. En verður þó aldrei jafn góð og Engjaskóli \leftrightarrow Egilshöll.
- Grænasvæðið skiptir máli því nemendur í Engjaskólahverfi fara í Borgarskóla á miðstigi.



Engjaskóli samantekt

- Strætó tengingar við hin 3 skólahverfin. Leið 7 úr Staðarhverfi og Leið 18 sem stoppar víða í Borgahverfi og fer í gegnum Víkurhverfi og stoppar á nokkrum stöðum meðal annars við Víkurskóla.
- Gönguleið frá stoppustöð Engjaskóli <—> Egilshöll, gæti ekki verið betri.
- Hálf Staðarhverfi getur gengið í skólann um flatlendi og notað undirgöng undir Korpúlstaðaveg (við golfvöll) og Egilshöll.

Víkurskóli samantekt

- Strætó tengingar við hin skólahverfin nema Staðarhverfi.
- Miðsvæðis flestir sem geta gengið.
- Hægt væri að stórbæta strætó samgöngur við Staðarhverfi með einni stoppustöð, rautt X á kortinu.
- Bæta þarf gönguleið frá Staðarhverfi grænt X. göngu- og hjólastíg vantar beggja megin við.



Korpuskóli samantekt

- Hægt að nýta ef töluverð fólksfjölgun verður á svæðinu.
- Strætósamgöngur: Leið 7 nýttist auðvitað eins í hina áttina en óheppilegt að senda mörg hundruð nemendur í strætó, þar sem hver og einn tekur 69manns og framhaldsskóli og vinnustaðir á sama tíma að nota vagninn.
- Sjálfstættstarfandi- eða Sérskóli? Breytingar geta leitt til betri þjónustu.



Aðrar samgöngur Skólasund.

- Því er stundum haldið fram að þjónustan við skóla í norðanverðum Grafarvogi sé verri en annarstaðar en td. er skólasund allt árið í þessum 4 starfstöðvum og í heild 10 af 36 skólum, þar af 7 sem þurfa að aka í sund.

Samgöngur í Frístundir.

- Flestar Frístundir í Grafarvogi eru í Egilshöll og Dalhúsum.
- Engjaskóli gengur stutt í Egilshöll og Leið 18 fer fyrir utan Borgaskóla og Víkurskóla og svo í Egilshöll.
- Allir skólar hafa Strætó samgöngur í Dalhús. Engjaskóli Leið 31. frá Egilshöll sem er gott af því það er endastöð (7min).
- Borgaskóli leið 24 frá Spönginni (16min.)
- Víkurskóli leið 6 en þarf að ganga uppá „Mosavegur/Skólavegur“ og fer út við Gagnveg sem er nálægt Dalhúsum.(19min.) En einnig er hægt að taka 18 og skipta í 31 í Egilshöll (9min.)



Félagsmiðstöðvar fyrir miðstig 5-7. og bekk 8-10. bekk

- Er núna staðsett í Borgaskóla og Víkurskóla og leið 18 gengur milli skólanna og í Engjaskóla. Staðarhverfi getur Tekið Strætó 7 í Borgaskóla og Engjaskóla.

Tómstundir utan hverfis

- Leið 24,6,18 fara allar í Ártún.
- Líklega er þó best að byrja í Borgaskóla og taka strætó frá Spönginni af því það minnkar líkur á að það þurfi að skipta um vagn aftur.




Lengdir annarstaðar.

- Hér er ein tafla sem ég átti til, hér var talið nemendur yfir 1,5km. frá skóla. Það er því mörg skólahverfi sem eru með nemendur sem þurfa að ganga um og yfir 1,5km. í skóla og því mikið að nemendum sem eru með yfir 1km. í skólann.
- Hér er miðað við óbreytta skóla í Norður Grafavogi.

	Skóli	Fjöldi yngri	Fjöldi eldri	Fj.	Staðsetning
1	Hagaskóli		65	65	Skerjafjörður, Hálfur Litli-Skerjarfjörður, Öldu-, Skeljagrandi
2	Melaskóli	45	9	54	Skerjafjörður, Hálfur Litli-Skerjarfjörður
3	Árbæjarskóli		45	45	Hálft Ártún, Hálft Selás-skólahverfi
4	Kelduskóli		26	26	Staðahverfi
5	Fossvogsskóli	15	4	19	Neðst í Fossvogi við Borgarspítala
6	Laugarnesskóli	14	3	17	Brietartún 1-36, Rauðarárstígur 1-13, Laugarvegur 117-163
7	Réttarholtsskóli		12	12	Neðst í Fossvogi við Borgarspítala og Víkina.
8	Foldaskóli		11	11	Vestanvert Hamrahverfi 8-10bekkur
9	Laugalækjarskóli		8	8	Brietartún 1-36, Rauðarárstígur 1-13, Laugarvegur 117-163
10	Langholtsskóli	1	1	2	Kleppsvegur 52-62 upb.
11	Háaleitsskóli		1	1	Viðju- til Espigerði.
	Samtals	75	185	260	

Lengsta gönguleið í skólahverfunum þrem ef?

- Myndin sýnir það sem yrði líklega lengsta gönguleið úr Víkurhverfi ef Víkurskóli verður ekki lengur heilstæður skóli. Sú gönguleið er upb. 800m. alveg að skólabyggingu.
- Ef elsta- eða yngstastig, engin væri í Víkurskóla þá er einfalt að skipta hverfinu upp og það í heilum götum sem er ákveðin kostur og venjan. Nema götunni Hamravík
- Hvort að skiptingin verði þarna er óljóst vegna fjölda nemenda.



Lengsta gönguleið í skólahverfunum þrem ef?

- Lengsta gönguleið úr Víkur(skóla)hverfi í Borgaskóla væri alls ekki löng í samhengi miðaða við það sem gengur og gerist í RVK. Eða rétt undir 1km. að skólalóð, 10min. gangur.



Nemendur eru duglegir að ferðast.

- Sett hérna inn dæmi um hvað nemendur í raun duglegir að velja sér skóla utan skólahverfis. Ástæður geta verið margar.
- Her er notast við Lögheimili þeirra sem núna eru skráðir í Keldu- og Vættaskóla og Lögheimili og ef ekki í hverfunum þá skráð heimilisfang í Mentor
- 13,3% nemenda sem býr í Borgahverfi velja núþegar að fara í Kelduskóla, líklega Víkurskóla.
- 9,69% Nemenda Vættaskóla eiga ekki heima í umræddum skólahverfum.

Fjöldi nemanda	Borga	Vík	Engja	Staða	Fjöldi	Utan hverfis
Kelduskóli	26	178	18	121	343	14
Vættaskóli	169	10	244		423	41
Heildarfjöldi	195	188	262	121	766	55
Velja hinn skóla	13,3%		6,9%			4,08%*
Velja hinn skóla				0%	5,3%	9,69%*
*Af heildar fjölda nemenda						

Hvaðan koma nemendur utan hverfis

- Flestir nemendur sem ganga í Keldu- og Vættaskóla og eru ekki með skráð lögheimili eða heimilisfang þar eru með lögheimili eða heimilisfang í eftirtöldum hverfum.
- 32 af þeim búa í Rimahverfi, Nokkrir í Foldahverfi, 1 Húsahverfi og 18 aðrir búa utan GRV, (Bryggjuhverfi telst utan).
- Foreldrar og nemendur vilja fleira en bara stutt í skólann.

	Hverfi				
Fjöldi	Folda	Hús	Rima	Utan	Heildarfjöldi
Kelduskóli	1		5	8	14
Vættaskóli	3	1	27	10	41
Heildarfjöldi	4	1	32	18	55

Íslenska grunnskólakerfið

Rekstrarár 2017, tölur www.samband.is

Hér er önnur tafla sem ég átti til, hérna er sýnd meðalstærð skóla og hvernig stærsti hluti grunnskólakerfisins er byggður upp í þéttbýli á Íslandi. Þörf fram til 2024 í hverfinu er 800 og 900 nemendur með uppbyggingum Meira af tölum og fróðleik má finna inná www.samband.is

Sveitarfélag / Nemendatölur	Reykja vík	Kópa vogur	Hafnar fjörður	Akur eyri	Reykja nes bær	Garða bær	Mos fells bær	Ár borg	Akra nes	Sel tjarnar nes	Vest manna eyjar	Grinda vík	Heildar Fjöldi	Ísland	Hlutfall
Fjöldi skóla	34	9	8	9	6	6	3	3	2	1	1	1	83		
Fj.nemanda	14031	4949	4009	2672	2364	2356	1672	1364	1078	524	520	494	36033	43990	81,9%
Vegið meðalt.	413	550	501	297	394	393	557	455	539	524	520	494	434,1		
Fjöldi skóla*	32	9	7	8	5	5	2	2	2	1	1	1	75		
Fj. nemanda*	13673	4949	3915	3037	2119	2267	1566	1237	1078	524	520	494	35379	43990	80,4%
Meðaltal*	427	550	559	380	424	453	783	619	539	524	520	494	471,7		

*Án sveitask., sjálfstættstarfandi, hverfi í byggingu og 1-4bökkjæildir

- Rekstrarár 2017, tölur www.samband.is

Samgöngur, vegalengdir, skólaakstur og umferðaröryggi í skóla og frístundastarfi í Reykjavík - SFS Hjalti Sigurðarson

- Hef leitast við að kortleggja svæðið og gönguleiðir og svara helstu atriðum varðandi þær útfærslur sem ég hef haft veður af og mér dettur í hug að verða líklegasta. Eiginlega svör án spurninga.
- Ef aðrar útfærslur koma upp þá er bara að spyrja, létt verk að svara beinum spurningum.
- Takk fyrir mig og gangi ykkur vel.
- Eru einhverjar spurningar?



Reykjavík, 9. apríl 2019

Umhverfis- og skipulagssvið Reykjavíkurborgar,
Borgartún 14,
105 Reykjavík.

Beiðni um upplýsingar um uppbyggingareiti í Grafarvogi


Í mars 2019 var settur á laggirnar starfshópur á skóla- og frístundasviði með erindisbréfi sem hefur það meginhlutverk að setja fram tillögur um skólastarf í norðanverðum Grafarvogi til framtíðar.

Vinnan var sett af stað vegna fækkunar skólabarna í norðanverðum Grafarvogi á undanförunum áratug og ekki eru líkur á fjölgun nemenda í hverfinu á næsta áratug að óbreyttu. Í erindisbréfi starfshópsins segir m.a um verkefni hans að honum er ætlað að *hafa samráð við umhverfis- og skipulagssvið Reykjavíkurborgar um skipulagsmál í norðanverðum Grafarvogi.*

Starfshópurinn er nú að kalla eftir ýmsum upplýsingum sem geta stutt við þær tillögur sem síðan verða lagðar fram. Í því sambandi óskar hópurinn nú eftir upplýsingum frá umhverfis- og skipulagssviði um uppbyggingu á íbúðarhúsnæði í Grafarvogi öllum til a.m.k. næsta áratugs. Óskað er eftir upplýsingum um hvaða byggingarreitir eru áætlaðir fyrstir og ekki síst hvaða reitir eru í skipulagi á svæðum sem standa næst skólahverfi Kelduskóla-Korpu og Kelduskóla Vík.

Óskað er eftir að svar berist fyrir 23. apríl 2019 þar sem hópurinn á að skila tillögum fyrir miðjan maí 2019.

Virðingarfyllst,
f.h. starfshópsins,



Soffía Pálsdóttir

skrifstofustjóri frístundaskrifstofu SFS



Soffía Vagnsdóttir

skrifstofustjóri grunnskólaskrifstofu SFS



Starfshópur um skólustarf í norðanverðum Grafarvogi
b/t Soffía Pálsdóttir, Soffía Vagnsdóttir
Skóla- og frístundasvið, Reykjavíkurborgar

Reykjavík, 3. maí 2019

Mál: Uppbyggingareitir í Grafarvogi. Skólahverfi og þétting byggðar

Vísað er til erindis starfshóps um skólustarf í norðanverðum Grafarvogi, dagsett 9. apríl sl., þar sem óskað er eftir upplýsingum um áformaða og mögulega fjölgun íbúða til a.m.k. næstu 10 ára og forgangsörðun svæðanna. Horft verði sértaklega á mögulega uppbyggingu í skólahverfi Kelduskóla-Korpu og Kelduskóla-Vík.

Hjálagt er yfirlit yfir fjölgun íbúða eftir skólahverfum í Grafarvogi. (A) Í fyrsta lagi fjölgun sem hefur átt sér stað á undanförunum árum. (B) Í öðru lagi áformuð/heimil þétting samkvæmt núgildandi ákvæðum aðalskipulags og/eða deiliskipulags. (C) Í þriðja lagi fylgir með yfirlit sem sýnir mögulega viðbótar þéttingu. Rétt er að árétta að þær áætluðu tölur eru ekki opinberar og hafa ekki hlotið samþykki sem breyting á aðalskipulagi og/eða í deiliskipulagi. Sérstaklega er undirstrikað að möguleg þétting í Kelduskóla-Korpu, hefur ekki verið skilgreind sem þróunarsvæði í Húsnæðisáætlun Reykjavíkur. Möguleg fjölgun í því skólahverfi byggir á greiningu sem unnin var fyrir Reykjavíkurborg, í samráði við Golfklúbb Reykjavíkur, á síðastliðnu ári (sjá fylgiskjal 2).

Hugsanleg þétting íbúðarbyggðar á umræddum reitum við Víkurveg og Korpúlfsstaðaveg yrði tæplega sett í forgang, horft til megin markmiða gildanda aðalskipulags, en þar er lögð áhersla á þéttingu byggðar á svæðum sem er í grennd við stóra atvinnukjarna og auðvelt er að þjóna með góðum almenningssamöngum. Aðalskipulagið setur einnig í forgang þéttingu á eldri atvinnusvæðum, einkum úr sér gegnum iðnaðarsvæðum, og setur almennt fyrirvara við þéttingu byggðar á opnum grænum svæðum sem hafa útivistargildi. Af þeim reitum sem eru til athugunar í umræddri greiningu, kæmi helst til greina að byggja á svæðinu sem eru norðan Egilshallar, við Víkurveg, sem liggur næst strætisvagnaleið með hárrí tíðni. Samkvæmt greiningunni væri hægt að byggja um 30 þúsund fermetra húsnæðis á umræddum reit og í ljósi fárra atvinnutækifæra í Grafarvogshverfinu, hlyti að koma til álita að hluti þeirra lóða væru settar undir atvinnuhúsnæði. Ef eingöngu er byggt atvinnuhúsnæði á reitnum norðan Egilshallar, þá væri mögulegt samkvæmt greiningunni að byggja allt að 500 íbúðir (47.200 m²) á hinum tveimur reitunum.

Í samhengi þessa mál er einnig rétt að vekja athygli á markmiðum gildandi aðalskipulags um skólahverfin og félagslega sjálfbær hverfi í borginni. Í bindandi markmiðum aðalskipulagsins (sjá kaflann *Borg fyrir folk*, bls. 178-179, adalskipulag.is) segir m.a.:

„Við eflingu hverfa borgarinnar verði tekið mið af þessu:

- Skólahverfið verði áfram grunneining í skipulagi íbúðarhverfa borgarinnar...
- Áform um þéttingu byggðar og gerð nýs íbúðarhúsnæðis verði ávallt metin með hliðsjón af núverandi stöðu í viðkomandi skólahverfi, svo sem framboði þjónustuþátta, félagslegri stöðu og núverandi blöndun húsagerða. Við ákvörðun um umfang, gerð og tímasetningu íbúðarþéttingar verði horft sértaklega til stöðu grunn- og leikskóla í hverfunum“

Í sama kafla segir ennfremur: “Uppbygging borgarinnar og þróun miði að því að skapa sterkar hverfisheildir sem standi undir grunnþjónustu, fjölbreyttri verslun og þjónustu, íþrótt- og frístundastarfsemi og fjölbreyttu mannlífi. Leitast verði við að hvert hverfi hafi sinn kjarna, þannig að íbúarnir eigi sem styst að sækja daglega verslun og þjónustu og sem flestir sjái sér fært að sækja þjónustu innan hverfisins gangandi eða hjólandi. Markmið um að mikill meirihluti nýrra íbúða rísi innan núverandi þéttbýlismarkna setur þróun byggðar í Reykjavík í nýtt samhengi. Þungi uppbyggingarinnar verður innan rótgróinna hverfa...Markmið um þéttingu byggðar miða að því að styrkja viðkomandi hverfi og nýta fjárfestingar í þjónustustofnunum, gatna- og veitukerfum sem ekki eru fullnýtt...Skólahverfið hefur verið grunneining í skipulagi íbúðarhverfa í Reykjavík á

undanförnum áratugum og er sýnt að svo verður áfram. Miðað verði við að í nýjum grunnskólahverfum verði að lágmarki 1200 íbúðir, sem stendur undir nauðsynlegri nærþjónustu...”

Flest skólahverfin í Grafarvogi eru lítil í samanburði við þetta viðmið aðalskipulagsins. Það er ljóst að það verður áskorun að viðhalda ákveðnu jafnvægi í þeim, horft til fjölda nemenda, þegar það liggur fyrir að meðalfjöldi nemenda á íbúð eða íbúðarfermetra mun líklega halda áfram að lækka á komandi áratugum. Þétting byggðar með fjölgun íbúða er ein leið til að tryggja stöðugleika í hverfum borgarinnar varðandi almennt þjónustuframboð, en í þessu samhengi þarf einnig að horfa til marka skólahverfa og stefnu borgaryfirvalda um stærðir starfseininga í skólakerfinu.

Staða skólahverfa í Grafarvogi og almennt lágur þéttleiki byggðarinnar þar, gefur fullt tilefni til að leggja áhersla á enn meiri fjölgun íbúða í borgarhlutanum, að minnsta kosti þegar til lengri tíma er litið en verður ef til vill ekki sett í hæsta forgang á allra næstu árum.

Haraldur Sigurðsson

(A) Þétting – fjölgun íbúða síðustu ár



(B)Þétting – áformuð fjölgun íbúða

(samþykkt í aðalskipulagi og/eða deiliskipulagi)



(C)Þétting – möguleg viðbót?

(samkvæmt fyrirliggjandi hugmyndum um breytingar á aðalskipulagi / ný þróunarsvæði til athugunar)



Þróunarreitir Golfklúbbs Reykjavíkur og Reykjavíkurborgar

GREINING OG TILLÖGUGERÐ

Samantekt

25. júní 2018

Unnið fyrir Reykjavíkurborg

Tendra / Teiknistofan Storð

„Drög að skipulagi / tillögugerð fyrir 4 reiti“ VINNUFERLI

1. Rýni og frumgreiningar

- Borin verða kennsl á mögulegar áskoranir t.d. sem varða aðkomu og hæðarsetningar og aðra takmarkandi þætti.

2. Tengsl


- Skoðuð verða tengsl lóða við nánasta umhverfi og heildarmynd skoðuð. Hvað landnotkun hentar viðkomandi svæði og skoðuð tengsl við það sem á aðliggjandi svæðum.

3. Markhópar


- Greindir verða markhópar og mismunandi nálganir skoðaðar / fyrirkomulag nýrra húsa á lóð með aðkomu, útisvæðum, bílastæðum. Skoðað verði m.a. stærðs svæðanna, þéttleik, fjöldi íbúða eða byggingarmagn eftir því sem við á og hentar markhópunum.

4. Afurðin

- Afurðin verður í formi einfaldra grunnmynda, sneiðinga, skýringamynda / þrívíddarmynda ásamt tölulegum upplýsingum um möguleika og huganslegar útfærslur fyrir frekari deiliskipulagsgerð. Framsetning miðast við aðgengilegt kynningarérfni áður en ákvörðun um deiliskipulagsgerð og framhald vinnunnar verður tekin.




G1



K1



K2



K3

Grafarlækur – G1

Verzlun og þjónusta



- Svæðið er töluvert frá annarri íbúðabyggð og langt í skóla.
- Verzlun og þjónusta hentar betur á þessum stað og meira í samræmi við aðliggjandi þjónust.
- Auðvelt að áfangaskipta í áfanga A og B.
- Nauðsynlegt að setja upp góða girðingu milli æfingasvæðis og gönguleiða.
- Núverandi æfingasvæði og uppbygging fara ágætlega saman.
- Aðkoma frá Krókhálsi og Golfvallarvegi.






Grafarlækur – G1

- Svæðið liggum meðfram Krókhálsi og upp með Golfvallarvegi.
- Núverandi settjörn liggur á milli
- Liggur neðan við æfingarsvæði og braut 16 á Grafarholtsvelli

G1 – Nokkrar ásýndir



G1 – Nokkrar ásýndir







Korpa – K1

Þróunarsvæði K1

- Verslun og þjónusta hentar betur á þessum stað og meira í samræmi við aðliggjandi þjónustu norðan við svæðið.
- Svæðið er ekki fjarri annarri íbúðabyggð og gæti að hluta til verið íbúðarhúsnæði.
- Aðkoma frá Korpúlfsstaðavegi hnetar best.



Korpa – K1



Korpa – K2

Þróunarsvæði K2




- Svæðið liggum meðfram Korpúlfsstaðavegi og opið til suðurs.
- Braut 27 á Korpuvelli felld út eða flutt og einhver aðlögun að braut 26.
- Skýr nýting með aðkomu frá Korpúlfsstaðvegi og góð garðsvæði að golfvelli.
- Íbúðir í góðum tengslum við golfvöllinn og hluti af skólahverfi Kelduskóla / Korpu.



Korpa – K2

Þróunarsvæði K2

- Niðurstaða að skoða aðeins svæðið nyrst og skerða sem minnst braut 26.
- Nýta góða tengingu frá Korpúlfsstaðavegi og mögulegt að vera með hringtorg í stað krossgatnamóta.



K2 – Ásýnd til vesturs frá Korpúlfsstaðavegi – Tillaga B



K2 – Ásýnd til vesturs frá Korpúlfsstaðavegi – Tillaga A

Korpa – K3

Þróunarsvæði K3

- Tillaga A hér til hliðar gerir ráð fyrir að halda sem mestu af braut 2 og fellur betur að nýtingu golfvallarins.
- Skoða þarf betur samspil á braut 2 og uppbyggingu nyrst á svæðinu.
- Tillaga B gerir ráð fyrir hámarksnýtingu og braut 2 í uppnámi. Sérstaklega í norðurendanum.
- Íbúðir sem eru í góðum tengslum við golfvöllinn og hluti af skólahverfi Kelduskóla / Korpu.






Korpa – K3

Þróunarsvæði K3



Svæðið liggum meðfram Bakkastöðum og opið til austurs

Braut 2 á Korpuvelli - Tillaga A.



Þróunarsvæði K3

Tillaga B – Meiri þéttleiki



Stærðir svæðanna á þróunarsvæði við Korpu

Niðurstað greiningar og samantekt á nýtingar svæðanna

Grafarlækur

- Stærðir svæðanna í m² og nýtingarhlutfall
 - G1 A lóðir 7.125 m²
 - G1 B lóðir 9.100 m²

 - Samtals 16.225 m²
1,62 ha

 - G1 A – 5 hæðir 11.250 m² og nhl 1,60
 - G1 B – 4 hæðir 12.600 m² og nhl 1,40

Samtals 23.850 m²
verslun og þjónusta

Korpa

- Stærðir svæðanna í m² og nýtingarhlutfall
 - K1 lóðir 31.280 m²
 - K2 lóðir 46.925 m²
 - K3 lóðir 21.650 m²

 - Samtals 99.855 m²
9,99 ha

 - K1 3-4 hæðir 11.250 m² og nhl 1,09
 - K2 3-4 hæðir 30.700 m² og nhl 0,65
 - K3 3-4 hæðir 16.500 m² og nhl 0,76

Samtals 34.060 m²
verslun og þjónusta

Samtals 47.200 m²
íbúðarhúsnæði



Reykjavík 12. nóvember 2018
SFS2018080061
147. fundur
HG/adg

MINNISBLAÐ

Til skóla- og frístundaráðs

Frá Helga Grímssyni sviðsstjóra skóla- og frístundasviðs

Efni: Viðmið skrifstofu skóla- og frístundasviðs sem eru höfð til grundvallar varðandi mögulegar skipulagsbreytingar á starfsstöðvum skóla- og frístundasviðs

Á fundi skóla- og frístundaráðs 21. ágúst 2018 var samþykkt svohljóðandi tillaga:

Skóla- og frístundaráð felur sviðsstjóra að taka saman yfirlit um helstu tækifæri til skipulagsbreytinga á sviðinu sem stuðlað geta að betri nýtingu mannauðs og fjármagns með gæði þjónustu að leiðarljósi. Nýttar verði þær tillögur og ábendingar sem komið hafa fram í greiningum sviðsins á undanförunum árum og tryggt að leitað verði sjónarmiða stjórnenda á vettvangi. Mótaðar verði tillögur um hvaða viðmið skuli liggja til grundvallar þegar skipulagsbreytingar á einstökum starfsstöðum skóla- og frístundasviðs eru teknar til skoðunar. Tillögur verði lagðar fram fyrir 1. nóvember 2018.

Verklag á skrifstofu skóla- og frístundasviðs verður með eftirfarandi hætti þegar skipulagsbreytingar á starfsstöðvum skóla- og frístundasviðs eru teknar til skoðunar.

Á skrifstofu skóla- og frístundasviðs skal árlega skoða möguleg tækifæri til skipulagsbreytinga sem stuðlað geta að betri nýtingu mannauðs og fjármagns með gæði þjónustu að leiðarljósi hjá starfsstöðvum sviðsins. Slíkar tillögur skulu kynntar skóla- og frístundaráði eigi síðar en í upphafi árs.

Tillögurnar geta snúið að starfseiningum sviðsins sem falla undir skóla- og frístundaráð. Einnig getur verið um að ræða starfsemi sem heyrir undir fleiri svið borgarinnar og falla því undir fleiri fagråd og/eða borgarråd.

Sviðsstjóri skóla- og frístundasviðs leggur fram tillögu/minnisblað á fundi skóla- og frístundaráðs ef metið er samkvæmt viðmiðunum möguleg skipulagsbreyting á starfsstöðvum. Sviðsstjóri hefur áður en tillagan/minnisblaðið er lagt fram kynnt stjórnendum starfsstöðva er um ræðir að mál sé í skoðun.

Skóla- og frístundaráð ákveður, á grundvelli tillögunnar/minnisblaðsins, hvort sviðsstjóra verði falið að stofna starfshóp með hagsmunaaðilum sem rýnir þau gögn sem liggja til grundvallar tillögunni/minnisblaðinu og komi með tillögur að útfærslu sem lögð verði fyrir skóla- og frístundaráð til afgreiðslu.

Vandasamt er að setja fram afdráttarlaus viðmið því staða starfsstöðva og staðarhættir eru misjafnir og mikilvægt að raddir hagsmunaaðila komi inn í vinnsluferli þegar skipulagsbreytingar eru til skoðunar. Eftirfarandi viðmið hafa verið kynnt samráðum leikskólastjóra, grunnskólastjóra og framkvæmdastjórum frístundamiðstöðva. Viðmiðin verða höfð til grundvallar þessari vinnu út árið 2018 og árið 2019 og verða svo endurskoðuð í ljósi reynslunnar. Endurskoðuð viðmið verða kynnt skóla- og frístundaráði í upphafi árs 2020.

Viðmið til grundvallar varðandi mögulegar skipulagsbreytingar á starfsstöðvum skóla- og frístundasviðs

Markmiðið er að allar stofnanir skóla- og frístundasviðs séu fjárhagslega og faglega sjálfbærar. Staða starfsstöðva sviðsins er misjöfn, svo sem hvað varðar stærð og staðarhætti og því mikilvægt að hafa viðmið er taka til þess þegar metið er hvort leggja eigi til skipulagsbreytingu.

Nýbyggingar og viðbyggingar

Nýbyggingar leikskóla skulu að jafnaði vera 6-10 deilda undir einu þaki. Miðað er við að í hverjum leikskóla sé ein sérhæfð ungbarnadeild, að ungbarnadeildir séu fyrir 12-16 börn, miðdeildir 16-20 börn og elstu barna deildir 20-24 börn. Heildarfjöldi barna verði á bilinu 120-200.

Nýbyggingar heildstæðra grunnskóla skulu að jafnaði vera fyrir 550-650 nemendur.

Við hvern grunnskóla skal gert ráð fyrir aðstöðu fyrir frístundaheimili og félagsmiðstöð í samræmi við barnafjölda í viðkomandi skóla, sbr. skilgreiningu á rýmispörf frístundaheimila og félagsmiðstöðva Reykjavíkurborgar og einnig Byggingareglugerð nr. 112/2012 gr. 6.9.3.

Þegar metin er þörf fyrir nýbyggingar eða viðbyggingar skal skoða, með tilliti til viðmiðanna hér að neðan, hvort litlum einingum í nágrenni verði lokað og starfsemin færð inn í nýbygginguna/viðbygginguna.

Stærð starfseininga

Horft skal til stærðar starfseininga með tilliti til hagkvæmni í rekstri og nýtingu aðstöðu, svo sem mótuneytis, íþrótta-, list- og verkgreinarýmis, stjórnunarspannar, faglegs starfs, aðalnámskráa leikskóla og grunnskóla og starfsskrár frístundastarfs. Mikilvægt er að horfa til þróunar barnafjölda á einstakri starfstöð yfir tíma en ekki tilfallandi fækkun/fjölgun.

Að jafnaði skal miðað við að: Leikskólar séu að lágmarki 60-80 barna (rekstrarleyfi); Heildstæðir grunnskólar (hvort heldur er eining í sameinuðum skóla eða stakstæður) séu að lágmarki 200 barna, eða 140 barna ef skólinn er fyrir 1. – 7. bekk; Frístundaheimili við grunnskóla þjónusti

að lágmarki 60 börn, félagsmiðstöð fyrir 5. – 7. bekk 60 börn og félagsmiðstöð fyrir 8. – 10. bekk 60 unglunga.

Staðarhættir

Stefnt skal að því að yngsta stig grunnskóla sé í nærumhverfi íbúa Reykjavíkur, sem hluti af grunnskóla eða í samreknnum leik- og grunnskóla. Frístundaheimili skulu starfrækt við alla yngri barna grunnskóla. Undantekning frá þessu getur verið ef fámenni er svo mikið að ekki séu fjárhagslegar eða faglegar forsendur til að reka eininguna.

Hverfi í mikilli fjarlægð frá öðrum hverfum, svo sem Kjalarnes, hafa sérstöðu sem taka skal tillit til.

Taka skal tillit til fjarlægða (göngu, aksturs og strætósamgangna) á milli starfseininga þegar gerðar eru tillögur að sameiningu.

Horft skal til lýðfræði hverfa þegar gerðar eru tillögur að skipulagsbreytingum.

Sérfræðipækking

Þegar horft er til þjónustu sem SFS veitir fyrir hönd Reykjavíkur skal horft til þess að starfsemin falli að sérfræðipækkingu sviðsins sem er skóla- og frístundastarf fyrir börn og ungmenni á aldrinum 1-15/18 ára. Það tryggir að hægt sé að ná utan um starfsemina á heildrænan hátt og stýra henni út frá lögum, reglum og samþykktum, menntastefnu og frístundastefnu Reykjavíkurborgar og annarri stefnumörkun borgarinnar.

Aðrir þættir og tímasetningar

Upp geta komið aðstæður, svo sem skipulagsbreytingar annars staðar í borgarkerfinu eða breytingar í hópi stjórnenda starfsstöðva skóla- og frístundasviðs sem líta skal til varðandi mögulegar skipulagsbreytingar á starfsstöðvum sviðsins.

Reykjavík 8.5.2018

Minnisblað

Hugmyndir að starfsemi íþróttافرístundar í Egilshöll fyrir börn sem sækja æfingar hjá Fjölni

Fyrir liggur ósk til Reykjavíkurborgar frá ungmennafélaginu Fjölni að sett verði á laggirnar íþróttافرístund í Egilshöll fyrir börn á aldrinum 6 – 9 ára sem sækja æfingar hjá Fjölni og hugsanlega fleiri félögum sem eru með aðsetur í Egilshöll.

Fyrirkomulagið yrði með þeim hætti að öll börn sem eiga æfingu viðkomandi dag fari beint úr skóla í íþróttافرístundina sem staðsett yrði í Egilshöll. Tillagan gengur út á að frístundamiðstöðin Gufunesbær hafi umsjón og beri ábyrgð á rekstri og starfsemi íþróttافرístundarinnar í nánú samstarfi við Fjölni og jafnvel fleiri félagasamtök með starfsemi í Egilshöll.

Fyrirmynd að þessu verkefni er sótt í aðra borgarhluta Reykjavíkurborgar sbr samstarf Miðbergs og ÍR, Tjarnarinnar og KR og Kringlumýri við Val, Víking og Þrótt en með þessu fyrirkomulagi getur Fjölnir fært æfingar sínar fyrir á daginn fyrir þennan aldurshóp.

Með tilkomu íþróttافرístundar telja stjórnendur Gufunesbæjar að það muni létta daglegt álag frístundaheimilanna þá sérstaklega í Regnbogalandi í Foldaskóla, í Tígrisbæ Rimaskóla og Galdraslóð í Víkurskóla enda færri börn þá á hverju frístundaheimili. Þessi tilfæring á álagi gerir það að verkum að hægt er að færa til starfsfólk og manna stöður íþróttافرístundarinnar.

Áætlaður kostnaður við stofnun og rekstur íþróttافرístundar í Egilshöll

Húsnæðismál: Reiknað er með að þörfin sé u.þ.b. 300 fm miðað við að á hverjum tíma séu um 70 börn í dvöl. Leiga á mánuði pr fermeter skv upplýsingum frá Reginn fasteignafélagi er 2600 kr án vsk. Fyrir 300 fm er leigan á 780 000 kr án vsk. Árleg leiga með vsk er því 11.653.000 kr Innifalið í leigunni er þrif, rafmagn og hiti ásamt eðlilegu viðhaldi á fasteigninni.

Innanstokksmunir og búnaður: Áætlað um kr. 2 milljónir í innkaup á innanstokksmunum og búnaði.

Starfsmannamál: 2 starfsmenn fast í 50 % starfshlutfalli í Egilshöll. Auk 4 yfirtímar á mánuði pr starfsmann. Áætlaður kostnaður kr. 5 milljónir – þessi kostnaður yrði tekin af rekstri frístundaheimilanna með tilfærslu.

Aðrir starfsmenn kæmu frá frístundaheimilum þar sem börnum fækkar þar.

Tækifæri:

Þar sem mikill fjöldi unglunga sækir Egilshöll í gegnum fjölbreytta starfsemi hússins gæti verið tækifæri að nýta aðstöðuna fyrir félagsmiðstöðvarstarf á kvöldin, opið hús og klúbbastarf.

Skóla- og frístundastarf í Norðanverðum Grafarvogi

SFS samantekt fyrir skólasamfélagið í norðanverðum Grafarvogi 2019

Helgi Grímsson, Soffía Pálsdóttir og Soffía Vagnsdóttir

Nemendapróun/nýjar íbúðir

Grafarvogur	Nemendafjöldi - rauntölur							Nemendafjöldi - spá með uppbyggingarsvæðum				
	Fjöldi nemenda og spá	2012	2013	2014	2015	2016	2017	2018	2019	2020	2021	2022
Foldaskóli	498	488	494	476	494	503	508	510	507	508	542	538
Hamraskóli	138	130	142	150	133	149	168	211	247	282	346	429
Húsaskóli	164	178	194	200	172	166	165	155	156	156	142	144
Kelduskóli - Korpa	141	125	107	103	96	67	61	67	66	72	69	65
Kelduskóli - Vík	335	331	320	306	293	300	300	277	275	274	254	255
Rimaskóli	577	563	548	552	525	507	511	516	519	518	519	518
Vættaskóli - Borgir	168	169	204	201	212	196	219	242	253	251	233	220
Vættaskóli - Engi	357	357	305	289	274	285	244	245	241	246	252	261
Samtals	2378	2341	2314	2.277	2.199	2.173	2.176	2.223	2.264	2.307	2.357	2.430

Nemendapróun/nýjar íbúðir

Grafarvogur norður	Nemendafjöldi - rauntölur							Nemendafjöldi - spá með uppbyggingarsvæðum				
	Fjöldi nemenda og spá	2012	2013	2014	2015	2016	2017	2018	2019	2020	2021	2022
Kelduskóli - Korpa	141	125	107	103	96	67	61	67	66	72	69	65
Kelduskóli - Vík	335	331	320	306	293	300	300	277	275	274	254	255
Vættaskóli - Borgir	168	169	204	201	212	196	219	242	253	251	233	220
Vættaskóli - Engi	357	357	305	289	274	285	244	245	241	246	252	261
Samtals	1001	982	936	899	875	848	824	831	835	843	808	801

Kort af norðanverðum Grafarvogi



Áskoranir v. Staðahverfis

- Lítil **félagslega fjölbreytni** fyrir nemendur og **félagaval**.
- Fámennur nemendahópur hamlar **fjölbreyttu vali, sérhæfðum stuðningi** ofl.
- Möguleikar til **teymisvinnu kennara** minnka.
- Erfitt að fá **sérhæfða kennara** í heil stöðugildi t.d. í list- og verkgreinum, íþróttum.
- Starfsmenn skóla þurfa að ferðast talsvert milli bygginga – tími fer í ferðir.
- Lítið frístundaheimili, **minna félagaval, einhæfara hópastarf** o.s.frv.
- Nýting mannauðs og fjármuna í skóla- og frístundastarfi ekki nægjanlega markviss.

Áskoranir vegna Vættaskóla

- Flökt á árgöngum hefur skapað áskoranir í uppbyggingu heilstæðrar námskrá og stefnu í skólanum.
- Starfsmenn skóla þurfa að ferðast talsvert milli bygginga – tími fer í ferðir.
- Fyrirsjáanleg fjölgun barna í Borgum kallar á viðbótarhúsnæði við skólann svo hægt sé að hýsa allt skólastarfið og mæta þörfum frístundar fyrir húsnæði.

Tillaga

- Vegna fækkunar nemenda í Kelduskóla – Korpu og fyrirséðar fjölgunar barna í nemendahópi Borga verði grunnskólahald í norðanverðum Grafarvogi með þeim hætti að:
- Tveir skólar verði fyrir nemendur í 1.-6. bekk (aðskóli) og einn skóli verði safnskóli fyrir unglíngadeild fyrir 7. – 10. bekk.
- Skólahald verði aflagt í Korpu.
- Frístundaheimili verði í báðum aðskólanna.
- Félagsmiðstöð unglínga verði starfrækt í safnskólanum.

Helsti ávinningur við tillöguna

- Stærri nemendahópar fela í sér **aukna félagslega fjölbreytni** fyrir nemendur og **aukið félagaval**.
- Stærri hópar bjóða upp á fjölbreyttara grunnskólastarf (s.s. **fjölbreyttara val**, sérhæfður stuðningur)
- Stærri hópar bjóða upp á **öflugri teymisvinnu** kennara
- Auðveldara verður að fá **sérhæfða kennara** í heil stöðugildi t.d. í list- og verkgreinum, íþróttum
- Betri listgreinaaðstaða verður fyrir nemendur úr Korpu.
- **Skólamenning verður barnvænni** í aðskólum, meiri áhersla á nám í gegnum leik
- Skipting við 7. bekk er mörgum nemendum mikill ávinningur
- Skapar **möguleika til nýsköpunar í kennsluháttum** í 7. – 10. bekk
- Möguleikar á **öflugu samstarfi** við **Borgarholtsskóla í skólastarfi á unglíngastigi**.
- Nemendur aðskóla **virðast jákvæðir** gagnvart safnskólum og líta á skólaskiptin sem spennandi tímamót
- **Öflugri frístundaheimili og félagsmiðstöð**, Meira félagaval tengt starfi frístundaheimila og félagsmiðstöðvar
- Rekstrarform aðskóla getur verið einfaldara og skilvirkara en heildstæðra skóla
- Ekki þarf að auka við húsnæði

Helstu áskoranir við tillöguna

- Ekki starf fyrir alla yngstu nemendur grunnskólans í „sínu hverfi“.
- **Fjarlægð frá heimili** verður meiri fyrir suma nemendur og erfið gönguleið t.d. úr Staðahverfi sem nauðsynlegt er að laga t.d. með undirgöngum.
- Aðgerðin kallar á **akstur**, fyrir og eftir skóla í Staðahverfi (og strætó gengur ekki beint).
- Gott **skólahúsnæði** innan Staðahverfis **ekki nýtt** fyrir starf hverfisskóla.
- Yngri nemendur fara á mis við þá fyrirmynd sem eldri nemendur geta verið þeim.
- Hvernig stuðlum við að heilstæðri menntun frá 1.-10. bekk?
- Þarf breytingu á deiliskipulagi í Staðahverfi því þar er gert ráð fyrir skóla?
- Er þessi fækkun bóla?
- Hefur þetta áhrif á íbúðaverð?
- Reynslan af fyrri sameiningum situr í fólki – ekki allt gengið í gegn (samg., val)

Mikilvægt er ef af verður

- að foreldrar, börn og starfsmenn hafi áhrif á hvenær og með hvaða hætti verður staðið að þessum breytingum.
- að mótvægisaðgerðir eins og skólaakstur/gönguleiðir yrði með þeim hætti að hann hæfi börnum og öryggi þeirra sem best.
- að fjármagni verði varið til þess að byggja upp framúrskarandi skóla- og frístundastarf í norðanverðum Grafarvogi sem boði nýja tíma í skapandi og framsæknu starfi í anda menntastefnu Reykjavíkurborgar.

Samantekt athugasemda frá kynningarfundum í skólunum auk athugasemda sem hafa borist SFS vegna fyrirhugaðra breytinga.

Fimm kynningarfundir voru haldnir í skólunum með skólaráðum og stjórnnum foreldrafélaganna, foreldrum, öðrum forráðamönnum og starfsfólki. 16 tölvupóstar bárust skrifstofu SFS vegna fyrirhugaðra breytinga á skóla- og frístundastarfi í norðanverðum Grafarvogi og vegna starfa starfshóps sem skipaður var til að koma með tillögur til framtíðar. Einn tölvupóstur barst frá stjórn foreldrafélaganna, sjö frá foreldrum í Kelduskóla, sex frá foreldrum í Vættaskóla og tveir frá íbúum. Hér á eftir er samantekt yfir þau málefni sem brenna á þeim hagsmunaaðilum sem hafa látið í sér heyra:

- Áherslan á að vera á hagsmuni barnanna.
 - Tillagan ekki með hag yngri barna í fyrirrúmi.
 - Snýst um fjármál en ekki hagsmuni barna.
 - Tillagan á skjön við 3. gr. Barnasáttmála Sameinuðu þjóðanna.
 - Góðar og skynsamur breytingar fyrir börnin í hverfinu.
- Viðhorf til tillagna SFS mismunandi
 - Ánægja með Korpuskóla, lokun Korpu mótmælt.
 - Óánægja með tillögu og mótmæli gegn fyrirhuguðum breytingum .
 - Ánægja með tillögu og breytingum til hagræðingar fagnað.
 - Tillögum um unglingaskóla fagnað.
- Forsendur tillögunnar
 - Spurningarmerki sett við að tillagan auki við gæði náms og faglegt starf kennara.
 - Tölur sem hafa verið kynntar ekki taldar réttar og mikilvægum upplýsingum haldið frá.
 - Tillagan illa unnin, ekki tekið með hvað kostar að sameina skóla og bæta samgöngur.
 - Tímabundin fækkun í hverfinu, fyrirætlanir eru um að byggja fleiri íbúðir í Staðarhverfi.
 - Fleiri nemendur í hverjum árgangi talinn kostur.
 - Sterkari skólar – aukinn metnaður – jákvæð sjónarmið.
 - Teymisvinna talin betri í stærri skólum, það er ekkert sem segir að það sé endilega rétt.
 - Engjaskóli verði fyrir yngri börnin – strætó gengur beint úr Staðahverfi í Engi.
 - Af hverju á 7. bekkur að vera með í unglingaskóla?
 - Óskað eftir upplýsingum um niðurstöður úr samræmdum prófum, Skólapúlsi, viðhorfskönnunum foreldra og starfsmanna í Kelduskóla Korpu og Vík.
 - Nýta mannauð, húsnæði og fjármagn sem best í faglegt skóla- og frístundastarf í hverfinu.
 - Uppsagnir starfsfólks - starfsfólki sagt upp vegna breytinga, starfsfólk segir upp vegna breytinga.
- Forsendur skóla í Staðahverfi
 - Skólinn er hjartað í hverfinu
 - Of langt er fyrir yngstu börnin að sækja skóla í Vík eða Engi.
 - Staðahverfi átti upphaflega að vera golf hverfi, átti aldrei að vera skóli þar.
 - Foreldri valdi þetta hverfi út af litlum skóla.
 - Bótaréttur húseigenda í Staðahverfi á hendur borginni vegna forsendubrests ef Korpuskóla er lokað.
- Stefna borgarinnar, skipulagsmál og uppbygging
 - Tillagan á skjön við stefnu borgarinnar (vistvænar samgöngur, sjálfbær þróun).
 - Mikil endurnýjun í Engjahverfi og Staðahverfi og þarf að taka tillit til þess.
 - Möguleg uppbygging á íbúðahúsnæði í Staðahverfi.
 - Þarf að hugsa 30 ár fram í tímann, ekki bara 10 ár.

- Sameiningar og fyrri sameiningar
 - Fyrri sameiningar hafa ekki skilað árangri sem lagt var upp með.
 - Mikil ánægja með þann árangur sem fyrri sameiningar hafa leitt til.
 - Óskað eftir gögnum sem sýna áhrif fyrri sameiningar.
 - Sameiningar gera það að verkum að barnafólk forðar sér úr hverfunum.
 - Ekki staðið við aukið val eða samgöngubætur/umferðaröryggi í fyrri sameiningum.
- Frístundastarfið og skólarnir
 - Passa að huga að frístundastarfinu líka.
 - Meiri samvinna á milli skólanna og frístundastarfsins.
 - Aukið val og fjölbreyttari kennsluhættir.
 - Aukið félagaval, en félagsmiðstöð fyrir unglinga ekki endilega öflugri í einum skóla.
 - Aukið félagaval og fjölbreyttari starfsemi í frístundaheimilum
 - Huga að frístundastarfi fyrir 10-12 ára.
 - Ánægja með félagsmiðstöð, ánægja með það starf, m.a. sem forvörn.
- Umferðaröryggi, samgöngur og vegalengdir
 - Efla þarf umferðaröryggi bæði við Mosaveg og Víkurveg.
 - Vegalengdir miklar fyrir börnin.
 - Tryggja strætósamgöngur á milli svæða
 - Verður að vera skólabíll.
- Tímamörk
 - Starfshópurinn fær of stuttan tíma til að safna gögnum.
 - Spurningamerki við samsetningu starfshóps.
 - Óskað eftir að hinkra með ákvarðanir.
- Annað fyrirkomulag, en Korpu lokað
 - Hafa þessa 3 skóla, Engi, Borgum og Vík eftir skólastigum, þ.e.a.s, 1.- 4. bekkur yrði í Borgum, 5.- 7. bekkur í Vík og 8.- 10. bekkur í Engi.
 - Betra að sameina öll hverfin í einn skóla.
 - Breyta fyrirkomulagi í Kelduskóla þannig að t.d. eitt stig verði í Korpu og tvö stig í Vík.
 - Draga fyrri sameiningar til baka og hafa fjóra skóla.
 - Korpa verði fyrir yngsta stig og frístundastarfsemin nýti húsið.
 - Heildstæðir skólar fyrir 1.-10. bekk ákjósanlegri.
 - Selja Korpúlfsstaði og setja GR í Korpuskóla.
 - Hjallastefnan hefur sýnt áhuga á að reka skólann.

Eins og fram kemur í þessari samantekt eru ekki allir á einni skoðun og það sem sumir eru ánægðir með eru aðrir ósáttir með. Starfshópurinn hefur meðtekið þær athugasemdir sem hafa komið fram og tekið tillit til þeirra við upplýsingaöflun, greiningarvinnu og tillögugerðina með eftirfarandi hætti:

- Hagsmunir barna og unglinga eru í forgrunni við tillögugerðina.
- Lögð er áhersla á að verði breytingar gerðar á skóla- og frístundastarfi í norðanverðum Grafarvogi, muni þær standa til lengri tíma og alls ekki skemur en áratug eða þeim tíma sem samsvarar heilli grunnskólagöngu.
- Tölulegra upplýsinga um íbúabróun og þróun nemendafjölda var aflað og þær koma fram í töflum í skýrslunni og í viðauka 4-a. Lögð er áhersla á að 10 árgangar eru á grunnskólastigi.
- Kannaðar voru faglegar forsendur fyrir tillögum starfshópsins.
- Upplýsingar var aflað varðandi kostnað við skóla- og frístundastarf í norðanverðum Grafarvogi og nokkrum völdum hverfum í Reykjavík til samanburðar (sjá viðauka 4-c).



Skóla- og frístundasvið, Reykjavíkurborgar
b/t Helgi Grímsson

Reykjavík, 16. október 2019

Mál: Uppbyggingareitir í Grafarvogi. Skólahverfi og þétting byggðar

Vísað er til erindis sviðsstjóra skóla- og frístundasviðs, dagsett 27. júní 2019, sbr. bókun meirihlutafulltrúa í skóla- og frístundaráði þann 25. júní, þar sem óskað er eftir umsögn umhverfis- og skipulagssviðs um tillögur starfshóps um framtíðarskipulag skóla- og frístundastarfs í norðanverðum Grafarvogi. Í umræddri bókun er óskað eftir mati á “raunhæfni og fýsileika þess að ráðast í uppbyggingu á þróunarsvæðum í Staðahverfi” og mögulegri tímasetningu uppbyggingar, miðað við bindandi markmið gildandi aðalskipulags.

Eins og segir í eldri umsögn, dagsett 3. maí 2019, þá hefur möguleg uppbygging á þróunarsvæðum við Staðahverfi ekki enn hlotið formlega umfjöllun hjá umhverfis- og skipulagssviði. Það er hinsvegar eðlilegt að þessi uppbyggingarmöguleikar verði metnir og ræddir í boðaðri breytingu á aðalskipulagi, þar sem skoða á þéttingu íbúðarbyggðar til ársins 2040. Leiðarljós í þeirri breytingartillögu er leggja áherslu á þéttingu íbúðarbyggðar, annars vegar nálægt fyrirhugaðri Borgarlínu og hinsvegar nálægt öflugum atvinnukjörnum, sbr. einnig markmið gildandi aðalskipulags. Það er ljóst að fyrir liggja miklir möguleikar á að þetta íbúðarbyggð víða innan borgarinnar og þróunarreitir sem nú þegar hafa verið skilgreindir gætu jafnvel mætt íbúðarþörf fram til ársins 2050. Vegna þessa er mikilvægt að uppbyggingarsvæðum verði forgangsraðað mjög markvisst í fyrirhugaðri aðalskipulagsbreytingu, í samræmi við ofangreind megin markmið. Í takti við þetta yrði uppbygging á umræddum reitum við Víkurveg og Korpúlfsstaðaveg tæplega sett í forgang á næstu árum. Samkvæmt nýlegu samkomulagi um uppbyggingu samgönguinnviða á höfuðborgarsvæðinu, er gert ráð fyrir því að sá framkvæmdaáfangi Borgarlínu sem nær að Spönginni, verði í fyrsta lagi á dagskrá árið 2029. Á grundvelli þessa er ekki líklegt að ráðist yrði í verulega þéttingu í norðanverðum Grafarvogi fyrr en í kringum 2030.

Minniháttar þétting íbúðarbyggðar getur einnig verið mikilvæg til að viðhalda félagslegri sjálfbærni skólahverfa, vinna gegn “þynningu” vegna minnkandi fjölskyldustærða, lægri fæðingartíðni og breyttrar aldurssamsetningar. Slík þétting er ekki síst mikilvæg í Grafarvogi þar sem skólahverfin eru óvenju smá og er tækifæri til að skoða það í áformuðu hverfisskipulagi. Í tilviki Staðarhverfis, sem lang minnsta skólahverfið, þá er það ljóst að það þarf verulega mikla þéttingu til að tryggja sjálfbærni þess til lengri framtíðar.

Að öðru leyti er vísað til fyrri umsagnar, frá 3. maí sl.

Haraldur Sigurðsson

Hjálagt:

Umsögn umhverfis- og skipulagssviðs, dagsett, 3. maí 2019